

Vinnur með safn sem skúlptúr



Rithöfundur á slóð bókaþjófs



07|04

PÁSKATÓNLEIKAR SINFÓNINNAR

Hljómsveitarstjóri Nathanael Iselin  
Einleikar Geir Draugsvoll og  
Sigurgeir Agnarsson



Menning > 23

Lífið > 26

# FRÉTTABLAÐIÐ

67. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 6. APRÍL 2022



Líkum almennra borgara sem fundust í úkraínska bænum Bútsja var safnað saman og þau grafin í gær. Forseti Úkraínu ávarpaði öryggisráð Sameinuðu þjóðanna og sagði rússneska herinn hafa drepið heilu fjölskyldurnar og kallaði eftir að Rússar yrðu rekni úr ráðinu. Framkvæmdastjóri NATO varaði við því að þegar Rússar drægu herlið sitt til baka myndi meiri hryllingur koma í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Útgjöld til æðstu stjórnsýslu blésu út á þremur áratugum

Ríkisútgjöld aukast hratt og milli árána 2019 og 2021 fjölgaði opinberum starfsmönnum um sjö prósent á sama tíma og starfsfólki á almennum vinnumarkaði fækkaði um átta prósent.

**MARKAÐURINN** Stjórnarráðið blæs út og við myndun nýrrar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur var tilkynnt að ráðherrum yrði fjölgað í tólf. Síðar upplýstist að kostnaðurinn vegna breytinganna næmi að



**Prefalt fleiri starfa hjá forsætisráðuneytinu nú en fyrir 30 árum.**

minnsta kosti 1,8 milljörðum króna. Á 30 árum hefur fjöldi starfsmanna forsætisráðuneytisins meira en þrefaldast og frá 2010 hefur þeim

fjölgað um nær helming og eru þeir nú 51 talsins.

Um þessar mundir standa yfir framkvæmdir við sex þúsund fermetra skrifstofuhús Alþingis í Vonarstræti. Upphafleg kostnaðarætlun hljóðaði upp á 4,4 milljarða.

Einnig má líta til fyrirhugaðrar 1.200 fermetra viðbyggingar við gamla Stjórnarráðshúsið í Lækjargötu sem ætluð er fyrir forsætisráðuneytið.

Þetta kemur fram í úttekt í Markaðnum í dag. **SJÁ SIÐU 11**

## Ráðherrar sem ekki fylgja siðareglum meti stöðu sína segir forsætisráðherra

**STJÓRN MÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir að hver ráðherra eigi að gæta að því fyrir sig að fara að siðareglum ráðherra.

„Þegar ráðherra gerir það ekki þarf hann að meta stöðu sína, enda ábyrgð á störfum og háttsemi hjá honum sjálfum,“ segir í svari forsætisráðherra til Fréttablaðsins vegna máls Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra.

„Ráðherrar sitja í umboði þingflokka sinna og sem kjörnir fulltrúar í umboði kjösenda sinna. Þessir aðilar geta haft áhrif á setu þeirra, meti þeir atvik eða breytni svo að ekki sé lengur traust á störfum ráðherrans í hverju tilviki fyrir sig. Þá



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

getur þingið samþykkt vantrauststillögu á hendur einstaka ráðherrum eða á forsætisráðherra og ríkisstjórn hans,“ segir í svari Katrínar.

„Gerðar eru ríkari kröfur til ráðherra í ríkisstjórn en til annarra um háttsemi,“ segir forsætisráðherra.

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency gagnrýnir Katrínu vegna máls Sigurðar Inga. **SJÁ SIÐU 6**

2-3 DAGA AFHENDING

**Boozt**.COM

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

**MID SEASON SALE  
ALLT AÐ 50%**



Snjóframleiðsla nyrðra hefur gengið vel. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR ÞÓR

## Akureyri fær góða skíðapáska í ár

bth@frettabladid.is

**AKUREYRI** „Aðstæður eru mjög góðar, við höfum framleitt snjó síðustu tvær vikur til að tryggja svæðið fyrir páskana. Svo fengum við snjókomu í nótt sem bætti vel í það sem við höfðum náð að framleiða,“ segir Brynjar Helgi Ásgeirsson, forstöðumaður í Hlíðarfjalli.

Ef lægðir halda sér til hlés er búist við góðum skíðapáskum, jafnvel meira en 2.500 gestum á dag í Hlíðarfjall að sögn Brynjars.

Nýja stólalyftan sem opnuð var á dögnum breytir svæðinu heilmikið að sögn Brynjars. Með henni opnast Dalurinn en margir hafa veigrað sér við þeirri leið, því þeim þykir T-lyftan efst óþægileg.

„Nýja lyftan léttir líka á neðra svæðinu og tengir allt fjallið betur saman. Dalurinn er sennilega ein af skemmtilegri skíðaleiðum á Íslandi. Vanir skíðamenn líkja henni við leiðir í Ölpunum,“ segir Brynjar, klár í páskana. ■

## Húllumhæ í Hörpu



Opnunarviðburður Barnamenningarhátiðar fór fram í Eldborg í gærmorgun. Fjórðubekkingar úr Reykjavík voru viðstaddir. Þar stigu á svið JóiPé og Króli og fluttu lag hátíðarinnar sem ber nafnið Þriggja tíma brúðkaup, en það var samið upp úr hugmyndum barnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Enginn á gjörgæslu með Covid í gær

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Í gær var fyrsti dagurinn síðan 24. október þar sem enginn sjúklingur með Covid-19 lá á gjörgæsludeild Landspítala.

Það sem af er ári hafa mest legið átta sjúklingar með Covid á gjörgæslu og í heildina hafa innliggjandi sjúklingar með Covid mest verið 88 talsins á sjúkrahúsinu í einu á árinu.

Elisabet Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá Hagdeild Landspítala, segir mikilvægt að taka til athugunar að töluleg gögn séu tekin saman klukkan níu á hverjum morgni, tölurnar geti breyst hratt þegar líða tekur á daginn.

Frá því að fyrsta Covid-19 smit greindist hér á landi þann 28. febrúar 2020 hafa mest legið tólf sjúklingar með sjúkdóminn á gjörgæsludeild Landspítala.

Klukkan níu í gærmorgun var 31



Í gær var fyrsti dagurinn síðan 24. október þar sem enginn lá á gjörgæsludeild með Covid-19.

sjúklingur innliggjandi með Covid-19 á Landspítalanum og var meðalaldurinn 73 ár. Kona á sjötugsaldri með Covid-19 lést á spítalanum á mánudag.

Í þeirri bylgju sem nú gengur yfir hér á landi og hófst þann 30. júní á síðasta ári hafa 982 einstaklingar með Covid legið inni á Landspítala. Þar af hefur 81 einstaklingur legið á gjörgæslu með sjúkdóminn. Þrjátíu manns hafa látist í þessari bylgju. ■

## Leita húsnæðis fyrir eina af skrautfjöðrunum í bænum

Möguleiki er á að Gaflaraleikhúsið fari í nýjan tónlistarskóla í Hafnarfirði. Bærinn og forsvarsmenn leikhússins byrjuðu að tala saman um leið og Fjarðarpósturinn sagði frá því í liðinni viku að rífa ætti leikhúsið fyrir hótél.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Hafnar eru viðræður milli bæjaryfirvalda í Hafnarfirði og forsvarsmanna Gaflaraleikhússins. Fréttir um að rífa ætti Gaflaraleikhúsið vegna hótélbyggingar birtust í síðustu viku. Stóð því ein afskrautfjöðrum bæjarins uppi heimilislaus.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri segir að þegar hún hafi séð fréttirnar í Fjarðarpóstinum hafi hún og yfirlöngin í bænum farið að skoða möguleikana í stöðunni.

„Það eru ekki góðar fréttir að þetta góða leikhús sé að missa húsnæði. Þarna hefur verið gríðarlega öflug starfsemi undanfarin ár sem hefur verið mikið aðdráttarafli fyrir bæinn – enda vel sótt. Við höfum verið í góðu samstarfi við þau og stutt við starfsemi. Mér þykir einsýnt að við munum leggja áherslu á að aðstoða við að finna þeim nýtt húsnæði undir þessa mikilvægu menningarstarfsemi. Þetta er ein af skrautfjöðrum bæjarins,“ segir Rósa.

Bæjaryfirvöld hittu forsvarsmenn leikhússins á fundi á mánudag þar sem ýmsum möguleikum var velt upp. Meðal annars að leikhúsið rúmist í tónlistarskólanum en bærin undirbýr stækkun skólans.

„Hann þarf meira pláss og það er aukinn byggingarreitur við skólann. Það er verið að undirbúa skoðun á rýmisþörf og annað því við viljum að skólinn stækki og eflist og fleiri nemendur komist að,“ segir bæjarstjórnin.



Leikritið Biddu bara hefur verið sýnt fyrir fullu húsi síðustu mánuði í Gaflaraleikhúsinu sem nú á að rífa. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það er vinna farin af stað. Við förum strax í gang þegar þessar fréttir bást og ætlum að skoða þetta.



Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Að sögn Rósu kom sú hugmynd upp að kanna möguleika á að leikhúsið kæmist fyrir í nýja tónlistarskólanum og tengdist starfsemi þar.

„Það er vinna farin af stað. Við förum strax í gang þegar þessar fréttir bást og ætlum að skoða þetta. Ef þetta rúmast og fer vel saman þá tökum við það lengra, annars skoðum við aðrar leiðir,“ segir bæjarstjórnin.

Gaflaraleikhúsið hefur verið í Hafnarfirði frá 2011 og sýnt fjölda stórkostlegra sýninga á undanförunum áratug. Að hópnum standa Ágústa Skúladóttir, Björk Jakobsdóttir, Gunnar Helgason og Lárus Vilhjálmsson.

Leikhúsið hefur einnig séð um leiklistarkennslu í unglingsdeildum grunnskólanna í Hafnarfirði og kennir á annað hundrað nemendum ár hvert.

Björk segist bjartsýn á góðar niðurstöður með bænum. Hún er þó hugsi yfir litlu stöðunum sem hafa horfið á höfuðborgarsvæðinu – sérstaklega í Reykjavík.

„Við viljum vera áfram í Hafnarfirði. Þetta er lyftistöng ekki bara fyrir bæinn heldur líka fyrir sjálfstæðu senuna,“ segir Björk.

Að sögn Bjarkar hefur Reykjavík ekki passað upp á sín litlu leikhús. „Austurbær er orðið að eldfjallasafni, Gamla Bíó er orðið að skemmtistað, Iðnó er ekki lengur leikhús og Loftkastalinn var rifinn. Seltjarnarnes er farið og menntaskólar geta varla sýnt sínar sýningar nema í Hörpu eða Háskólabíói. Litlu staðirnir eru allir að fara,“ segir Björk Jakobsdóttir. ■

# Allt fyrir vorverkin

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla í 20 ár  
2002-2022

**3 + 3 = 8**

# MAGNAÐ DÆMI FRÁBÆR ÚTKOMA



**KAUPIR 3  
EN FÆRÐ 4**  
Dekk og felgur saman á tilboði

**EKKI LÁTA ÞETTA MAGNAÐA TILBOÐ FRAMHJÁ ÞÉR FARA.**

Tilboðið gildir af Pro Comp A/T Sport 33" og 35" og álfelgum saman.  
Hágæða amerísk lúxus heilsárs jeppadekk og vandaðar álfelgur.



# SPARAÐU NÚNA!

Gildir frá 4. apríl til og með 8. apríl 2022 á meðan birgðir endast.  
Samsetning ekki innifalin í verði.

Arctic Trucks á Íslandi | Kletthálsi 3 - 110 Reykjavík  
[www.arctictrucks.is](http://www.arctictrucks.is) | [info@arctictrucks.is](mailto:info@arctictrucks.is) | Sími 540-4900

# Þýskur biskup segir áhyggjur norrænu biskupanna óþarfar

kristinnhaukur@frettabladid.is

**TRÚMÁL** Georg Bätzing, formaður Biskupasambands kaþólsku kirkjunnar í Þýskalandi, hefur svarað hinum norrænu biskupum sem lýstu nýverð áhyggjum af vegferð þýsku kirkjunnar. Hafnar hann því að þýska kirkjan sé að klofna frá hinum kaþólska heimi.

Fréttablaðið greindi um miðjan marsmánuð frá bréfi norrænu biskupanna, þar á meðal núverandi og

fyrirverandi biskupa Reykjavíkur, David Tencer og Peter Burcher. Lýstu þeir áhyggjum af umræðu og ályktunum þýskra ráðstefnuþinga um auknið frjálshyndi, svo sem að heimila konum að verða prestar, giftingar samkynhneigðra og að afnema skírtilfiskrófu presta.

Í bréfi þann 28. mars segir Bätzing að ályktanir ráðstefnuþinganna feli ekki í sér klofning. Vandlega verði skoðað hvað hægt sé að gera heima í Þýskalandi og hvað



**Eru þýskir kaþólikkar nú að reyna að finna nýjar leiðir til að iðka trú sína.**

Georg Bätzing, formaður Biskupasambands kaþólsku kirkjunnar í Þýskalandi

sé þess edlis að kaþólska kirkjan í heild sinni verði að ræða það. Ráðstefnuþingaferlið hófst árið 2019, eftir að upp komst um fjölda kynferðisbrota þýskra presta gegn börnum.

Ferlinu á að ljúka á næsta ári. Bätzing sagðist skilja áhyggjur hinna norrænu biskupa en sagði að þær væru ekki í samræmi við raunveruleikann. Þýska kirkjan væri hins vegar að leita leiða til að takast á við fortíð sína.

„Eftir hrikalega og skammarlega misnotkun sem átt hefur sér stað innan kirkjunnar og tilraunir til þess að fela hana eru þýskir kaþólikkar nú að reyna að finna nýjar leiðir til þess að iðka sína trú án þess að glata guðfræðilegum rökstuðningi,” segir hann í bréfinu.

Bendir hann á að kirkjureglur hafi margsinnis breyst í gegnum tíðina, vegna aðstæðna í sínum samtíma, og þær séu langt því frá að vera óbreytanlegar. ■



Tæplega 860 milljónir manna í heiminum eru vannærðar. MYND/UNICEF

## Sextán þúsundir sultu til bana í gær

birnadrofn@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Tæplega 860 milljónir manna í heiminum eru vannærðar og í gær létu yfir 16 þúsund manns lífið úr hungri, samkvæmt vefsíðunni Worldometer sem haldið er úti af alþjóðlegu teymi hönnuða, vísindamanna og sjálfbodaða.

Þá hafa samkvæmt sömu heimild yfir 783 milljónir manna í heiminum engan aðgang að hreinu drykkjarvatni og um 218 þúsund manna hafa látist af völdum sjúkdóma sem rekja má til óhreins drykkjarvatns þáð sem af er þessu ári.

Í gær vörðu Bandaríkjamenn meira en hálfum milljarði Bandaríkjadala í heilbrigðisþjónustu tengda lífsstílssjúkdómum og offitu. Yfir 806 þúsund manns í heiminum glíma við offitu og yfir 1,7 milljarðar manna eru í yfirvigt. ■

### LEIÐRÉTTING

Í blaði gær dagsins var ranglega sagt að Atlantshafsbandalagið hefði óbeint haft frumkvæði að hægagnaflygi Íslands til Póllands. Bandalagið er ekki aðili að fluginu á neinn hátt.

# Vill að Reykjavík verði spilakassalaus

Borgarfulltrúi Sósíalista-flokksins segist ætla að fylgja eftir tillögu um að borgin beiti sér gegn spilakössum. Formaður Samtaka áhuga-fólks um spilafíkn segir spilakassa skaðlega og ekki passa inn í fjölskylduvænt samfélag.

birnadrofn@frettabladid.is

**REYKJAVÍK** Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalista-flokksins, segist ætla að fylgja eftir tillögu sinni um að Reykjavíkurborg beiti sér gegn spilakössum. Í tillögunni felst að Reykjavíkurborg samþykki að gera allt sem í hennar valdi standi til að engir spilakassar verði reknir í borgarlandinu.

Lagt er til að borgin nýti allar þær aðferðir sem hægt er til að koma spilakössunum úr borginni og þrýsti á ríkið að koma á nauðsynlegum breytingum til að stöðva rekstur þeirra.

Tillagan var lögð fyrir borgarstjórn í upphafi síðasta mánaðar en var þá frestað. Hún var aftur lögð fram á fundi borgarstjórnar þann 15. mars þar sem samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Sanna segist ánægð með að tillögunni hafi verið vísað til borgarráðs en hún hefði þó helst kosið að tillagan yrði samþykkt í borgarstjórn. Þá segir hún það vel gerlegt að borgin verði spilakassalaus.

„Það er allveg hægt ef viljinn er fyrir hendi. Það eru margar leiðir og þó að ekki verði að löggjöf þess efnis þá getum við vel sagt sem sveitarfélag að þetta sé eitthvað sem við viljum ekki,” segir Sanna.

„Ég bara bið spennt eftir niðurstöðu borgarráðs og sé hvað verður en ég mun halda þeim við efnið,” segir Sanna.



Sanna Magdalena Mörtudóttir borgarfulltrúi leggur til að borgin nýti allar þær aðferðir sem hægt er til að koma spilakössunum úr borginni og þrýsti á ríkið að stöðva rekstur þeirra.



Sanna Magdalena Mörtudóttir, borgarfulltrúi Sósíalista-flokksins



Alma Hafsteins, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn

Alma Hafsteins, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn (SÁS), segir mikilvægt að allir séu meðvitadír um skaðsemi spilakassa og að á bak við þær upphæðir sem safnist með spilakössum sé að mestu leyti fólk sem ekki vilji spila í kössunum heldur sé haldið spilafíkn og geti ekki hætt.

„Hvernig er annað hægt en að taka afstöðu um að vera með spilakassalaust sveitarfélag ef þeir sem hafa valdið til að ákveða það eru ekki tilbúnir til að förna sínum ást-

vinum í þessa svokölluð fjáröflun,” spyr Alma.

„Það gera allir sér grein fyrir að það þarf að förna einhverjum og af hverju erum við tilbúnir að förna öðrum en ekki okkar ástvinum?” bætir hún við.

Alma segir Reykjavíkurborg til að mynda vel geta litið til Garðabæjar sem sé spilakassalaust sveitarfélag. Í Reykjavík séu um 500 spilakassar, það sé mikill meirihluti spilakassa landsins. Mikill fjöldi þeirra sé í grennd við leik-, grunn- og menntaskóla ásamt

tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi. „Það blasir við að spilakassar er nú ekki mjög fjölskylduvænar og passa alls ekki við heilbriggt og fjölskylduvænt samfélag,” segir Alma.

Þá segir Alma niðurstöður starfshóps Háskóla Íslands (HÍ) taka af allan vafa um skaðsemi spilakassa og vísar þar til skýrslu starfshóps háskólans um álitaefni tengd tekjuöflun Happraetis Háskóla Íslands (HHÍ) sem gefin var út á síðasta ári.

Í skýrslunni segir meðal annars að „ámælisvert væri að beita ekki öllum tiltækum ráðum til þess að tryggja ábyrga spilun [í spilakössum] og grípa tafarlaust til slíkra aðgerða.”

Alma segir að þrátt fyrir niðurstöðu skýrslunnar hafi ekkert verið aðhafst. „Ég er ansi hrædd um að ef ástvinur einhverra stjórnenda HÍ eða HHÍ ætti í hlut værum búnir að sjá aðgerðir en svo er því miður ekki,” segir hún. ■

## Borgarstjórinn í Berlín er harðlega gagnrýndur fyrir rússneska bílalest

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÞÝSKALAND** Franziska Giffey, borgarstjóri Berlínar, liggur undir harðri gagnrýni fyrir að hafa leyft mótmæli rússneskra innflytjenda. Um 400 bílar keyrðu borgarendanna á milli á sunnudag, margir með rússneska fána og skilaboð til stuðnings stríðinu á bilum sínum.

„Í guðanna bænnum, hvernig gast þú leyft þessari skammarlegu skruðgöngu að eiga sér stað í miðri Berlín?” spurði Andrij Melnijk, sendiherra Úkraínu í Þýskalandi, Giffey. „Meira að segja á deginum sem fjöldamorð óbreyttra borgara í Bütsja koma í ljós.”

Skipuleggjandi mótmælanna, Christian Freier, flutti frá Rússlandi til Þýskalands fyrir 20 árum.



Mörgum blöskraði bílalestin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hann sagðist vera á móti stríðinu og mótmælin væru gegn ofsóknum gegn Rússum í Þýskalandi síðan það hófst. Sagði hann að verið væri að nota skólana til að ljúga um Rússa

og stríðið. Sjálfur keyrði hann um með málaða Davíðsstjórn á sínum bíl og á hann skrifað: „Verðum við næst?”

Fjöldi mótmælenda söng rússnesk ættjarðarlög og sumir bílar voru merktir með Z, stuðningsmerki innrásar Rússa inn í Úkraínu.

Þar sem mótmælin voru lögleg fylgdi lögregla þeim til varnar. Það sama gilti ekki um þá sem mættu til að mótmæla bílaröðinni. Þeir voru stöðvaðir af lögreglu og gætu átt málsókn yfir höfði sér.

Ýmsir stjórnálmenn hafa gagnrýnt Giffey fyrir að hafa heimilað þetta. Þar á meðal Herbert Reul, innanríkisráðgjafi Norður-Rínar-Vestfalíu. „Ég skil ekki hvernig einhver getur stutt stríðsglæpamenn á þennan hátt,” sagði hann. ■

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLISKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

**Þessu vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433**  
**Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is**

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

Sími: 561 1433

www.bjornsbakari.is

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

**Parki**  
INTERIORS

# Parket

Parki býður hágæða gólfefni frá þekktum alþjóðlegum birgjum.

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspolnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.



**Parki**  
INTERIORS

**Dalvegi 10-14**  
201 Kópavogi  
595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**  
facebook.com/Parki.interiors



**parki.is**



# Sakar Katrínu um linkind í hneykslismálum

Að forsætisráðherra hafi ekki farið fram á afsögn Sigurðar Inga hefur skapað draumaveröld fúsks og rasisma að mati Íslandsdeildar Transparency. Mörg ráðherrahneyksli hafa komið upp í forsætisráðherra-tíð Katrínar.

bth@frettabladid.is

**STJÓRN MÁL** Allmörg hneyksli hafa komið upp í ráðherrahópnum á vakt Katrínar Jakobsdóttur síðan hún varð forsætisráðherra árið 2017. Hún hefur notið mikilli vinsælda í embætti en framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency gagnrýnir hana harðlega vegna linkindar í viðbrögðum við máli Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra. Stjórn málafræðingar segja að Katrín leggi ofuráherslu á að starfa með Sjálfstæðismönnum og Framsóknarflokki.

Þyrluferð Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur, vinkonuhittingur Þórdísar Kolbrún Reykfjörð í heimsfaraldri og samkomutakmörkunum, málhöfðun Lilju Alfreðsdóttur sem stefndi konu fyrir að hafa verið talin hæfust í embætti og Ásmundarsalarmál Bjarna Benediktssonar eru dæmi um ráðherrahneyksli sem hefur lyktað án beinna afleiðinga, hvað þá stöðumissis þeirra sem í hlut eiga. Hins vegar tók Sigríður Andersen pokann sinn sem dómsmálaráðherra eftir dóm MDE og er síðan fallin af þingi. Ekki er talið að Katrín hafi í hennar tilviki sett fram kröfu.

Þegar mál Bjarna Benediktssonar kom upp á þorláksmessu árið 2020 sagði Katrín í samtali við RÚV: „Ég geri ekki kröfu um afsögn, nei, en auðvitað er þetta mál sem skadar traustið á milli stjórnarflokkanna í þeim stóru verkefnum sem við stöndum í og auðvitað hef ég áhyggjur af því.“

Katrín mun ekki heldur gera kröfu nú um að Sigurður Ingi stigi til hliðar. „Það liggur algerlega fyrir að þau ummæli sem vitnað er til voru óásættanleg,“ sagði Katrín á Alþingi



Það brýtur á Katrínu Jakobsdóttur þessa dagana vegna rasískra ummæla ráðherra í ríkisstjórn hennar. Katrín gengur mjög langt í að halda í óbreytt stjórnarmynstur, að mati stjórn málafræðings.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Sigurður Ingi berst í bókum þessa dagana vegna ummæla sinna.



**Hún siglir milli skers og báru en á sama tíma er þetta það sem fólk gagnrýnir hana helst fyrir.**



Eiríkur Bergmann, stjórn málafræðingur



Halldóra Mogensen, þingmaður Pírata



Stefanía Óskarsdóttir, stjórn málafræðingur



Atli Þór Fanndal, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Transparency

Stefanía Óskarsdóttir stjórn málafræðingur bendir á að forsætisráðherra sé ekki yfirmaður ráðherra annarra flokka í ríkisstjórninni, þótt Katrín sé í forsvari.

„Þegar kallað er eftir afsögn ráðherra þá strandar alltaf á því sama, vandinn liggur í því að við erum með samsteyrustjórnir, valdið liggur hjá þingflokkunum sem mynda ríkisstjórn. Ef Katrín kallar eftir afsögn er hún að kalla eftir stjórnarslitum. Það er ekki nema ef þingflokkur Framsóknar setti Sigurð Inga af sem þetta gæti orðið. En hann er nýbúinn að fá endurkosningu sem formaður,“ segir Stefanía.

Hún bendir á að þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson varð að segja af sér vegna Panamaskjalanna hafi skapað pressa frá samstarfsflokknum en ekki síst hafi það verið þingflokkur ráðherrans sem setti Sigmund af og Sigurður Ingi tók við sem formaður Framsóknarflokksins.

Eiríkur Bergmann stjórn málafræðingur segir að Katrín hafi alltaf verið varfærinn stjórn málafræðingur og alltaf sýnt hófstíllt viðbrögð við uppkomum. Það sé einn helsti styrkur hennar.

„Þetta er ein meginástæða þess að hún reis upp og varð forsætisráðherra. Hún siglir milli skers og báru en á sama tíma er þetta það sem fólk gagnrýnir hana helst fyrir, að hún sé ekki nógu afgerandi, taki ekki af skarið þegar upp koma erfið mál,“ segir Eiríkur.

Hann segir að Katrín sé pragmatískur stjórn málafræðingur sem viti að ríkisstjórnin lifi ekki nema í góðu samstarfi við hina stjórnarflokkana. Þess vegna gefi hún Bjarna og Sigurði Inga mjög lausan tauminn. „Jafnvel þótt hún sé forsætisráðherra virðist hún ekki líta svo á sem hún hafi agavald yfir ráðherrum samstarfsflokkanna.“

Hvort túlka megi afstöðu Katrínar til þess að hún leggi of mikla áherslu á að hanga á völdum, segir Eiríkur ekki vilja orða það þannig.

„En henni er mjög í mun að halda þessari stjórn við völd – með þessari samsetningu, það hefur hún sýnt allan tímann. Hún hefur ekki sýnt að henni hugnist betur aðrir kostir og hún mun ganga mjög langt til að vernda þetta stjórnarmynstur.“

**Þer það merki þess að henni finnist minnihlutaflokkarnir ekki stjórntækir?**

„Hún gæti talið flokkana í minnihlutunum óstöðugri en núverandi samstarfsflokka. En svo held ég að hún telji sig hreinlega eiga meiri málefnalega samleið með Framsókn og Sjálfstæðisflokknum í mörgum mikilvægum málum.“ ■

LÖNG HELGI Í PRAG

Á SUMARDAGINN FYRSTA

Komdu með í langa helgarferð til Prag, undir fararstjórn Helgu Thorberg.

Prag, borg hinna 100 turna, var lengi sem falinn gimsteinn þegar leiðir lágu frekar til stórborga Vestur-Evrópu. En nú til dags er Prag með blómlegustu og vinsælustu ferðamannaborgum Evrópu.

Prag er einnig þekkt fyrir mat og drykk og úrval veitingastaða sem bjóða upp á þjóðlegan sem og alþjóðlegan mat. Brugg húsin í Prag eru nú 35, sum ný en önnur sem byggja á eldri grunni.

Fararstjóri  
Helga Thorberg

21. – 25. APRÍL

VERÐ FRÁ 134.700 KR.

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ Í VERÐI:

BEINT FLUG FRAM OG TIL BAKA, INNRIÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR, ÚRVAL 3 OG 4 STJÓRN HÓTELA MEÐ MORGUNMAT, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, AKSTUR TIL OG FRÁ FLUGVELLI

WWW.UU.IS

HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓPAVOGUR

SÍMI 585-4000

INFO@UU.IS

í fyrradag. „... en við verðum líka að geta tekið því þegar fólk biðst afsökunar eins og hæstvitur innviðaráðherra hefur gert með mjög skýrum hætti.“

Í síðasta áramótaávarpi sínu sagði Katrín: „Það er óþægilegt að vakna við það þegar jörð skelfur, enda sækjum við festu okkar í sjálfa jörðina.“ Þá ræddi hún náttúruhamfarir. Nú telja þingmenn stjórnarandstöðu að jörð hafi skolfið í síðferðislegu og pólitísku tilliti vegna rasískra ummæla Sigurðar Inga um litarhaft Vigdísar Häsler. Katrín hefur fengið á baukinn úr röðum minnihlutans að gera ekki kröfu um að Sigurður Ingi innviðaráðherra verði settur til hliðar.

Atli Þór Fanndal hjá Transparency samtökunum, sem berjast gegn spillingu, segir að Katrín hefði átt að þrýsta á afsögn Sigurðar Inga.

„Það er ofboðslega sorglegt að horfa upp á að pólitískt framlag Katrínar sé að nýta það traust sem hefur verið borið til hennar sem fjarvístarsönnun fyrir fúska og spillingu, að hún verji hegðun sem er ekki réttlætunleg,“ segir Atli.

Hann segir að kerfislægur rasismi viðgangist á Íslandi en sé álitinn svo léttvægur að jafnvel ráðherrar geti misstigið sig í galsanum.

„Sigurður Ingi getur ekki setið áfram,“ segir Atli. „Ef þetta á að þykja í lagi hefur þessi ríkisstjórn skapað draumaveröld fúska og rasista,“ segir Atli sem kallar Katrínu til ábyrgðar.

# AFMÆLISTILBOÐ

## HARÐPARKET

Síðustu dagar  
Ekki missa af þessu!

**20-50%**  
AFSLÁTTUR

Verð frá **1.498 kr/m<sup>2</sup>**  
8mm harðparket

SENDUM UM  
LAND ALLT!  
[www.murbudin.is](http://www.murbudin.is)

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla í **20** ár  
2002 - 2022

## Segja að tveggja stafa verðbólga sé ólíkleg

Verðbólgan mælist nú 6,7 prósent og hefur hún ekki mælst meiri í 12 ár. Búist er við að hún verði meiri á komandi misserum. Sérfræðingar á fjármálamarkaði sem Markaðurinn ræddi við segja þó ólíklegt að hún fari í tveggja stafa tölu.

magdalena@frettabladid.is

Konráð S. Guðjónsson, aðalhaf-fræðingur sjóðastýringarfyrritækisins Stefnis, segir að hann telji ólíklegt að verðbólgan fari í tveggja stafa tölu. Verðbólgan muni þó vera mikil á komandi mánuðum. „Það er auðvitað aldrei hægt að segja aldrei en ég tel það vera ólíklegt að við munum sjá hana fara í tveggja stafa tölu á næstunni,“ segir Konráð og bætir við að til þess að svo yrði þyrftu að vera mjög miklar hækkanir milli mánaða.

„Húsnæðisverð þyrfti að hækka áfram mjög hratt en staðan er sú að vextir fara hækkanði og þar sem verð er búið að hækka mikið umfram tekjur þá býst ég við að það fari að hægja á húsnæðisliðnum og hann er það stór liður í vísitölunni að þegar hann fer að snúast þá þurfa hinir liðirnir að hækka mun meira en núna til að ná upp í tveggja stafa tölu.“



Verðbólgan mælist nú 6,7 prósent og hefur ekki verið mælst meiri síðan í maí 2010.



Það er auðvitað aldrei hægt að segja aldrei en ég tel það vera ólíklegt að við munum sjá verðbólguna fara í tveggja stafa tölu á næstunni.



Konráð S. Guðjónsson, aðalhaf-fræðingur sjóðastýringarfyrritækisins Stefnis

Valdimar Ármann, forstöðumaður eignastýringar hjá Arctica Finance, segir að líkurnar á því að verðbólgan fari í tveggja stafa tölu hafi aukist en þó búist hann ekki við að það verði endilega raunin. „Það er óhætt að segja að áhættan hefur aukist en það þarf ekki að þýða að verðbólgan fari þangað. Þegar hrávörur hækka svo mikið í verði þá hefur það oft þau áhrif að það dregur úr öðrum umsvifum og það hefur þau áhrif að það slakni á hagkerfinu þegar horft er til framtíðar.“

Valdimar segir að þó svo hann telji ekki líklegt að verðbólgan skjótist hátt upp úr þessu séu líkur á að hún hækki eitthvað og verði þrálátari en ella.

„Það er alltaf eitthvað sem tekur

### Verðbólguhorfur erlendis til skamms tíma verri en hér

Valdimar Ármann segir að verðbólguhorfur til skamms tíma séu verri í Bandaríkjunum og á meginlandi Evrópu en hér á landi.

„Það er einfaldlega vegna þess að hrávörur og sérstaklega olían hefur verið að hækka og hún er stærri hluti af neyslukörfu heimilanna úti. Þess vegna eru verðbólguhorfur til skamms tíma verri erlendis en hér á landi.“

Konráð segir að búast megi við að verðbólgan í Bandaríkjunum og Evrópu fari enn hærra en hún hefur hingað til gert. Verðbólgan í Bandaríkjunum mælist nú rétt tæplega 8 prósent og um 7,5 prósent á evrusvæðinu, þar með talið í Þýskalandi.

„Þessi lönd, eins og Þýskaland, eru háðari jarðefnaeldsneyti en við. Það verður að taka tillit til þess að við erum bara komin með eina verðbólguáætlun eftir stríð og takturinn hefur verið vaxandi. Við eigum því í raun eftir að sjá áhrifin af stríðinu. Það kæmi mér þess vegna ekkert á óvart ef við myndum sjá meiri verðbólgu erlendis á næstu mánuðum.“

við. Það eru vonandi líkur á að húsnæðisverð hætti að hækka eins mikið og það hefur gert og þess vegna sé sá kúfur búinn, en við eigum samt eftir að sjá hvernig hækkanir á hrávöru hafa áhrif á byggingarkostnað. Þá verður mögulega olíuverðshækkunin tímabundin en það er ekki alveg einsýnt með það. Það er spurning hvað tekur við næst. Hér á Íslandi hefur krónan verið að halda aftur af verðbólgu og útlit fyrir að ef krónan heldur áfram að styrkjast þá hafi það dempanði áhrif á verðbólguna næstu misserin en það fer mikið eftir því hvort ferðabjónustan taki við sér eins og bókanir gefa til kynna. Þá gæti innstreymi af gjaldmiðlum orðið jákvætt.“

Konráð segir að verðbólgan gæti

orðið treg að fara niður í markmið. „Ef maður tekur mið af stöðunni innanlands þá er hagvöxtur mikill og það stýttist í það að það verði skortur á starfsfólki. Kjarasamningar eru að losna og allt þetta myndar mikinn eftirspurnarþrýsting. Það er mikil hreyfing á öllum viðskiptum og hrávörum úti í heimi. Þetta gæti viðhaldið verðbólguþrýstingi lengra fram í tímann heldur en bara allra næstu mánuði eins og sumir búast við.“

Konráð segir það vera vonarglætu að nýjustu verðbólguáætlun gefi til kynna að verðbólgan sé minni en væntingar hafi gert ráð fyrir. „Það hafa verið væntingar um mikla verðbólgu. Þannig að það er huggun harmi gegn að hún hafi verið í neðri kantinum á vænt-



Þetta er flókið og snúið varðandi íslensku verðbólguna.



Valdimar Ármann, forstöðumaður eignastýringar hjá Arctica Finance

ingum en maður sér verðbólguna ekki hjaðna á næstunni og við eigum líklega enn eftir að sjá toppinn. Hversu mikil hækkanir verður til skemmri tíma fer eftir því hversu mikið og hvort það muni hægja á húsnæðisverðshækkunum og hver áhrif hrávöruverðshækkana verða.“

Valdimar segir að erfitt sé að spá fyrir um hver þróunin verði en hann hafi áhyggjur af mögulegri matvælaferðbólgu.

„Þetta er flókið og snúið varðandi íslensku verðbólguna. Við erum að sjá fyrstu afleiðingarnar af hrávöruverðshækkunum erlendis koma í gegnum hækkanir bensínverð. Síðan virðist sem olíuverð sé að lækka erlendis sem gefur einhvern smá slaka að minnsta kosti til skemmri tíma. Það sem maður

hefur áhyggjur af í framhaldinu er möguleg matvælaferðbólga hér á landi vegna skorts út af stríðinu.“

Valdimar bætir við að það blasi við að kjarasamningarnir sem losna seint á þessu ári geti orðið mjög flóknir úrlausnar. „Það þarf að eiga sér stað samtal milli seðlabanka, verkalýðshreyfingar og stjórnvalda til þess að við getum haldið vaxtastigi og verðbólgu á þeim stað sem við viljum hafa hana til lengri tíma. Ég held að það sé flókið úrlausnarefni fram undan og það er mikilvægt að samtalið eigi sér stað.“

Konráð bætir við að það sé ýmislegt sem bendir til þess að staðan erlendis sé tvísýn og að verðbólgan þar gæti orðið þrálát líkt og hér. „Ef við skoðum verðbólgu á evrusvæðinu þá er hún ekki nema 3,4 prósent án orkukostnaðar sem er tiltölulega nálægt verðbólgu markmiði. Við eigum eftir að sjá orkukostnað seytla út í annað verðlag þannig við verðum þó aðeins að bíða og sjá. Annað sem bendir til að undirliggjandi verðbólguþrýstingur sé mikill er að launakostnaður á vinnustund var að hækka um 5,6 prósent milli ára í mars í Bandaríkjunum, sem er mun meira en á síðustu árum. Það var ákveðin skekkja sem myndaðist í Covid og það stefnir í vinnu-aflsskort sem mun ýta undir launahækkanir. Það er ekki alveg það sama uppi á teningnum í Evrópu en það er spurning hversu mikill þrýstingur frá launahækkunum og hrávöruverði mun hafa áhrif á verðlag fram í tímann.“ ■



## FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

- UPPLIFUN Í ÖSKJU

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín



# Verið velkomin í skýið hjá dk

## Eitt vinsælasta bókhalds- og sölukerfið

Bókhald í áskrift hefur aldrei verið einfaldara og þægilegra en með dk viðskipta-hugbúnaði. Með dk færðu betri yfirsýn og getur tekið upplýstar ákvarðanir byggðar á rauntímagögnum. Yfir 7.000 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag. Það gerir dk að einu stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Lítil sem stór fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk og nýta sér þannig fjölbreytta þjónustu þess í hugbúnaðar- og hýsingarlausnum. Bókhaldskerfi, birgðakerfi, innkaupakerfi, sölukerfi, sjálfsafgreiðsla, rafrænar lausnir ásamt tengingum við banka og opinbera aðila hérlandis. Hafið samband við okkur og fáid kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir ykkar fyrirtæki.



dk hugbúnaður  
Viðskiptalausnir í áskrift

510 5800 | dk@dk.is | dk.is  
Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi  
Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri

# Segir að við séum á allt öðrum leikvelli nú

Sjóðsstjóri hjá Íslandssjóðum segir að mikið tækifæri sé fólgið í því að auka erlent eignarhald í innlendum félögum. Það að FTSE Russel hafi ákveðið að færa íslenska hlutabréfamarkaðinn upp í flokk nýmarkaðsriksja geri það að verkum að við séum á allt öðrum leikvelli.

magdalena@frettabladid.is

Tilkynnt var um það á föstudaginn að alþjóðlega vísitölufyrirtækið FTSE Russell hefði ákveðið að færa íslenska hlutabréfamarkaðinn upp í flokk nýmarkaðsriksja en sú breyting tekur gildi þann 19. september næstkomandi. Bundnar eru vonir við að uppfærslan muni greiða fyrir innflæði erlends fjármagns á innlenda markaðinn.

Gísli Halldórsson, sjóðsstjóri hjá Íslandssjóðum, segir þetta vera jákvæðar fréttir fyrir íslenska markaðinn en að það eigi eftir að skýrast hversu jákvæðar. Það sé mikið tækifæri fólgið í því að auka erlent eignarhald á innlendum félögum.

„Erlent eignarhald á hlutabréfum á heimsvísu er að jafnaði í kringum 50 prósent. Í Danmörku og Þýskalandi rúmlega 50 prósent, tæplega 70 prósent í Bretlandi og um 40 prósent í Noregi og Bandaríkjunum, svo dæmi séu tekin. Sé horft á lista yfir 20 stærstu hluthafa í öllum félögum að Marel undanskildu, en þessir listar yfir 20 stærstu eru að jafnaði um 80 prósent af hlutafé hvers félags, má sjá að erlent eignarhald er um 36 milljarðar í dag eða undir 2 prósentum af markaðsvirði kauphallarinnar. Af þessari fjárhæð eru um 30 milljarðar í Íslandsbanka og Icelandair og í langflestum félögum er enginn erlendum hluthafi meðal 20 stærstu hluthafa.“

Erlendum eigendum á íslenska markaðnum fjölgaði töluvert á árunum 2015-2017 en í aðdraganda



Gísli segir að það sé stórt skref að íslenski hlutabréfamarkaðurinn verði færður upp í flokk nýmarkaðsriksja.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Við eigum að setja markið hátt þegar kemur að því að auka erlent eignarhald í innlendum félögum.



Gísli Halldórsson, sjóðsstjóri hjá Íslandssjóðum

og í kjölfar Covid fóru þeir meira og minna allir út.“

Gísli segir að við eigum að setja markið hátt þegar kemur að því að auka erlent eignarhald í innlendum félögum. „Það er mikilvægt að auka erlent eignarhald, með því koma annars konar fjárfestar að borðinu með önnur sjónarmið sem bæta verðmyndun og jafnvel rekstur félaganna. Í því samhengi væri æskilegt að koma því í 20-25 prósent. Ef við skoðum söguna þá hefur verið erfitt fyrir erlenda aðila að kaupa í félögum hér á landi því ferlið hefur verið flókið og hindranir margar. Aðgengið hefur einfaldlega verið minna en maður hefði óskað sér.“

Gísli segir jafnframt að hann bindi vonir við að það að innlendi markaðurinn verði færður upp í flokk nýmarkaðsriksja muni hafa jákvæð áhrif á markaðinn og búist sé við innflæði upp á tugi milljarða króna frá erlendum sjóðum sem



Alþjóðlega vísitölufyrirtækið FTSE Russel hefur ákveðið að færa íslenska hlutabréfamarkaðinn upp í flokk nýmarkaðsriksja.

haga fjárfestingum sínum í samræmi við vísitölur FTSE Russell.

„Við gætum verið að horfa á allt að 50 milljarða frá hlutlausum sjóðum. Til að setja það í samhengi, og horfum fram hjá Marel, þá mun sú tala tvöfalda erlent eignarhald á fyrirtækjum á innlenda markaðnum. Þannig að þetta skiptir heilmiklu máli. Þar fyrir utan erum við svo að komast á kortið hjá mun stærra mengi, óvissan liggur í því hvernig sjóðir í virkri stýringu bregðast við þessari breytingu á flokkun.“

Gísli bætir við að það hafi verið stórt skref þegar íslenski markaðurinn komst inn í vísitölumengi MSCI og FTSE Frontier en það sé enn stærra skref að vera færður upp í flokk nýmarkaðsriksja. „Við erum bara á allt öðrum leikvelli. Umfangið er hið minnsta hundrafalt meira. Maður vonar auðvitað að þetta verði fyrsta skrefið í áttina að því að koma okkur á kortið.“ ■

## Alltaf ný og stór verkefni sem koma upp

### ■ Svipmynd

Jóhann Möller

Nám: B.S. í viðskiptafræði frá HÍ.

**Störf:** Hef unnið nokkur störf innan samstæðu Arion, byrjaði í lífeyris- og verðbréfaráðgjöf 2001, fór þaðan í skamma stund í Arion verðbréfavörslu áður en ég hóf störf í sjóðastýringu hjá Stefni þar sem ég hef gegnt störfum frá sérfræðingi upp í það að vera framkvæmdastjóri í dag.

**Fjölskylduhagir:** Giftur Guðrúnu Drífu Hólmgeirsdóttur, fjármála- stjóra hjá Ó. Johnson & Kaaber – ÍSAM ehf. Við eigum tvö börn; Kristján Lúðvík Möller, 14 ára og Tinnu Maríu Möller, 10 ára.

Jóhann Möller er framkvæmdastjóri sjóðastýringarfyrirtækisins Stefni. Hann segir að síðustu 15 ár á verðbréfamörkuðum hafi verið eitt stórt krefjandi verkefni.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Á veturna eru það svigskíðin, vorin fjallaskíðin og sumarið og haustið fara í golfið. Þessi áhugamál radast fullkomlega upp eftir veðurfari.

*Hvernig er morgunrúttin þín?*

Vakna klukkan sjö, tek fyrsta kaffibolla dagins, les alla helstu innlendu fréttamiðlana og renni yfir CNBC og Bloomberg appið. Svo er það hefðbundið, velja krakkana



Jóhann Möller segir að Róm og New York séu skemmtilegustu borgir sem hann hafi komið til.

MYND/ADSEND



Ég held að verkefni undanfarinna 15 ára á verðbréfamörkuðum hafi verið eitt stórt krefjandi verkefni. Hver svartí svanurinn hefur komið á fætur öðrum.

veginn alltaf komið eitthvað nýtt og stórt sem hefur þurft að aðlaga sig að í störfum á verðbréfamörkuðum, svo sem bankahrun, gjalddeyrishöft, Covid og nú stríð innan Evrópu og mikil verðbólga.

*Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?*

Ég hef aldrei leitt hugann að þessu þannig að ætli ég sé ekki á réttri hillu í dag, en draumur minn sem krakki var að vinna á snjótroðara. Aldrei að vita nema ég láti verða af því einn veturinn í austurrísku eða siglirsku ölpunum.

*Hver er þín uppáhaldsborg?*

Mér fannst Róm einhver skemmtilegasta borg sem ég hef komið til, það er svo magnað að nánast geta ferðast aftur í tímann við að upplifa mannvirkin þarna. En hvað varðar hvaða borgar er skemmtilegast að koma til þá er það New York, þar er alltaf eitthvað nýtt að upplifa. ■

og gefa þeim morgunmat, strauja skyrtuna mína fyrir daginn og svo er það mitt hlutverk að búa um rúmin.

*Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?*

Svo sem engin bók sem stendur upp úr að hafa haft meiri áhrif en önnur, en hvað varðar fjárfestingar þá hef ég lesið mikið um og eftir

Warren Buffett eins og margir, en er nú að hlusta á hljóðbókina Eftirlýstur eftir Bill Browder en þetta er frábær tími til að hlusta á hann lýsa sögu sinni og störfum í Rússlandi á tímum einkavæðingarinnar eftir fall kommúnismans. En svo er áhugavert að hann er einmitt að koma með aðra bók um tíma sinn í Rússlandi Freezing Order núna eftir

helgi. Ég hlakka til að hlusta á hana um páskana.

*Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum miss-erum?*

Ég held að verkefni undanfarinna 15 ára á verðbréfamörkuðum hafi verið eitt stórt krefjandi verkefni. Hver svartí svanurinn hefur komið á fætur öðrum, það hefur einhvern

Útgjöld til Alþingis aukast um fimmtung á þremur árum, en lítið hemill er á útpenslu hins opinbera og ríkisútgjöld komin yfir 1.100 milljarða.

Þegar flett er atvinnutilboðum í dagblöðunum þessi misserin blasa að langstærstum hluta við störf hjá hinu opinbera – og stundum eru nálega engin störf auglýst á hinum almenna markaði. Þetta fær líka stoð í opinberum tölum því launafólki á einkamarkaði fækkaði um 8 prósent milli árunna 2019 og 2021 en opinberum starfsmönnum fjölgaði á sama tíma um 7 prósent. Heildartekjur ríkissjóðs námu rúmum 872 milljörðum samkvæmt ríkisreikningi 2019. Sú tala er komin upp í 955 milljarða í ár. Á sama tíma hafa heildarútgjöld vaxið úr 913 milljörðum í 1.124 milljarða samkvæmt fjárlagafrumvarpi þessa árs. „Bákníð“ stækkar sem aldrei fyrr.

Ný fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar til ársins 2027 var birt á dögunum. Þar er gert ráð fyrir áframhaldandi hallarekstri ríkissjóðs næstu árin en einnig hækkandi opinberum útgjöldum. Ef horft er til ríkis og sveitarfélaga samtals er áætlað að nafnvirði heildarútgjalda fari úr 1.670 milljörðum 2023 í 1.940 milljarða 2027.

Í þessum pistli og nokkrum sem fylgja í kjölfarið verða þessi mál tekin til skoðunar og því velt upp hvort umsvif hins opinbera hér á landi séu mögulega orðin of mikil og flókin fyrir jafn fámennit þjóðfélag.

#### Stjórnarráðið blæs út

Eftir höfðinu dansa limirnir og er við hæfi að víkja hér í upphafi að æðstu stjórnsýslu ríkisins en myndun nýrrar ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur var kynnt að ráðherrum yrði fjölgað í tólf. Það var þó ekki fyrr eftir áramótin sem upplýstist að kostnaður vegna breytinganna næmi að minnsta kosti 1,8 milljörðum króna. Í tíð ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur var ráðherrum og ráðuneytum fækkað í átta. Þetta var gert að tillögu rannsóknarnefndar Alþingis en talið var að þar með fengjust öflugri stjórnsýslueiningar. Ef við horfum til Sviss þá eru ráðherrar þar sjö talsins sem nægir þjóðfélagi þar sem búa 8,7 milljónir manna. Ráðherrar Noregs eru ívið fleiri eða átján en samborið við mannfjölda ætti hér aðeins að vera einn ráðherra. Það er kannski fulllág tala en ef til vill mætti fara einhvern milliveg.

Stjórnvöld hafa undangengin ár lagt áherslu á vandaða áætlanagerð í ríkisfjármálum en breytingarnar á Stjórnarráðinu verða nú þegar halli af fjárlögum nemur 107 milljörðum króna. Stjórnarandstöðuþingmenn hafa bent á að það skjóti skökku við að fjármálaráðherra gagnrýni stóraukinn launakostnað hins opinbera á sama tíma og það varð niðurstaða átta vikna



Fyrirhuguð er 1.200 fermetra viðbygging við Stjórnarráðið enda hafa umsvif forsætisráðuneytisins aukist hratt á síðustu árum.

## Stóraukinn kostnaður við æðstu stjórnsýslu ríkisins



Björn Jón Bragason  
bjb  
@frettabladid.is

#### Útgjöldin aukast hratt

Samkvæmt ríkisreikningi ársins 2019 námu útgjöld til Alþingis og eftirlitsstofnana þess 5,7 milljörðum króna. Þessi tala var komin upp í 6,1 milljarð fyrir 2020. Áætlun síðasta árs gerir ráð fyrir 6,9 milljörðum og 7,3 milljörðum í ár. Það er riflega fimmtungshækkun á þremur árum. Útgjöld til æðstu stjórnsýslu hafa á sama tímabili farið úr 2,6 milljörðum í 3,5 milljarða sem samsvarar rösklega þriðjungsaukningu.

#### Útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

	Reikn. 2019	Reikn. 2020	Áætlun 2021	Fjárlög 2022
<b>Alþingi og eftirlitsstofnanir þess</b>	5.698	6.145	6.961	7.288
<b>Æðsta stjórnsýsla</b>	2.617	2.634	2.708	3.475

Heimild: Fjárlagafrumvarp 2022. Tölur í milljónum króna.

stjórnarmyndunarviðræðna hans og formanna Framsóknarflokks og VG að fjölga ráðuneytum og stórauka þar með launakostnað Stjórnarráðsins. Þegar þannig hátti til sé holur hljómur í tilmælum til forstöðumanna undirstofnana að vanda sig; „hvad höfðingjarnir hafast að, hinir meina sér leyfist það,“ svo vitnað sé til Passíusálmanna.

#### Spyrja þarf gagnrýnna spurninga

Um þessar mundir standa yfir byggingarframkvæmdir við sex þúsund fermetra skrifstofuhús Alþingis í Vonarstræti. Samkvæmt upplýsingum frá Framkvæmdasýslu ríkisins

var kostnaður í upphafi áætlaður 4,4 milljarðar króna. Í kynningar-efni um bygginguna mátti lesa hástemmdar yfirlýsingar eins og „bætt starfsaðstaða“, „langþráð úrbót“, „löngu tímabær“, „standast kröfur tímans“ og þar fram eftir götunum. En ekki er að sjá að neinn stjórnmalamaður hafi spurt gagnrýnna spurninga í þessu samhengi, eins og til að mynda hvort ekki sé tækifæri til sparnaðar í skrifstofuhaldi Alþingis og hvort þingmenn einstakra flokka geti ekki deilt með sér vinnurými eins og tíðkast á einkamarkaðnum. Þá hefur pólitískum aðstoðarmönnum

þingflokka fjölgað hratt síðastliðin ár og skipan þeirra líkt og annarra pólitískra aðstoðarmanna með talsvert miklum bitlingasvip. Án efa má hagræða umtalsvert í rekstri þingsins.

Einnig má líta til fyrirhugaðrar 1.200 fermetra viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið gamla sem er hugsuð fyrir forsætisráðuneytið. Í samkeppnislýsingu um húsið sagði orðrétt: „Byggja þarf viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið í Lækjargötu...“ Í því sambandi þarf að athuga hvernig sú þörf er tilkomin. Fyrir þremur áratugum voru starfsmenn forsætisráðuneytisins fimmtán talsins að ráðherranum meðtöldum. Árið 2010 voru stöðugildin í ráðuneytinu orðin 35, 2016 voru þau orðin 44 en nú eru starfsmennirnir 51. Nýleg fjölgun starfsmanna þar hlýst meðal annars af stofnun sérstakrar jafnréttisskrifstofu í ráðuneytinu en þó er starfandi sérstök ríkisstofnun sem sinnir málaflokknum og nefnist Jafnréttisstofa.

Umstangið í kringum hvert ráðherraembætti hefur vaxið á undanförunum árum. Nú er sérhver ráðherra með tvo pólitíska aðstoðarmenn. Sú var tíð að forstjór stærstu fyrirtækja hér á landi voru með einkabílstjóra en einkamarkaðurinn aflagði slíkt fyrir áratugum. Erfitt er að sjá þörfina á að hver og einn ráðherra hafi embættisbílfreið og bílstjóra. Hægt væri að hafa nokkrar stífbónaðar kerrur til taks fyrir hátíðleg tækifæri. Vita-skuld vegi sparnaður af þessu tagi ekki þungt í heildarsamhenginu en hann yrði afar táknrænn.

Með aukinni ráðdeild í æðstu stjórnsýslu yrði forstöðumönnum ríkisstofnana sett mikilsvert forðæmi um bætta meðferð almanna-fjár. ■



**Ef við horfum til Sviss þá eru ráðherrar þar sjö talsins sem nægir þjóðfélagi þar sem búa 8,7 milljónir manna.**

## Hafa lokið fjármögnun á fimmtán milljarða framtakssjóði

magdalena@frettabladid.is

Alfa Framtak hefur lokið fjármögnun á 15 milljarða króna framtakssjóði, þetta kemur fram í tilkynningu frá félaginu. Sjóðurinn ber heitið Umbreyting II slhf. og mun fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum. Raket Guðmundsdóttir, eignarhaldsstjóri hjá Alfa Framtaki, segir að þessi áfangi sé fyrst og fremst viðurkenning á því starfi sem fyrirtækið hafi unnið í fyrri sjóði en Alfa Framtak hefur frá árinu 2018 rekið sjö milljarða króna framtakssjóðinn Umbreytingu slhf., sem er nú fullfjárfestur.

„Nýr sjóður hefur sambærilegar áherslur og hefur því sveigjanleika



Raket Guðmundsdóttir, eignarhaldsstjóri hjá Alfa Framtaki

til þess að fjárfesta í fjölbreyttum fyrirtækjum, styðja við vöxt og að leiða umbreytingar í íslensku atvinnulífi. Við getum því fjárfest í breiðu mengi fyrirtækja, allt frá vaxtarfyrirtækjum sem hafa náð ákveðinni stærð, eða fjölskyldufyrirtækjum sem eru að fara í gegn

um kynslóðaskipti,“ segir Raket og bætir við að áfanginn hafi verið í undirbúningi síðan í október. „Við fórum af stað með fyrstu samtöl í október svo þetta hefur í raun gengið mjög hratt fyrir sig, en þetta er alltaf stíft ferli, þar sem fagfjárfestar greina sjóðinn ítarlega áður en þeir fjárfesta.“

Raket segir að markmiðið hjá Alfa Framtaki sé að gera góð fyrirtæki betri og að mörg íslensk fyrirtæki eigi meira inni. „Við vinnum náð með stjórnendum að því að móta sýn, hrinda stefnu í framkvæmd, bæta rekstur og fjármagnsskipan og stuðla að aðgerðum á sviði sjálfbærni. Við erum með mjög reynslumikið teymi og öflugra stjórn.“ ■



/Augljós



**Fríar forskoðanir fyrir laseraðgerðir út apríl**

**Tímamantanir 414 7000**

# Húsbóndavald



Adalheiður  
Ámundadóttir  
adalheidur  
@frettabladid.is

Mikið hefur mætt á bæði forsætisráðherra og innviðaráðherra vegna niðrandi dónaskapar sem hinn síðarnefndi varð uppvís að fyrir helgi. Sigurður Ingi Jóhannsson er krafinn frekari skýringa á viðhorfum sínum og Katrín Jakobsdóttir á því hvort hún hyggist slíta ríkisstjórnarsamstarfinu. Konan sem fyrir niðinu varð hefur eflaust vart haft vinnufrið heldur síðan í Framsóknarboðinu fyrir helgi. Efnið á þó erindi við fleiri.

Það var þingflokkur Framsóknarflokksins sem ákvað að styðja ekki lengur sinn eigin formann sem forsætisráðherra eftir birtingu Panamaskjalanna 2016. Það var yfirvofandi vantraust í þinginu sem batt enda á ráðherratið Sigriðar Á. Andersen í kjölfar dóms yfirdeildar MDE í Landsréttarmálinu.

Það eru sitjandi þingmenn sem fara með húsbóndavaldið og ráða örlögum Sigurðar Inga á ráðherrastóli. Það kann að vera tilraunarinna virði að kanna hvort þingheimur vill verja vantrausti ráðherra sem orðið hefur uppvís að háttsemi sem við Íslendingar hreykjum okkur af að viðgangist ekki í landinu.

Alltaf þegar við höldum að við séum búin að ná þessu kemur bakslag og við sjáum hve skammt við erum í rauninni á veg komin. Samtalið er þess vegna stærra en svo að það varði aðeins örlög formanns Framsóknarflokksins, þótt Alþingi sé upplagður vettvangur til að hefja umræðuna.

Samtalið þarf líka að eiga sér stað meðal fólksins sem fer út að borða og móðgast við þjóninn sem talar ekki íslensku. Og meðal fólksins á skrifstofunni sem virðir konuna, sem vaskar upp og skúrar, ekki viðlits af því hún er eða lítur út fyrir að vera útlensk. Hjá forstjóranum sem býður henni ekki á árshátíðina af því hún tilheyrir ekki starfsmannahópnum í raun og veru.

Samfélagið grasserar allt í fordómum og útlökunarmenningu, sem okkur hefur ekki tekist að útrýma hvað sem öllum háfleygum lögum og reglum líður. Alþingi verður að gera upp við sig hvað verður um einstaka ráðherra en ef við viljum laga þetta þurfa fleiri að taka þátt í þeirri vinnu.

Við sem störfum í fjölmiðlum getum tekið það til okkar að reyna of oft að láta þau sem brotið er á bera allan þungann af eftirmálunum og gera þau ábyrg fyrir því að gerandinn fái þau mála-lök sem hann á skilið. Þetta á við um þolendur ofbeldis og þolendur hvers kyns fordóma. En það er ekki í verkahring Vigdísar Háslar að ákveða örlög innviðaráðherra. Það er hans sjálfs að svara fyrir hegðun sína og Alþingis að taka afstöðu til stöðu hans í ríkisstjórn. ■

Samtalið þarf líka að eiga sér stað meðal fólksins sem fer út að borða og móðgast við þjóninn sem talar ekki íslensku.

## Halldór



## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

### Timburmenn

Nú eru menn að vakna upp við verulega vonda timburmenn eftir enn eitt Búnaðarþingsfyllerið sem fer á milli flokksskrifstofa eins og enginn sé morgundagurinn, en bændur landsins hafa alla jafna tekið þar á honum stóra sínum í sterkum drykkjum. Og eins og gengur hefur stöku stjórn mála-maður ekki gefið þeim neitt eftir í þeim áfengu efnunum. Og eins eru menn að vakna upp við þann veruleika að það sem hægt var að segja í eina tíð undir skál í svona teitum á engan veginn heima í síðaðra manna boðum í breyttum heimi. Og alveg örugglega er það líka barn síns tíma að landbúnaðurinn og löggjafinn tengist þessum brennivinsböndum.

### Það síðasta

En allt er þetta auðvitað til marks um gamla Ísland sem enn þá lifir svo góðu lifi innan dyra flestra flokka. Nema reyndar Flokks fólksins sem tók ekki þátt í vitleysunni að þessu sinni. Hinir hafa fyrr og síðar litið á það sem sérstakt hlutverk sitt að koma kaupstaðarlyktinni í bændur landsins á þessum árstíma þegar hillir undir vorverkin í sveitum landsins. En má vera að hér sé komið að leiðarlökum – og að síðasta Búnaðarþingsfyllerið sé að baki, að enn eitt vígið sé fallið – og að Flokkur fólksins hafi gefið tóninn sem eftir lifir? Eða þorir einhver að efna til næsta Búnaðarþingsfylleris? ■

## Faðmur hins opinbera



Diljá Mist  
Einarsdóttir  
þingmaður Sjálf-  
stæðisflokksins

Í kjördæmavikunni heimsóttum við Sjálfstæðismenn í Reykjavík m.a. verkfræði- og ráðgjafar fyrirtæki. Atvinnurekendur í þeim greinum höfðu næg umkvörtunarefni fyrir okkur þingmenn og borgarfulltrúa og m.a. töldu þeir sig reka n.k. þjálfunarbúðir fyrir ríkisstarfsmenn. Það væri sem sagt viðvarandi vandamál á þessum vinnustöðum að þegar hið opinbera auglýsti eftir háskólamenntuðum sérfræðingum með reynslu stykkju þeir til.

Þessar umkvartanir eru í takt við nýlega greiningu Samtaka atvinnulífsins sem benda á að Íslendingar leiti í auknum mæli í ný störf hjá hinu opinbera meðan einkageirinn mannar ný störf með erlendu starfsfólki.

Opinberum starfsmönnum hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru opinberir starfsmenn rúmlega 60.000 á árinu 2021 eða um þriðjungur af heildarfjölda launafólks í landinu. Á sama tíma hafa laun opinberra starfsmanna hækkað hraðar en laun á almennum markaði. Það viðhorf hefur verið ríkjandi lengst af að laun opinberra starfsmanna eigi að vera lægri en þau sem tíðkast á frjálsum markaði. Ástæðan er að opinberir starfsmenn hafa notið mun betri réttinda en annað vinnandi fólk.

Réttarstaða opinberra starfsmanna hefur styrkst en á sama tíma hafa kjör þeirra hafa batnað og þeim fjölgað mikið. Það er því ekki nema von að starfsfólk leiti yfir í betri kjör, s.s. góð laun, meira starfsöryggi og styttingu vinnuvikunnar; yfir í hlýjan og öruggan faðm hins opinbera. Talsmenn opinbera og almenna markaðarins líta þessa stöðu eflaust ólíkum augum, en áskóknin í opinber störf segir sína sögu.

Þessi þróun er varhugaverð. Frjálsi markaðurinn á að vera leiðandi í launaþróun og öðrum starfskjörum. Það verður að tryggja að það sé eftirsóknarvert og aðlaðandi að starfa þar sem verðmætasköpun hagkerfisins er, á almennum markaði. Hið opinbera má ekki yfirbjóða einkageirann á öllum sviðum. Til lengdar skaðar það alla; líka opinbera starfsmenn. Það er skamsýni að koma ekki auga á þessi sannindi. Því hver á að borga reikninginn þegar upp er staðið? ■

Frjálsi markaðurinn á að vera leiðandi í launaþróun og öðrum starfskjörum.

**GEFÐU GJÖF TIL HEILLA HEILAGJAFIR.IS**

Barnaheill

# Skólaforðun eftir Covid-19 faraldurinn



Kolbrún Baldursdóttir oddviti Flokks fólksins í borgarstjórn Reykjavíkur

Sniðganga skóla eða skólaforðun er skilgreind sem meðvitund eða ómeðvitund hegðun sem barn eða unglíngur sýnir þegar mæta á í skólann. Hegðunin birtist í erfiðleikum með að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma.

Rannsóknir sýna að skólaforðun hefur farið vaxandi og hefst mun fyrr en á unglíngastigi og á sér oft rætur í leikskóla. Miklar fjarvistir frá skóla geta verið kvíðavaldandi fyrir börn og unglínging og valdið því að sniðgangan ágerist enn frekar þegar þau missa ítrekað úr námi. Skólaforðun kemur til vegna þess að barninu líður illa í skólanum. Með því að forðast skólann er barnið oftast að senda skilaboð þess efnis að eitt-hvað „í skólanum“ valdi svo mikilli vanlíðan og streitu að það geti ekki hugsað sér að sækja skólann.

Ástæður sem má nefna eru t.d. erfiðleikar í námi, raskanir (greindar eða ógreindar) og/eða félagslegir þættir, að barni sé strítt eða það lagt í einelti. Stundum er um að ræða

samspil margra þátta. Sum börn glíma við kvíða og félagskvíða sem veldur því að þau vilja ekki fara út eða blanda geði við aðra krakka. Dæmi um ástæður skólaforðunar geta einnig verið að barnið vill frekar vera heima við tölvu, eigi það þess kost, fremur en að fara í skólann. Öll mál af þessu tagi þarf að vinna á einstaklingsgrunni.

## Í kjölfar faraldursins

Skólasókn er komin í eðlilegt horf eftir tveggja ára skeið sem litast hefur af farsóttinni með tilheyrandi fylgifyskum. Leiða má líkur að því að skólaforðun hafi aukist með faraldurinum og fleiri börn hafi bæst í þann hóp sem forðast skólann. Þeim börnum sem leiðir ekki vel í skólanum fyrir faraldurinn, líður kannski ekki betur nú. Um þessar mundir biða rúmlega 1800 börn eftir fagaðstöð, m.a. sálfræðinga, og biðlistinn lengist með hverri viku. Settar hafa verið 140 m.kr. í að fjölga fagfólki hjá skólaþjónustunni sem er því miður aðeins dropi í hafni. Hækka þarf fjárheimildir umtalsvert til þessa málaflökks ef takast á að hjálpa þessum börnum sem mörg hafa beðið mánuðum saman eftir aðstöð.

Samræmdar skólasóknarreglur eða miðlægt viðmiðunarkerfi hefur nú verið við lýði í fjögur ár í skólum borgarinnar og er hugsað til að greina á milli ástæðu fjarvistar. Í kerfinu er ekki gerður greinar-

Umfram allt þarf að komast að raun um með barni, foreldrum og kennara hvað það er sem barnið forðast í skólanum.

munur á ástæðu fjarveru, s.s. vegna veikinda annars vegar og óleyfilegra fjarvistar hins vegar. Vel kann að vera að stjórnendum einhverra skóla finnist erfitt að ekki skuli gerður slíkur greinarmunur. Mikilvægt er að skoða með markvissum hætti hvort og þá hvernig hinar samræmdu viðmiðunarreglur um skólasókn hafi nýst þeim grunnskólum sem stuðst hafa við þær og hefur Flokkur fólksins lagt fram tillögu um að slík úttekt verði gerð.

Umfram allt þarf að komast að raun um með barni, foreldrum og kennara hvað það er sem barnið forðast í skólanum. Finna þarf hina undirliggjandi ástæðu og leysa úr henni með öllum tiltækum ráðum. Því langvinnari sem vandinn er því erfiðari er hann viðureignar. Kvíðinn vax og úrvinnsla verður flóknari og erfiðari þegar fram líða stundir. Börn sem eru hætt að mæta í skólann ná sér ekki öll aftur á strik. ■

# Báknið burt



Bolli Héðinsson hagfræðingur

Þeir mundu sjálfsgagt allir snúa sér við í gröfnni „ungu“ Sjálfstæðismennirnir frá árum áður sem hrópuðu „báknið burt“ ef það vildi ekki svo til að þeir eru enn flestir ofanjarðar en ekki komnir undir græna torfu. Flestir þeirra eru enn í fullu fjöri á rifandi eftirlaunum á kostnað þjóðarinnar sem þeir sáu sjálfir um að tryggja sér langt umfram aðra þjóðfélagsþegna.

Ástæðan fyrir því að þeir ættu að snúa sér við í gröfnni er auðvitað sú að „báknið“ hefur þanist út á þeirra vakt meira en góðu hófi gegnir því „það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann.“ Sjaldan hefur báknið blásið jafn mikið út og á síðustu ríkisstjórnarárum Sjálfstæðisflokksins eða allt frá því formaður flokksins hrópaði nötrand af reiði úr ræðustól Alþingis „skiliði lyklunum“ þegar þjóðin dirfðist að hafa Sjálfstæðisflokkinn ekki með í ríkisstjórn. Lyklana þurftu þeir auðvitað til að þenja út „báknið“.

## Ráðuneytum fækkað og fjölgað

Eina raunverulega tilraunin til að draga úr „bákninu“ fór einmitt

Kostnaðarauki af nýrri skipan stjórnarráðsins er talin munu nema um tveim milljörðum króna.

fram þegar tókst að halda Sjálfstæðisflokknum utan ríkisstjórnar en þá var ráðuneytum fækkað svo um munaði. Um leið og Sjálfstæðisflokkurinn komst svo í ríkisstjórn á ný var þeim fjölgað frekar og síðan aftur þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð. Kostnaðarauki af nýrri skipan stjórnarráðsins er talin munu nema um tveim milljörðum króna og allt er það til þess eins að miðla málum milli flokkanna sem að ríkisstjórninni standa. Þá „sátt“ greiða engir aðrir en þjóðin með hærri álögum. Svo „heppilega“ vill til fyrir ríkisstjórnarflökkana að samhliða útpenslu báknisins þá skapast störf fyrir flokksgeðinga sem nú hefja þeysireið að þeim nýju embættum sem flokkarnir bjuggu til fyrir þá.

Það er rétt að rifja þetta upp því allt útlit er fyrir að meðal þess sem Sjálfstæðisflokkurinn ætli sér að keyra á í kosningabaráttunni í Reykjavík sé að þeim einum sé treystandi til að halda aftur af „bákninu“ í Reykjavík. Spor Sjálfstæðisflokksins hljóta að hræða. ■

# NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

## SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



### RANGE ROVER VELAR HSE R-dynamic

Nýskr. 5/2018, ekinn 61 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð: 12.190.000 kvr.**

Rnr. 420913.



### JAGUAR F-PACE 180D

Nýskr. 7/2017, ekinn 60 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð: 6.690.000 kr.**

Rnr. 420753.



### RANGE ROVER Evoque SE 150D

Nýskr. 8/2018, ekinn 48 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð: 6.690.000 kr.**

Rnr. 420922.



### LAND ROVER Discovery 5 HSE Lux 240D G4

Nýskr. 5/2020, ekinn 37 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð: 12.990.000 kr.**

Rnr. 148507.



### RANGE ROVER VOGUE P400e

Nýskr. 1/2019, ekinn 43 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð: 15.950.000 kr.**

Rnr. 420578.



### JAGUAR I-PACE EV400 HSE

Nýskr. 7/2020, ekinn 9 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð: 11.590.000 kr.**

Rnr. 149045.



### JAGUAR I-PACE EV400 HSE

Nýskr. 8/2020, ekinn 11 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð: 11.890.000 kr.**

Rnr. 420919.



### JAGUAR E-PACE 150D

Nýskr. 10/2020, ekinn 16 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð: 7.690.000 kr.**

Rnr. 420907.



**APPROVED**  
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**  
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík  
525 6500 / jaguarlandrover.is



## Skarðshlíð 20, Akureyri Sala byggingarréttar

**Akureyrarbær leitar eftir kaupþilboðum í byggingarrétt lóðarinnar Skarðshlíðar 20.**

Lóðin er 6.128,8 m<sup>2</sup> að stærð og samkvæmt gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að á henni verði reist tvö fjölbýlishús, fjögurra og fimm hæða, sem samtals geta verið 6.742 m<sup>2</sup> að stærð og er bílakjallari innifalinn í þeirri stærð. Er miðað við að fjöldi íbúða verði á bilinu 46-60 talsins.

Sækja skal um lóðina með rafrænum hætti í gegnum útboðsvef Akureyrarbæjar og skila þarf inn kaupþilboðum innan auglýsts frests sem er **kl. 12:00 þann 25. apríl 2022.**

**Nánari upplýsingar er að finna á útboðsvef á heimasíðu Akureyrarbæjar, [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)**



Geislagata 9 / Sími 460 1000 / [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) / [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is)

# Enn um Bláa herinn



**Kristján  
Hreinsson**  
Skáld

Eftir að ég sendi Fréttablaðinu grein mína, Greinargerð vegna Bláa hersins, barst mér ársreikningur Bláa hersins, fyrir árið 2021. Þetta er þriðji ársreikningur samtakanna en samkvæmt kennitölu þeirra eru þau stofnuð 2001.

Með hinum nýja ársreikningi sannast það sem ég hef haldið fram: Blái herinn stundar svindl og svínari. Blái herinn greiðir himinháar fjárhæðir fyrir nánast enga vinnu. Eigandi Bláa hersins notar samtökin sem fjárfunarleið fyrir sig sjálfan, hann lætur Bláa herinn greiða húsaleigu yfir eignir sem Blái herinn á ekki og eigandi Bláa hersins fer einstaklega frjálsglega með sannleikann þegar kemur að afrekasögu samtakanna.

Í fyrsta lagi kemur fram að styrkir til samtakanna nema nær 21 milljón króna fyrir árið 2021.

Í öðru lagi kemur fram að Blái herinn á eina eign, fjórhjól sem kostar 800.000 krónur.

Í þriðja lagi kemur fram að Blái herinn greiðir nær fimm milljónir króna í húsaleigu.

Í fjórða lagi kemur fram að Blái herinn hafi greitt 9.000.000 krónur sem launagreiðslur og verktakalaun. En samtökin söfnuðu einungis 15 tonnum af rusli. (Tölur um tonnafjölda eru þó á reiki).

Hér er rétt að spyrja: Er það verjandi að greiða nær hálf milljón króna í húsaleigu á mánuði yfir eitt fjórhjól? Ef það er ekki verjandi þá má spyrja: Fyrir hvern er Blái herinn að greiða húsaleigu? Er verið að greiða húsaleigu yfir eignir Fálkaorðuhafans Tómasar Knútssonar? Ef svo er, þá má spyrja: Hvernig í ósköpunum er það réttlætlegt að peningar frá ríki, bæ og fyrir-

tækjum séu notaðir til að greiða húsaleigu fyrir Fálkaorðuhafann Tómas Knútsson? Hverjum greiðir Blái herinn nær eina milljón á mánuði í verktakalaun?

### Hvernig fer svínarið fram?

Á netinu má finna upplýsingar sem skipta máli. Í ársskýrslu Bláa hersins stendur þetta: „Tekið þátt í verkefni á Langanesi ásamt Ocean Missions, Langanesbyggð og Veraldarvinum. Hreinað við Ytra Lón, fylltir 13 sekki og meira til. Hreinað var 2X3 tímar síthvorn daginn. Viktaði 4 tonn.“ (Orðrétt og óbreytt).

Ég hef áður fjallað um þennan viðburð og staðhæft að það tók enginn Blár her þátt í þessu verkefni. Einn áhorfandi mætti frá Bláa hernum og montar sig svo af því að hafa safnað fjórum tonnum af rusli. Þessi fjögur tonn eru skráð sem framlag Bláa hersins í ársskýrslu hans.

Í fundargerð frá Umhverfisstofnun kemur fram að Blái herinn hafi safnað 15 tonnum af rusli. Ég leyfi mér þann munað að taka mark á þessum tölum, þar eð þær koma af fundi hjá Umhverfisstofnun, jafnvel þótt í ársskýrslu samtakanna sé sagt: „Næri 21 tonn voru fjarlægð úr fjórum landsins (2 tonn Hvalfjarðarsveit og 4 tonn Langanesbyggð).“

Hið merkilega er að á fundi hjá Umhverfisstofnun er talað um að 15 tonn hafi safnast á árinu, en í ársskýrslunni eru tonnin 21. Engu að síður er um sama tímabil að ræða í báðum tilvikum.

Í ársreikningi Bláa hersins fyrir árið 2021 kemur fram að Blái herinn hafi greitt níu milljónir í verktakagreiðslur og starfsmannakostnað. (Aðkeypt verktakaþjónusta 7.320.340 krónur og starfsmannakostnaður 1.759.150 krónur). Hér eru sem sagt greiddar níu milljónir króna fyrir að safna nokkrum tonnum. En eins og fram hefur komið þá eru hin fjögur tonn frá Langanesi hluti af þeim fimmtán tonnum sem Blái herinn státar af. Þau fjögur tonn geta þó ekki komið í hlut Bláa hersins vegna þess að þátttaka Fálkaorðuhafans Tómasar Knútssonar var meiri í orði en á borði. Eftir standa 11 tonn og fyrir þau eru greiddar 9 milljónir króna. Og jafnvel þótt hér væri bætt við nokkrum tonnum þá er útkoman hjákátleg.

Niðurstaðan er þessi: Blái herinn fékk 21 milljón króna í styrki á árinu, Blái herinn safnaði 11 tonnum af rusli. Þetta merkir að Blái herinn hafi fengið greiddar nær tvær milljónir fyrir hvert safnað tonn. Ef fólk finnst þetta í góðu lagi þá verður svo að vera. Í ársskýrslu Bláa hersins segir varðandi söfnunina á Langanesi og umfjöllun um aðkomu Bláa hersins: „Bláðakona frá Bændablaðinu hafði samband og skrifaði grein í það blað um þetta tiltekna verkefni sem seinna meir varð tilefni að mjög svo ærumeiðandi skoðun um TJK sem ónefndur maður skrifaði í Fréttablaðið og DV vakti athygli á. Blái herinn svaraði ekki DV um viðbrögð við greininni.“ (Orðrétt og óbreytt). Hið rétta er að Fálkaorðuhafinn Tómas Knútsson hafði samband við Bændablaðið og það um viðtal, eins skal því haldið til haga að ég er hinn ónefndi og í skrifum mínum eru engin ærumeiðandi ummæli. Ekki nema hægt sé að segja að sannleikurinn kasti rýrd á Fálkaorðuhafann. Ég hef vitni sem segja að Fálkaorðuhafinn hafi ekki tekið þátt í verkefninu og að þar hafi aldrei verið neinn blár her. Greinin í Bændablaðinu er aftur á móti uppfyll af lygþvættingi sem allur kom frá Fálkaorðuhafanum Tómasi Knútssyni. Þar er logið í máli og myndum.

### Sannleikurinn breytist ekki

Margt fólk hefur í góðri trú aðstoðað Fálkaorðuhafann Tómas Knútsson. Fæstum dettur í hug að menn



**Blái herinn greiðir fimm milljónir króna á ári í húsaleigu yfir eitt fjórhjól. Blái herinn greiðir níu milljónir króna til ónafngreindra aðila sem þóknun fyrir að safna u.þ.b. 11 tonnum að rusli.**

eins og hann geti flíkað svo margslunginni bírafni sem hann hefur verið uppvis að. Hann stundar þann leik að skreyta sig stolnum fjöðrum og lætur svo fjaðraskrautið tala. Hjá honum er allt blásið út, látið er að því liggja að Blái herinn hafi fjölmennt til viðburða þar sem Fálkaorðuhafinn Tómas Knútsson mætti einn. Svo er áfram notað fjaðraskraut þegar talað er um aðild að hinu og þessu. Hið sanna hefði hér átt að koma fram: Það er ekki til neinn Blár her, það er bara til einn blár hermaður sem fær helling af styrkjum fyrir að gera nánast ekkert. Hann hefur að vísu verið svo duglegur við að auglýsa þau handtök sem hann hefur unnið að hann hefur meira að segja auglýst ótal handtök sem hann hefur aldrei komið nærri. Þá hefur hann einnig verið duglegur við að þiggja styrki fyrir óunnin störf.

Með skrifum mínum hef ég einungis lýst þeirri mynd sem birtist af hinum svokallaða Bláa her. Ársskýrslur og ársreikningar sýna og sanna að Blái herinn er notaður sem fjárfunarleið fyrir Fálkaorðuhafann Tómas Knútsson. Ég er að halda því fram að illa sé farið með almannafé þegar því er údað í samtök sem gera fátt annað en skreyta sig stolnum fjöðrum og blása út hvert einasta viðvik sem framkvæmt er. Nýr ársreikningur Bláa hersins sýnir sannleikann: Blái herinn greiðir fimm milljónir króna á ári í húsaleigu yfir eitt fjórhjól. Blái herinn greiðir níu milljónir króna til ónafngreindra aðila sem þóknun fyrir að safna u.þ.b. 11 tonnum að rusli.

Stjórn Bláa hersins þarf að átta sig á því að svikaferli Fálkaorðuhafans Tómasar Knútssonar er að ljúka. Stjórnin er ábyrg og ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur til að opinbera sannleikann.

Ég leyfi mér að efast um það að landsmenn vilji gefa Bláa hernum kost á að koma óorði á íslensk náttúruverndarsamtök. Staðan er þó sú að enn er til fólk sem heldur að Blái herinn hafi hreinan skjöld.

Sannleikurinn er afar merkilegt fyrirbæri. Hann er þess eðlis að hann breytist ekkert þótt menn geri fátt annað en ljúga. Sannleikurinn um hinn svokallaða Bláa her liggur fyrir, hann er öllum aðgengilegur, hann er augljós. Sannleikurinn er sá að skattgreiðendur eiga ekki að leyfa mönnum að komast upp með það að búa til samtök sem gera ekki annað en greiða húsaleigu yfir eignir þeirra sem reka samtökin og greiða himinháar fúlgur fyrir að safna rusli.

Sannleikurinn liggur fyrir. Nú ættu blaðamenn að taka við og fá svör frá stjórn Bláa hersins við eftirfarandi spurningum: Yfir hvaða eignir greiðir Blái herinn 5.000.000 króna í húsaleigu á ári hverju? Hverjum greiðir Blái herinn 9.000.000 króna sem vinnulaun og verktakagreiðslur?

Þessum spurningum er eflaust auðvelt að svara – ef mann langar að segja sannleikann. ■

FRÉTTIR, FÓLK &  
MENNING  
á Hringbraut

h

retigo  
VISION

Yfir 500 Retigo ofnar  
seldir í íslensk  
atvinnueldhús

Allt hjá okkur



ORANGE Vision

BLUE Vision

Ný kynslóð  
Retigo ofna: **Vision Generation II**  
Kynntu þér betur ofnana í  
**Sýningarsal okkar að Draghálsi 4**



VERSLUNARTÆKNI  
[www.verslun.is](http://www.verslun.is)

Sýningarsalur Draghálsi 4 - Sími: 535 1300 - [verslun@verslun.is](mailto:verslun@verslun.is)



geiri  
[www.geirihf.is](http://www.geirihf.is)

STÓRELDHÚS  
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

## Guli miðinn VÍTAMÍN

Bætir, viðheldur og ver  
heilsu fjölskyldunnar.

Fæst í apótekum  
og stórmörkuðum  
um allt land.



SÉRÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

ÁN ÓÆSKILEGRA  
AUKAEFNA

STRANGAR  
GÆÐAKRÖFUR

ENDURVINNANLEGAR  
UMBÚÐIR

[gulimidinn.is](http://gulimidinn.is)



gæði á góðu verði



TARAMAR vörurnar eru framleiddar í Sandgerði en þær byggja á íslensku hráefni sem safnað er um allt land, svo sem frá Móður Jörð á Fljótsdalshéraði, Hæðar-  
enda í Grímsnesi og Bláskel í Breiðafirði. TARAMAR hefur þróað sérstakar aðferðir til að hámarka gæði og virkni hráefnisins sem er nýtt. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

# Öflug íslensk hráefni notuð til að yngja og endurmóta húðina

Þegar dr. Guðrún Marteinsdóttir varð 55 ára og sá fyrstu hrukkurnar birtast á andliti sínu þá einsetti hún sér að leita fanga í íslenskri náttúru og finna öflug efni sem gætu unnið á móti öldrun húðarinnar. Afraksturinn er að finna í húðvörunum frá TARAMAR. **2**

Íslensku húðvörurnar frá TARAMAR fara nú sigurför um heiminn. Þær hafa fengið fjölda verðlauna í alþjóðlegum samkeppnum og meðal annars verið valdar sem „Best Organic Beauty Brand 2020“ hjá Global Makeup Awards og „Most Innovative Company of the Year 2021“ hjá Lux-life Health and Wellness Awards. Auk þess voru TARAMAR vörurnar valdar úr miklum fjölda umsókna til að koma fram í Gallerii Flying Solo á Manhattan í New York, en þessi nýttiskulega búð setur til hliðar ákveðið rými til að kynna það sem þeim finnst nýtt og spennandi á markaðnum.

Vildarklúbbur TARAMAR hefur vaxið hratt bæði hér heima og erlendis og telur nú rúmlega 3.000 manns. Allir vildarvinir hafa aðgang að vörum á góðu verði og fá inneign á viðskiptareikning í hvert skipti sem þeir versla á tamar.is, eða tamarseeds.com ef viðkomandi er erlendis. Nýir vildarvinir fá alls 5.000 punkta (5.000 krónur) í inneign í fyrsta skipti sem þeir skrá sig í klúbbinn.

### Húðvörur svo hreinar að það má borða þær

Nýsköpunin á bak við TARAMAR vörurnar á uppruna sinn í tveimur ólíkum sviðum innan Háskóla Íslands, en stofnendur TARAMAR, Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson, eru bæði prófessorar, annars vegar við í Líf- og umhverfisvísindadeild og hins vegar við Matvæla- og næringarfræðideild.

Guðrún segir að þar sem þau komu ekki úr lyfjageiranum, þar sem flestar húðvörur eru þróaðar, heldur úr fagsviðum matvæla- og sjávarlíffræði, þá hafi TARAMAR vörurnar orðið líkari matvælum heldur en venjulegum snyrtivörum, sem oft innihalda efni sem ekki má borða og jafnvel efni sem hafa slæm áhrif á húð og innra umhverfi líkamans.

„Það var vissulega eitt af markmiðum okkar að vörurnar okkar yrðu svo hreinar að það mætti tæknilega borða þær. Það hefur tekist og í dag innihalda þessar vörur ekkert sem er skaðlegt, hvorki fyrir mannfólkið né umhverfið,“ segir Guðrún.

„Þegar ég fór fyrst að skoða innihaldsefni í húðvörum þá má segja að ég hafi orðið fyrir smá sjokki. Það er eiginlega ótrúlegt hvaða efni má finna í þessum vörum, en fyrir utan að vera oft skaðleg þá eru þetta almennt ódýr efni sem maður er vanur að sjá í flísalími, málningu eða jafnvel í dekkjum undir bifreiðar,“ segir Guðrún.

„Þetta eru efni sem eru framleidd í milljónum tonna og hægt að kaupa mjög ódýrt. Það gerir mann vissulega reiðan að sjá síðan þessi sömu efni komin í flottar og glitrandi krukur og sold sem rándýr krem.“

### Lífvirkar ferjur færa andoxunarefni í dýpri lög húðarinnar

„Við gerðum okkur snemma grein fyrir því hvaða verðmæti voru fölgin í íslensku hræfnunum og einsettum okkur að þróa aðferðir sem háværkuðu gæði og virkni þessara efna sem og leiðir til að vernda þau, allt frá uppskeru jurtanna og þangað til þær höfðu verið verkaðar í tilbúin extrókt sem eru blönduð saman við önnur efni í formúlunni,“ útskýrir Guðrún. „Til að ná þessu markmiði og búa til virkar formúlur sem höfðu afgerandi jákvæð áhrif á húð þá nýttum við meira en 25 ára reynslu Kristbergs við rannsóknir og gerð á lífvirkum ferjum til að pakka efnunum inn í litla bolta (liposome) sem voru gerðir úr sama efni og finnast í öllum frumuhimnum



Stofnendur TARAMAR, Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson, prófessorar við Líf- og umhverfisvísindadeild og Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands, með starfsmönnum sínum: Sólrúnu Önnu Simonardóttur, Ragnhildi Einarsdóttur og Júlíu Stefánsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

” Í dag innihalda þessar vörur ekkert sem er skaðlegt, hvorki fyrir mannfólkið né umhverfið.

(fosfólípíð) en þessar ferjur vernda efnin og færa þau inn í dýpri lög húðarinnar.“

### Staðfest virkni frá óháðri franskri rannsóknarstofu

„Ferjurnar gjörbreyta virkni formúlanna. Þannig nýtast eiginleikar þangsins og jurtanna sem best, en við höfum þróað gríðarlega óflug andoxunarefni sem og efni sem styrkja frumuhimnur, stuðla að heilbrigðum bruna innan í frumunum, draga úr þrota og stoppa niðurbrot á uppbyggingarvefjum húðarinnar, s.s. kollageni og elastin,“ segir Guðrún. „Í dag höfum við fengið þessa virkni staðfesta hjá óháðum erlendum rannsóknarstofum og höfum þannig staðfesta tölfræði yfir hvað vörurnar gera.

Prófanir á 32 konum í 28 daga í Frakklandi sýndu til dæmis að serumíð eykur kollagen í húð um allt að 20% um leið og það byggir upp raka og dregur úr vökvamissi um 18%, jafnar húðina og gerir hrukkur og finar línur minna áberandi. Í öllum tilfellum þá fer húðin að ljóma og fær á sig fállegri lit,“ segir Guðrún. „Reynsla okkar hefur einnig sýnt að fólk metur mikið hvað húðin verður þægileg og skemmtileg viðkomu. Húðin er stærsta líffærið okkar og það hefur því áhrif á alla líkamsstarfsemina sem og andlega liðan að hún sé í lagi og að okkur líði vel í henni.“

### Dagkremið endurræsir húðina

„Dagkremið er fyrsta kremið í TARAMAR línunni sem ég þróaði,“ segir Guðrún. „Ég var orðin 55 ára gömul og ég upplíði að húðin var orðin föl og líflaus. Þegar ég fór að lesa mér til



Íslensku húðvörurnar frá TARAMAR hafa hlotið fjölda alþjóðlegra viðurkenninga og voru meðal annars valdar úr fjölda snyrtivörumerkja til kynningar á nýsköpun hjá tiskuhúsinu Flying Solo á Manhattan í New York.



og skoða rannsóknir annarra þá komst ég að því að þetta er algengt og ástæðan liggur meðal annars í því að húðin er orðin stífluð, bæði vegna notkunar á kremum og snyrtivörum sem innihalda efni sem húðin á erfitt með að losa sig við, en einnig vegna hægari bruna og uppsöfnunar á úrgangs-

efnum úr líffræðilegum ferlum líkamans.

Mér fannst þetta mjög áhugavert og það fór í gang langt og mikið rannsóknarferli þar sem ég prófaði og mældi fjöldann allan af efnunum og formúlum. Á þremur árum varð dagkremið til en í dag er ég einna stoltust af þessu kremi,“ segir

Morgunfrú frá lífrænu býlunum Móður Jörð og Hæðarendi er undirstaða í dagkreminu og veitir því sérstaka eiginleika sem felast í styrkingu húðarinnar.

MYND/ADSEND

Guðrún. „Það er byggt upp til að fá frumurnar til að vinna betur og losa út úrgangsefni. Það inniheldur efni úr þörungum, morgunfrú og hvönn sem styrkja frumurnar, gera húðina teygjanlegri og sterkari og viðhalda mildri hreinsun (sem margir verða ekki varir við) með þeim afleiðingum að húðin fer að ljóma og tekur á sig hraustlegt og fállegt útlit. Ég geng ekki lengur um eins og draugur, heldur er húðin mín fálleg á litinn og mér líður bara frábærlega. Í raun stend ég mig oft að því að strjúka hana og fyllast velliðan, sem er svo dásamlega skemmtilegt.“

Það má líka geta þess að dagkremið fékk verðlaun í flokki „Best Moisturizing Cream“ í stórrí alþjóðlegri samkeppni, the Global Makeup Awards UK 2021.

Nánari upplýsingar um vörurnar á tamar.is sem jafnframt er vefverslun.



# Bílablaðið

6. APRÍL 2022



## Vel heppnuð hönnun

Hafin er sala á alveg nýjum rafbíl undir nafni Megane-fólksbílsins sem kallast E-Tech. Hann er ný hönnun frá grunni og byggir á sama undirvagni og boðinn verður í Nissan Ariya og væntanlegri nýrri kynslóð Nissan Leaf. **4**

MYND/RENAULT



Það er mögnuð upplifun að keyra rafbílinn Mercedes-Benz EQS sem er með mesta drægi rafbíla í dag. **6**



Toyota Corolla er nú komin í öflugri 295 hest-afla GR-útgáfu, en aðeins í Bandaríkjunum. **2**



DeLorean-rafbíllinn verður frábrugðinn bílnum frá áttunda áratugnum þegar hann verður frumsýndur. **5**

**EXIDE**  
TECHNOLOGIES

## STUÐ Í ÚTILEGUNNI MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir AGM rafgeymar henta vel fyrir ferðavagna, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgufun í hleðslu og lengra úthald. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.



Ráðgjafar Olís veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is).

**olis**

## Audi Q6 sýnir trjónuna

njall@frettabladid.is

Njósnamyndir hafa náðst af framenda nýs Audi Q6 sem sýna nýtt andlit merkisins. Um nýjan bíl er að ræða með nýjum undirvagni sem hannaður er í samstarfi við Porsche. Billinn verður frumsýndur seint á þessu ári og fer á sölu 2023 þar sem hann mun keppa við Tesla Model Y.

Eins og sjá má verður það sem áður var grill í öðrum lit og nokkuð áberandi á bílnum. Til hliðar við það eru loftinntök sem eru lokuð og gegna aðeins hönnunarhlutverki. Loftinntök undir stuðara virðast hins vegar opnast eftir þörfum kælingar bílsins. Fyrir ofan eru mjóslegin aðalljós og dagljós. Billinn er að svipaðri stærð og Audi Q5 en með meira hjólhafi. PPE-undirvagninn mun einnig koma í nýjum Porsche Macan sem frumsýndur verður á næsta ári en undirvagninn



Nýr Audi Q6 verður með nýjum framenda með svokallað grill í öðrum lit. MYND/AUTOEXPRESS

er þróaður frá J1 undirvagninum sem er undir Audi e-tron GT og Porsche Taycan. Það þýðir að um 800 volta rafkerfi er að ræða með allt að 350 kW hleðslugetu. Ný undirvagninn verður með rafhlöðu með meira en 700 km drægi í Audi A6 tilraunabílnum svo að drægi Q6 verður einhvers staðar nálægt þeirri tölu. Hestöflin verða rúmlega 450 og billinn verður með fjórhjóladrifi, þótt einnig verði hægt að fá hann án þess. ■

## Sagan endalausar af sölu SsangYong

njall@frettabladid.is

Eins og sagt var frá hér á síðum blaðsins fyrir nokkrum vikum var SsangYong-merkið selt rafbilafyrirtækinu Edison Motors. Sá gjörningur virðist nú hafa farið út um þúfur þar sem engin greiðsla hefur borist frá Edison Motors enn þá. Greiðslan átti að fara fram 25. mars en barst ekki og því er samningurinn ógildur að sögn suður-kóreska tímaritsins The Investor.

Hvað verður um rúmlega 3 milljarða króna innborgun Edison Motors er ekki vitað. SsangYong-merkið hefur staðið völtum fótum síðan Mahindra seldi 75% hlut



Framtíð SsangYong-merkisins er í mikilli óvissu sem og sala á merkinu hér og annars staðar í Evrópu.

sinn í fyrirtækinu árið 2020. Salan til Edison Motors hafði blásið í glæðurnar ásamt því að gefa Edison Motors aðgang að söluneti SsangYong um heim allan. ■

## Toyota bZ4X fær meira drægi

njall@frettabladid.is

Samkvæmt WLTP-tölum Toyota mun nýr rafbíll merkisins fá meira drægi en áður var áætlað. Fær framhjóladrifin Toyota bZ4X allt að 515 km drægi og fjórhjóladrifsútgáfan 470 km drægi í stað 450 km áður. Fyrstu Evrópuafhendingarnar bílsins fara fram í sumar. Hann mun keppa við nýjan 201 hestafla Nissan Ariya sem verður með sama drægi en aðeins boðinn með framhjóladrifi á meðan að Toyota bZ4X verður með fjórhjóladrifi og 215 hestöfl. ■



Toyota hefur birt tölur um meira drægi bZ4X svo hann verði samkeppnishæfur við Nissan Ariya.

Stefnt er að því að Toyota bZ4X verði kynntur á Íslandi í júní.



Að aftan er þrefalt pústkerfi sem gerði sitt til að bæta við þessum 27 hestöflum sem GR Corolla hefur á GR Yaris.

MYND/TOYOTA

## GR-útgáfa Toyota Corolla frumsýnd með 295 hestöfl

Það er af sem áður var og nýjar kraftaútgáfur Toyota-bíla spretta fram eins og gorkúlur með merkingum frá Gazoo Racing-deild Toyota.

njall@frettabladid.is

Það eru orðin 20 ár síðan Toyota hefur látið frá sér kraftaútgáfu af Corollu en slíkur bíll var frumsýndur í síðustu viku. Nýja GR Corolla er með sömu 1,6 lítra, þriggja strokka vél með forþjöppu og fyrirfinnst í GR Yaris. Sú vél er 268 hestöfl en þökk sé endurhönnuðu pústkerfi meðal annars er vélin núna 295 hestöfl. Billinn verður með sérhannaðri sex girra keppnisbeinskippingu í stað sjálfskiptingar sem flestir höfðu búist við.

Hægt verður að fá bílinn í svokallaðri brautarútgáfu þar sem búnaður eins og Torsen-tregðu-



Billinn er með breiðari hjólskálum og grillið er mun stærra en á hefðbundinni Corollu.

læsing, koltrefjapak, sérhönnuð vindskeið og keppnisinnrétting er staðalbúnaður. Sá bíll verður aðeins fáanlegur á fyrsta ári framleiðslunnar. Hægt verður að stilla átak milli fram- og afturhjóladrifs og í Sport Mode fer 70% af aflinu til afturhjóllanna. Að innan er billinn með sérhönnuðum skjá í mælaborði sem sýnir meðal annars þrýstinginn á forþjöppunni og

stöðu girkassans en hann er með stuttri færslu og það er gamaldags handbremsa.

Toyota GR Corolla verður líklega ekki seldur í Evrópu en samkvæmt reglu hjá markaðsdeild Toyota má ekki selja meira en þrjár GR útgáfur á hverju markaðssvæði fyrir sig. Það ætti þó ekki að koma í veg fyrir að hægt væri að bjóða upp á bílinn hérna. ■

## Aldrei fleiri afhendingar hjá Tesla

njall@frettabladid.is

Tesla hefur birt tölur yfir fjölda afhendinga á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en rafbílamerkið afhenti samtals 310.048 bíla á heimsvísu á þessu tímabili sem er nýtt met. Það er athyglisvert í ljósi þess að bílamerki um allan heim hafa glímt við skort á ihlutum og tafir á framleiðslu vegna heimsfaraldursins og stríðsins í Úkraínu. Er það aðallega



Það er helst Tesla Model 3 sem stendur fyrir sölu merkisins ásamt systurbílnum Model Y.

verksmiðja Tesla í Sjanghæ sem hefur þurft að glíma við lokanir en einnig hafa orðið tafir á framleiðsluleyfi á nýrri verksmiðju Tesla í Berlín.

Er fjölgunin 68% á milli ára og er hún mest að þakka Tesla Model 3 og Model Y sem eru yfir 295.000 eintök. Af Tesla Model S og Model X seldust aðeins 14.724 eintök. Tesla vonast til að sala merkisins muni aukast um 50% á þessu ári. ■


# Revolution Macalibrium®


Hjálpar þér að eldast með reisn!

Karlmenn sem komnir eru á miðjan aldur glíma margir hverjir við einkenni sem rekja má til minnkandi framleiðslu testósteróns.

**Revolution Macalibrium®** er blanda ólíkra arfgerða macajurtarinnar, sérstaklega ætluð karlmönnum með það að markmiði að koma jafnvægi á hormónabúskapinn.

Fæst í apótekum, Fjarðkaup, Nettó og Heimkaup.is





## Vinsæli fjórhjóladrifni rafbíllinn

Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflagjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með stillanlegri loftþúðafjöðrun og allt að 341 km drægni\* kemur hann þér í rafmagnað samband við landið. Með 600 lítra farangursrými að aftan og að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar. Fjórhjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á undir sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni- og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðunni.

# e-tron 50



### Pro-line

**9.690.000 kr.**

#### Búnaður umfram staðalbúnað:

- Advanced útlit
- Svartir langbogar
- Hiti í stýri
- Bakkmyndavél
- Fjarhitun
- Geymslupakki
- Lyklalaust aðgengi
- Blindpunktsaðvörðun
- Matrix LED ökuljós
- Svartur útlitspakki plus
- 21" álfelgur

### Advanced

**9.690.000 kr.**

#### Búnaður umfram staðalbúnað:

- Advanced útlit
- Ál langbogar
- 20" álfelgur - Audi sport
- Hiti í stýri
- Bakkmyndavél
- Fjarhitun
- Geymslupakki
- Leður/leðurlíki áklæði á sætum
- Rafmagn í framsætum og minnisstillingar fyrir bilstjóraseti
- Mjóbaksstuðningur
- Lyklalaust aðgengi
- Blindpunktsaðvörðun
- 2 auka USB tengi að aftan

### S-line

**10.990.000 kr.**

#### Búnaður umfram Advanced:

- S-line útlit og sportpakki
- 21" álfelgur
- Sportstýri með hita
- Fjarlægðartengdur hraðastillir
- Fjarhitun
- Alcantara/leðuráklæði með S-line logo
- Bang & Olufsen hljómkerfi
- Sportsæti að framan
- Audi stafrænt mælaborð plus
- Þakklæðning í svörtu
- Svartur útlitspakki plus
- Ambient innljósapakki - marglita
- Matrix LED ökuljós
- Gular bremsudælur
- Les umferðaskilti

5  
Ár á ábyrgð hjó Hekla

**8** Ára ábyrgð  
á rafhlöðum

→ Eigum nokkra lausa til afhendingar strax



Laugavegi 174, 105 Rvk. → Sími 590 5000 → [www.hekla.is](http://www.hekla.is)

Höldur Akureyri → Bílasala Selfoss → Bílás Akranes → Bílaskjarninn Reykjanesbæ → BVA Egilstöðum

\*Drægni og notkun mibást við uppgefnar tölur frá framleiðanda með WLTP-mælingu. Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn, bilum á tilboðsverði.



Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

Reynsluakstur

# Renault Megane E-Tech

## KOSTIR

- Farangursrými
- Búnaður
- Aksturseiginleikar

## GALLAR

- Há axlarlína
- Stjórnþúnaður hljómtækja
- Aðeins framhjóladrif

Grunnverð: 4.990.000 kr.  
Hestöfl: 220  
Tog: 300 Nm  
Rafhláða: 60 kWst

Drægi: 470 km  
Hleðslugeta DC: 130 kW  
Hröðun 0-100 km: 7,2 sek.  
Hámarkshraði: 160 km

L/B/H: 4.200 /1.768/1.505 mm  
Hjólhaf: 2.685 mm  
Farangursrými: 440 lítrar  
Eigin þyngd: 1.711 kg

## Vel heppnuð hönnun

Renault og Nissan hafa þróað saman undirvagna fyrir næstu kynslóðir rafbíla og fyrsta afurð þess samstarfs er nú væntanleg á markað.

Það er hinn nýi Renault Megane E-Tech sem kynntur var á Spáni fyrir nokkrum vikum. Billinn er hugsaður sem keppinautur við VW ID.3 og virðist ætla að verða alvöru keppinautur enda varð hann í öðru sæti í vali á bil ársins í Evrópu fyrir skemmstu. Þessi rafdrifni Megane verður seldur við hlið núverandi kynslóðar til ársins 2024.

Þó að Renault hafi ákveðið að nota Megane-nafnið er ekki þar með sagt að byggt sé á grunni síðustu kynslóðar, því að Megane E-Tech er í raun og veru bíll sem er hannaður alveg frá grunni. Hönnunin er ákveðin og mun framúrsteftnulegri en áður og við skulum ekki gleyma því að Renault hefur smíðað rafbíla áður og nýtur ákveðinnar reynslu í þeim efnum. Undirvagninn er nýr af nálinni og mest af vélbúnaði bílsins er kominn fyrir framan hvalbak enda aðeins um framhjóladrifsútgáfur að ræða eins og er. Það þýðir líka að hægt er að spara í þyngd bílsins þar sem að minna fer í rafmagnsleiðslur og loftræstikerfi. Auk þess var sérstök áhersla lögð á hönnun rafhlöðunnar sem er aðeins 11 sentimetrar á þykkt.

» Það kemur þægilega á óvart hversu góð millihróðun er í bílnum.

Að innan er billinn vel heppnaður með góðri blöndu upplýsingakerfis og hefðbundinna takka. Upplýsingakerfið notast við Google stýrikerfi og er einfalt í notkun. Líkt og svo oft áður er mikið af stjórntækjum bílsins í kringum stýrið eins og fyrir hljómtækni bílsins, sem hefði verið hægt að hafa í einum takka í mælaborði. Líklega hafa hönnuðir Renault ekki viljað breyta út af vananum í þessu tilliti. Plássíð í bílnum er furðu gott enda gólfíð slétt og það er ágætis pláss á milli sætaráða. Axlarlína nær frekar hátt og þess vegna mun smáfólkið ekki sjá út um hliðarrúðurnar. Farangursrými er 440 lítrar sem er gott í þessum flokki og það er djúpt líka. Á móti kemur að það er ekkert farangursrými undir húddinu.

Renault Megane E-Tech kemur með tveimur stærðum rafhláða, 40 eða 60 kWst. Við prófuðum bílinn með stærri rafhlöðunni en hún gefur bílnum 470 km drægi sem er 50 km betra en hjá VW ID.3. Billinn kemur með 220 hestafla rafmótor sem þýðir að billinn er 7,2 sekúndur í hundraðið sem er vel viðunandi. Það sem kemur þægilega á óvart er hversu góð



Aksturseiginleikar Megane E-Tech eru ekki síðri í þjóðvegaakstri.



Búið er að koma rafmótor og miðstöðvarkerfi haganlega fyrir frammi.



Rúmgott 440 lítra farangursrýmið er djúpt og aðgengilegt.



Mælaborðið er hannað utan um ökumann með stórum, lóðréttum upplýsingaskjá í miðjustokki og þægilegum upplýsingaskjá fyrir framan ökumann.

millihróðun er í bílnum sem er ekki alltaf málið í rafbílnum af þessari stærðargráðu. Einnig koma aksturseiginleikar hans á óvart þar sem billinn er aðeins 1.650 kg sem er bara 50 kílóum meira en bensínútgáfa bílsins. Þess vegna er billinn góður í beygjum og gefur einnig góða tilfinningu fyrir stýri. Loks er fjöðrunin líka í betri kantinum enda er hún fjöllíða að aftan sem bætir enn aksturseiginleikana.

Grunnverð Megane E-Tech byrjar í 4.990.000 kr. en með stærri rafhlöðunni er hann frá 5.690.000 kr. Hans helsti keppinautur er eins og áður sagði Volkswagen ID.3 en hann er með 58 kWst rafhlöðu og kostar frá 5.540.000 kr. Verðmunurinn er því ekki mikill á þessum bílnum. Annar hugsanlegur keppinautur er náskyldur en það er Nissan Leaf sem með 62 kWst rafhlöðunni kostar frá 5.290.000 kr. ■



Eins og sjá má af hliðarsvip Megane E-Tech eru hurðirnar stórar og felgurnar sömuleiðis.

# Malbik

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 6. apríl 2022

Kynningar: Malbikstöðin, Colas Ísland, Malbikunarstöðin Höfði.



Vilhjálmur Þór Matthíasson, framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar, var langt á undan sinni samtíð í endurvinnslu og framleiðslu á grænu malbiki.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Kröftug uppbygging til framleiðslu á umhverfisvænu gæðamalbiki

Malbikstöðin er eitt af stærstu fyrirtækjunum á sviði malbikunar hér á landi. Fyrirtækið er í kröftugri uppbyggingu á Esjumelum og hefur lagt megináherslu á umhverfisvernd í starfsemi sinni en Malbikstöðin stefnir á að vera leiðandi í samfélagslegri ábyrgð. Græni malbikshringurinn er nýtt slagorð fyrirtækisins. **2**



Mikil uppbygging er nú hjá Malbikstöðinni, bæði á Esjumelum þar sem framleiðslan fer fram og í tækjabúnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI

Vilhjalmur Þór Matthíasson, framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar, segir að uppbyggingin sé ekki einungis til að framleiða hágæða malbik heldur sömuleiðis til að vinna að því að það sé eins umhverfisvænt og hægt er. „Við erum að stækka og breyta Malbikstöðinni á Esjumelum til að geta unnið betur að endurvinnslu malbiks. Við tökum á mót malbiksafgöngum og uppbroti til endurvinnslu. Við höfum verið að gera þetta í nokkurn tíma en erum að efla stöðina og stækka enn frekar. Svæðið verður lagað og umhverfið allt verður með betri aðkomu,“ útskýrir Vilhjalmur.

„Einnig erum við að leggja í miklar endurbætur á tækjabúnaði og erum að fá til landsins mikið af nýjum tækjum þannig að við erum að undirbúa okkur fyrir sumarið fyrir um hálfan milljarð,“ segir Vilhjalmur og bætir við að verkefnalistinn fyrir sumarið sé orðinn langur nú þegar. „Við höfum aldrei verið með jafnmörg ákveðin verkefni á þessum árstíma sem verða framkvæmd á þessu ári en flestir þekkja hvernig vegirnir koma undan vetri.“

**Mikilvægur samningur við Sorpu**  
Vilhjalmur bendir á að nýlega var skrifað undir samning við Sorpu um skiptingu á orkugjafa í framleiðslu á malbiki. Með því verður framleiðslan enn umhverfisvænari. „Malbikstöðin kaupir árlega allt að milljón rúmmetra (Nm<sup>3</sup>) af hreinsuðu metangasi. Keypt magn Malbikstöðvarinnar samsvarar um helmingi af afkastagetu GAJU, gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu. Kaupin eru liður í áframhaldandi stefnu Malbikstöðvarinnar um að vera leiðandi á sínum markaði þegar kemur að umhverfisvernd,“ segir Vilhjalmur. „Árið 2012 settum við til dæmis upp endurvinnslustöð fyrir malbik í Gufunesi en þá hafði enginn áhuga á grænu malbiki og má segja að við höfum verið langt á undan okkar samtíð. Nýja stöðin sem við byggðum svo upp á Esjumelum 2020 var reist með það fyrir augum að nota metan við framleiðsluna,“ greinir hann frá.



Malbikstöðin er á Esjumelum. „Við höfum byggt upp fullkornustu malbiksstöð landsins þegar kemur að umhverfismálum, frætt, þjálfað og vakið áhuga starfsfólks okkar á grænni malbiksframleiðslu,“ segir Vilhjalmur.



Fyrirtækið leggur mikla áherslu á gott starfsumhverfi og starfsandinn er mjög góður hjá Malbikstöðinni.

#### Græni malbikshringurinn

„Umhverfisvernd hefur því alltaf verið mér hugleikin og það eru komin allavega góð tíu ár síðan ég byrjaði að gera tilraunir með endurunnið malbik með því að setja upp endurvinnslustöð fyrir efnið. Ég var að öllum líkindum tíu árum of fljótur á mér með þá byltingu þar sem áhuginn fyrir grænu malbiki var á þeim tíma gott sem enginn.

Það er líklega loksins óhætt að segja að tími græns malbiks sé kominn og ég er alveg ótrúlega feginn og þakklátur fyrir að hafa lagt mikla vinnu og mikið fjármagn til þess að við hjá Malbikstöðinni værum sem best

undirbúin þegar sá tími kæmi. Við höfum byggt upp fullkornustu malbiksstöð landsins þegar kemur að umhverfismálum, frætt, þjálfað og vakið áhuga starfsfólks okkar á grænni malbiksframleiðslu og lagt mikið upp úr því að við alla starfsemi okkar sé hugað að umhverfisvernd, hvort sem það er í þróun og framleiðslu malbiks eða lagningu þess og eftirfylgni. Græni malbikshringurinn er nýtt slagorð sem er lýsandi fyrir starfsemi og snýr að mikilvægi þess að endurvinnna malbik. Óskastadan væri auðvitað sú að með tímanum yrðu allir vegir landsins lagðir með endurnunu og þar með umhverfisvænu malbiki.



Nú er verið að stækka og breyta Malbikstöðinni á Esjumelum í Reykjavík til að hægt sé að endurvinnna malbik enn frekar. Stöðin tekur á mót malbiksafgöngum og uppbroti til endurvinnslu og vinnur að grænu malbiki.



Tækin eru orðin mun öruggari fyrir starfsmenn en áður var. Að auki hafa vinnumerkingar batnað gríðarlega.

#### Mörg verkefni fram undan

Háannatími er fram undan í malbiksframleiðslu og lagningu þess en Malbikstöðin er með gæðaeftirlit á rannsóknarstofu fyrirtækisins. Þar er fylgst með öllu framleiðsluferli malbiks og að ströngustu gæðakröfum sé framfylgt. „Malbik er okkur öllum nauðsynlegt og snertir líf flestra daglega, þó svo að við séum líklega fæst eitthvað að spá nokkuð í það að ráði,“ segir Vilhjalmur sem er með langa reynslu í faginu, byrjaði ungur í malbiksvinnu hjá föður sínum sem vann við malbikun hjá Miðfelli.

Hjá Malbikstöðinni starfa 55 manns og Vilhjalmur segir að starfsandinn sé góður. „Andinn


**” Einnig erum við að leggja í miklar endurbætur á tækjabúnaði og erum að fá til landsins mikið af nýjum tækjum þannig að við erum að undirbúa okkur fyrir sumarið.**

í fyrirtækinu er frábær og áhugi fyrir því að vinna saman og gera vel. Stemningin á vinnustaðnum einkennist af gleði, samheldni og virðingu og það skiptir mig verulega miklu máli að starfsfólkinu líði vel í vinnunni og að það finni hjá sér að framlag þess til fyrirtækisins skiptir máli,“ segir Vilhjalmur. ■

Nánar má kynna sér starfsemi á malbikstodin.is  
tilbod@malbikstodin.is



**MALBIKSTÖÐIN**



Við erum stolt af því að vera



Framúrskarandi fyrirtæki

# VIÐ ERUM SÉRFRÆÐINGAR Í MALBIKUN

Malbikunarframkvæmdir eru okkar sérsvið. Við tökum að okkur malbikun á bílastæðum, stígum, götum, vegum og hvar sem þarf að malbika. Við tryggjum fyrirtaks þjónustu sem svarar ýtrustu gæða- og öryggiskröfum. Hafðu samband.



**FAGVERK**



**MALBIKSTÖÐIN**

malbikstodin.is | 864 1220 | Flugumýri 26 | Mosfellsbær

# Þetta er dauðans alvara

Colas Ísland er hluti af Colas samsteypunni, sem er stærsti malbiksverktaki í heiminum. Mikil áhersla er lögð á gæði í allri starfsemi en öryggi og heilsa starfsmanna er í efsta forgangi. Forsvarsmenn fyrirtækisins biðla til ökumanna um að taka tillit til starfsfólks á vegum úti.

Colas samsteypa er starfrækt í fimm heimsálfum og 50 löndum og starfa 56.000 manns hjá fyrirtækinu.

„Hér á Íslandi erum við með yfir 35 ára sögu en Colas samsteypa er yfir 90 ára gamalt fyrirtæki. Yfir sumartímamann starfa um 120 starfsmenn hjá okkur og erum við með 5-7 vinnuflokka þegar umsvifin eru sem mest,“ segir Hlynur Þór Hjaltason, öryggisstjóri hjá Colas Íslandi.

Mikil áhersla er lögð á gæði í allri starfsemi Colas. Fyrirtækið er ISO 9001-gæðavottað, ISO 14001-umhverfissvottað og ISO 45001-öryggisvottað.

„Öryggis- og heilsuáætlunir eru í forgangi hjá Colas, þar sem öryggið er alltaf númer eitt, tvö og þrjú. Við leggjum mikla áherslu á að tryggja starfsmönnum gott og heilbriggt vinnuumhverfi þar sem þeim líður vel, bæði líkamlega og andlega. Það er afar mikilvægt og í raun forsenda þess að starfsemi gangi eins vel og raun ber vitni.“ segir Hlynur.

„Það er mikið um að vera í öryggismálum á svona stórum vinnustað þar sem fjölbreytt verkefni eru unnin. Mikil áhersla er lögð á að búnaður, fræðsla og nýliðabjálfun sé til fyrirmyndar og miðlun upplýsinga er mikilvægur þáttur í að auka öryggisvitund starfsmanna.“

Hlynur segir fyrirtækið hafa á síðustu árum náð mjög góðum árangri í öryggismálum. Öryggismenningin hjá Colas Ísland hefur aukist og samhliða því hefur dregið verulega úr fjölda og alvarleika slysa hjá starfsfólki fyrirtækisins.

„Því má að stórum hluta þakka að starfsmenn Colas eru duglegir að senda ábendingar til okkar í atvikaskráningarkerfið okkar þar sem við náum að rótargreina atvikin og koma með lausnir til úrbóta,“ segir hann.

## Lífsreglur Colas

Colas vinnur að því að byggja upp öryggismenningu hjá sér á heimsvísu með ýmsu móti.

Árið 2020 voru teknar upp lífsreglur Colas. Hlynur segir reglurnar taka á öllum öryggisþáttum sem starfsemi tekur á.

„Það voru búnir til þæklingar, fræðsluáætlunir og myndbönd til að byggja upp heildstætt þjálfunarprogrammið með öryggi starfsmanna að leiðarljósi. Hjá okkur er öryggisstjóri í fullu starfi og fjölmenn öryggisnefnd sem fundar reglulega og tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi,“ útskýrir hann.

„Almennir starfsmenn Colas taka þátt í öryggisúttektum hjá okkur ásamt því að taka þátt í að útbúa áhættumót fyrir öll okkar störf. Hjá okkur starfa líka sérfræðingar með viðamikla þekkingu og reynslu og er það ómetanlegt fyrir starfsemi.“

**Varnarbifreiðar með öryggispúða** Ein af nýjungum sem Colas hefur tekið í notkun eru svokallaðar varnarbifreiðar með árekstrarpúða. Colas á tvo púðabíla, annan sem er festur er á vörubíl sem er notaður við götur þar sem umferð



Hlynur segir að Colas Ísland setji öryggi starfsmanna í fyrsta sæti.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Reynsla okkar er að starfsfólki finnur til meira öryggis eftir að fjárfest var í varnarbifreiðunum.

Hlynur Þór Hjaltason

er mikil og hröð og annan minni þar sem umferðarhraði er minni eins og við viðgerðir inni í hverfunum.

„Við notum stafræn skilti til að miðla upplýsingum til vegfarenda á skilmerkilegan hátt og leggjum mikið upp úr góðum lokunum og merkingum vinnusvæða. Það eykur öryggi starfsmanna til muna og er reynsla okkar að starfsfólki finnur til meira öryggis eftir að fjárfest var í varnarbifreiðunum,“ segir Hlynur. „Varnarbifreiðarnar eru á

götunni og eru þær fyrstu sem ökumenn mæta þegar komið er að vegavinnu. Þær eru hugsaðar sem eins konar stuðpúði. Um daginn var ekið á slíkan árekstrarpúða á Hellisheiði þar sem aðstæður voru erfiðar, þar bjargaði púðinn lífi þeirra starfsmanna Vegagerðarinnar sem þar voru við vinnu. Þá sýndi sig heldur betur að þessar bifreiðar veita góða vörn.“ Púðinn virkar þannig að hann tekur höggð af árekstrinum og leggst saman þannig að bílstjóri bíls á einnig að sleppa eins vel og hægt

er miðað við aðstæður.

Stóra áherslumálið hjá Colas Íslandi í ár er að auka öryggi starfsmanna á vegunum við vegavinnu.

„Við viljum auka skilning vegfarenda á nauðsyn þess að loka og þrengja að umferð þegar þess þarf og stórauka umburðarlyndi vegfarenda. Við höfum fundið fyrir því að það er ekki alltaf skilningur fyrir þrengingum og lokunum hjá ökumönnum. Þeir verða pirradir út af umferðarþappum, en þessar aðgerðir eru fyrst og fremst til að



Það þarf svo lítið til að slysin gerist. Sólin er kannski lágt á lofti og blindar öku-  
mann eða við erum annars hugar.

Hlynur Þór Hjaltason

verja starfsmennina, sem eru að vinna nauðsynlega vinnu," segir Hlynur.

„Í framkvæmdum hér á landi virðist oft vera að lokanir séu algjörar lágmarkslokanir. Áherslan hefur verið lögð á að halda umferðinni gangandi fremur en að tryggja öryggi starfsfólksins. Starfsfólkið vinnur nánast inni í miðri umferð, umferð þar sem stór hluti ökumanna er með hugann og jafnvel augun við eitthvað annað en aksturinn.“ Þætir hann við áhyggjufullur.

„Oft og tíðum höfum við orðið vör við að hluti ökumanna er með hugann við annað, símanotkun ökumanna er að aukast. Oft er unnið við vegavinnu á annarri akrein af tveimur og starfsfólk okkar segir að bílar hafi oft komið ansi nálægt því. Fyrir nokkrum árum varð slys sem hefði getað orðið alvarlegt þegar bíll ók utan í starfsmann. Við fórum í átak árið 2019 eftir að fyrirtæki í þessum iðnaði í Danmörku voru í svona herferðum árin 2018-2019. Það var skiltaáttak og fengum við Colas í Evrópu til að fara saman í það áttak með okkur. Við settum upp skilti sem á stóð: Mamma og pabbi vinna hér. Atakið ýtti aðeins við fólki og fékk það vonandi til að hugsa. Bílstjórar óku varlegar fram hjá vinnusvæðunum. Í kringum allar þessar vélar og tæki sem fólk sér þegar malbikun fer fram er lifandi fólk. Við finnum aukinn skilning á því og viljum halda þeirri vitund á lofti.“

#### Starfsfólkið vill komast heilt heim

„Við náum því miður sjaldnast að tryggja öryggi starfsmanna okkar jafn vel og öryggisreglur Colas ætlast til. Vinnureglur innan samsteypunnar, sem unnið er eftir í 49 löndum, segja til dæmis til um að loka eigi alveg vegum í þéttbýli, ef akreinar eru þrjár eða færri.“ útskýrir Hlynur. „Þetta myndi til dæmis vera þannig að við fengjum að loka öllum akreinum Ártúnsbrekku í aðra áttina ef vinna væri í gangi á einni eða fleiri akreinum svo visað sé til þekkrar umferðargötu.“ segir Hlynur. „Þetta höfum við ekki fengið að gera jafnvel þótt þessar mestu umferðargötur séu oftast malbikaðar á nóttunni.“

Það eru ekki nema nokkrar vikur frá því að okkur bárust fréttir að utan af dauðsfalli á vinnusvæði Colas. Þá hafði ökumaður sofnað undir stýri og keyrði á miklum hraða inn á vinnusvæði sem verið var að loka, með þeim skelfilegu afleiðingum að starfsmaður lést og aðrir slösuðust. Auk þess eyðilögðust þrjár öryggisbílar sem áttu að tryggja öryggi starfsmanna á svæðinu.“

Colas leggur ofuráherslu á að fólkið haldi lífi og komi heilt heim. Hlynur segir að undanfarið hafi forsvarsmenn fyrirtækisins blásið í lúðrana til að vekja fólk til meðvitundar um mikilvægi þess að ná niður ökuhraða og bæta öryggi starfsmanna á vegavinnusvæðum. „Það þarf oft lítið til að slysin gerist. Sólin er kannski lágt á lofti og blindar öku-  
mann eða við erum annars hugar. Starfsmenn Colas vinna í miklu návígi við oft á tíðum allt of hraða umferð. Því miður eru oft



Colas hefur nýlega tekið í notkun svokallaðar varnarbifreiðar með árekstrarþúða.



Colas á tvo þúðabíla, einn sem er festur er á vörubíl og notaður við götur þar sem umferð er mikil og hröð og annan minni þar sem umferðarhraði er minni.

atvinnubílastjórnarnir verstir. Við biðlum til þeirra og almennings að sýna varkærni þegar sól fer að skína og vinnuflokkarnir fara að sjást á götunum. Hugum að því að í kringum stórvirkar vinnuvélar eru starfsmenn sem óska þess heitast að komast heilir heim í faðm fjölskyldu og vina að loknu góðu dagsverki.“ segir Hlynur.

„Við höfum verulegar áhyggjur af þessu og erum að koma samtalínu af stað. Við höfum óskað eftir samstarfi við Vegagerðina, lögregluna og Samgöngustofu um áttak í þessum málaflökki í ár.“

Vegagerðin er jákvæð, rekur öflugan öryggisnefnd og hefur boðið okkur þátttöku í nefndinni. Þetta er hópur sem vinnur að öryggismálum hjá þeim, þar sem lokanir og öryggi starfsmanna er haft að leiðarljósi og er það þakkar vert. Það er orðið tímabært að við stígum næstu skref til að tryggja öryggi þeirra sem vinna við vegagerð. Allir eiga rétt á að koma heilir heim, annað er óásættanlegt.“ segir Hlynur að lokum. ■



Colas notar stafræn skilti til að miðla upplýsingum til vegfarenda á skilmerkilegan hátt.



Fyrir utan nýju malbikunarsstöðina í Hafnarfirði. Elin Ásgeirsdóttir gæðastjóri, Hörður Gunnarsson rekstrarstjóri og Ásberg K. Ingólfsson framkvæmdastjóri Höfða.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

## Okkar vegir eru ykkar velferð

Malbikunarsstöðin Höfði hefur frá upphafi verið staðsett við Sævarhöfða en er nú að flytja hluta af starfsemi sinni að Álhelli í Hafnarfirði. Á næsta ári er gert ráð fyrir að öll starfsemi félagsins verði flutt frá Sævarhöfða.

Hjá Höfða er lögð áhersla á umhverfismál og að auka framleiðslu malbiks sem inniheldur endurunnið malbik og vandaða framkvæmd á útlögnum malbiks. Helsta nýjungin hjá fyrirtækinu er steinefnabrjótur sem vinnur upprifið malbik til þess að nýta aftur í malbiksframleiðslu eða sem undirlag í gatnagerð og fleira.

Árið 1996 var Malbikunarsstöðin Höfði stofnuð en félagið er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. Fyrirtækið hefur um árabil verið staðsett við Sævarhöfða og verður að hluta til áfram. Félagið hefur fest kaup á lóð við Álhelli í Hafnarfirði og þangað er framleiðslueining þegar flutt. „Félagið telur ákveðin tækifæri felast í nýrri staðsetningu malbikunarsstöðvar og þaðan er hægt að þjónusta markaðssvæðin vel,“ segir Hörður Gunnarsson, rekstrarstjóri Höfða.

### Fjöldi malbiksgerða

Fyrirtækið getur framleitt ýmsar gerðir af malbiki og sér um útlagningu, efnissölu og verktöku auk sölu á möluðum steinefnum í ýmsum stærðarflokkum.

Framleiðsludeild fyrirtækisins annast framleiðslu á malbiki en almennt er hægt að framleiða þær gerðir sem kaupandi óskar eftir og er þá oftast miðað við að þær uppfylli mismunandi umferðarálag. „Árlega er framleiddur fjöldi malbiksgerða sem þróaðar hafa verið á rannsóknarstofu Höfða. Malbiksgerðir skiptast í nokkrar megintegundir sem uppfylla kröfur í samræmi við skilgreiningar sem krafist er fyrir CE-merkingar á

malbiki,“ segir Elin Ásgeirsdóttir, gæðastjóri/deildarstjóri rannsóknar- og þróunardeildar.

### Framleiðsla með endurunnu malbiki

Malbikunarsstöðin Höfði hefur frá árinu 2013 framleitt malbik með endurunnu malbiki. „Allt malbik er endurvinnanlegt og nauðsynlegt er að uppfylla allar kröfur þegar verið er að þróa nýjar malbiksgerðir með endurunnu malbiki. Markmið fyrirtækisins er einmitt að auka notkun og framleiðslu á endurunnu malbiki. Með því að endurvinnna malbik og nota það áfram í mannvirkjagerð þá minnkar kolefnisspor framleiðslunnar,“ segir Elin.

„Það er krafa hringrásarhagkerfisins að allir taki þátt í því að fara vel með þau hráefni sem falla til við endurbætur og viðhald á gatnakerfinu en nauðsynlegt er að nýta allt sem til fellur áfram í mannvirkjagerð. Þetta eru kröfur sem eru að aukast í heiminum og í þeim felast mikil tækifæri til að minnka kolefnisspor okkar. Þetta minnkar innflutning á bæði steinefnum og bindiefnum sem er gott fyrir hringrásarhagkerfið. Ekki er slegið af kröfum í framleiðslu á malbiki með endurunnum steinefnum og öllum kröfum staðla er fylgt,“ segir Elin enn fremur.

Höfði hefur fest kaup á steinefnabrjóti sem er útbúinn sérstaklega til að brjóta og flokka upprifið malbik. „Nýr steinefnabrjótur er afkastameiri en eldri brjótar sem notaðir voru áður til að brjóta steinefni og upprifið malbik. Það er mjög góð reynsla af notkun þessa brjóts og endurunnum steinefnum sem framleidd eru úr honum. Mulið malbik er mjög auðvelt að leggja út með vélum, það þjappast vel og það kemur vel út sem tímabundið yfirborð sem þolir töluvert umferðarálag og einnig sem jöfnunarlag undir malbik,“ segir Hörður.

Reiknað er með að efnisvinnsla



Malbikunarsstöðin Höfði hefur frá upphafi verið staðsett við Sævarhöfða en er nú að flytja hluta af starfsemi sinni að Álhelli í Hafnarfirði.



Malbiksframkvæmdir við Strandveg.

” Nýr steinefnabrjótur er afkastameiri en eldri brjótar sem notaðir voru áður til að brjóta steinefni og upprifið malbik. Það er mjög góð reynsla af notkun þessa brjóts og endurunnum steinefnum sem framleidd eru úr honum.

Hörður Gunnarsson



Malbikunarstöðin Höfði við í Hafnarfirði en fyrirtækið var stofnað árið 1996.



Steinefna-brjótur við vinnslu í Malbikunarstöðinni á Sævarhöfða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Höfði hefur sett gæðastefnu og gæðamarkmið um að framleiðsla fyrir-tækisins standist gæðakröfur.

og sala á endurunnu malbiki til notkunar sem jöfnunarlagi í plön og stiga muni aukast á næstu misserum.

#### Malbiksviðgerðarpokar og ljós mól

Hjá Malbikunarstöðinni Höfða að Sævarhöfða eru seld ýmis steinefni og malbiksviðgerðarefni.

Hafdís Guðlaugsdóttir, deildarstjóri söludeildar, segir að „malbiksviðgerðarefni í pokum sé einföld lausn til viðgerða á holum sem myndast í malbiki, sérstaklega að vetri til og sala á því hafi verið mikil í vetur. Hægt er að kaupa staka poka af malbiksviðgerðarefnum auk þess er hægt að fá þá keypta á brettum. Mikilvægt er á veturna þegar holur koma í ljós í malbiki að fylla þær strax til að koma í veg fyrir ýmis tjón og minnka líkur á að umfang malbiksskemmda aukist. Malbiksviðgerðarefni er kalt malbik og það þarf ekki að vera með neinn sér-tækan búnað til að nota þetta efni til að fylla í malbiksskemmdir.“

Höfði er einnig með mikið úrval af alls konar steinefnum sem afgreitt er á kerrur – í poka eða önnur geymslulát. Öll steinefni eru seld samkvæmt vigtuðu magni. Þetta er til dæmis ljós mól, svo-

kölluð skrautmól, eins og í garða og leiði í kirkjugörðum og einnig náttúrulega grá mól. Einnig er til sölu sandur í garða og undir hellulagnir.

#### Umhverfismálin eru mikilvæg

„Malbikunarstöðin Höfði hugar að umhverfismálum eins og þegar hefur komið fram og er með vottun á ISO 9001-gæðastaðli, ISO 14001-umhverfisstaðli og ISO 45001-öryggisstaðli en þessi gæðakerfi eiga að tryggja að varan sem framleidd er og seld sé í samræmi við kröfur sem kaupendur gera. Það er strangt gæðaeftirlit með framleiðsluferlinu en það er samkvæmt stöðluðum prófunum sem gilda á Evrópska efnahags-svæðinu,“ segir Elín Ásgeirsdóttir gæðastjóri.

Fyrirtækið einsetur sér að veita faglega og góða þjónustu þar sem gæða- og umhverfissjónarmið eru í hávegum höfð og er rík áhersla lögð á þá þætti. Höfði vaktar og stýrir sínum umhverfisþáttum sem eru jafnframt mældir og greindir reglulega. Höfði leggur áherslu á vistvæn innkaup, meðal annars með því að hætta að nota efni sem eru skaðleg umhverfinu og nota til dæmis lífræna olíu í staðinn. Höfði stefnir að því að

Það er strangt gæðaeftirlit með framleiðsluferlinu en það er samkvæmt stöðluðum prófunum sem gilda á Evrópska efnahags-svæðinu.

Elín Ásgeirsdóttir

nota meira af endurnýjanlegri orku og minnka notkun jarðefna-eldsneytis.

„Á Álhelli verða efnisgeymslur hólfadar og að hluta til lokaðar en slíkt er mikilvægt til að minnka raka í steinefnum auk þess sem það minnkar líkur á rykmengun af steinefnum sem geymd eru á lóð,“ segir Hörður Gunnarsson.

Höfði hefur haldið grænt bók-hald frá árinu 2003 svo vel er fylgst með innkaupum og frá-lagi sem hlýst af starfsemi. Stöðugar umbætur hafa átt sér stað í umhverfismálum og úrgangur hefur minnkað hjá fyrirtækinu ár frá ári.

Höfði vinnur stöðugt í ýmsum umbótaverkefnum þar sem skoðaðir eru ýmsir þættir svo sem

umhverfissvænni og betri lausnir í tækjamálum og betri efni í framleiðslunni. Markmiðið er að leita grænni og betri lausna á öllum stigum í framleiðslu og starfsemi fyrirtækisins hvort sem það er að framleiða malbik, aka vörubílum, vinna á malbikunarvélum eða hvað sem þarf til að nota við framkvæmdir.

Fullkomin rannsóknarstofa verður staðsett við malbikunarstöð í Hafnarfirði og er gert ráð fyrir að endurnýja ýmsan búnað samhliða flutningi á þeirri starfsemi félagsins. Öflugri rannsóknarstofa gerir fyrirtækinu kleift að sinna eftirlitsprófunum enn betur.

„Rannsóknarstofan sinnir margvislegum rannsóknum er lúta að eftirliti með framleiðslu malbiks og steinefnum. Rýna þarf hvaða eiginleika vörur fyrirtækisins þurfa að uppfylla til að mæta kröfum sem evrópskir staðlar kveða á um. Framþróun hefur verið á síðustu árum er varðar hönnun á malbiksblöndum sem sérfræðingar Höfða fylgjast grannt með bæði innanlands og erlendis,“ segir Elín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri rannsókn- og þróunar-deildar.

Áratuga reynsla Malbikunarstöðin Höfði hefur

yfir að ráða nýlegum og öflugum tækjum til að takast á við fjölbreytt verkefni í malbikun og mannvirkjagerð, allt frá smáum verkefnum til stórframkvæmda.

Flestir starfsmenn Malbikunarstöðvarinnar Höfða hafa áratuga reynslu af framleiðslu og útlagningu malbiks. Hjá Höfða er gríðarlega löng reynsla og mjög sérhæfð þekking á öllum þáttum malbikunar. Þetta í bland við öflugan og góðan tækjabúnað býr til kröftuga starfsemi sem Höfði státar af. ■





# MALBIKUN

## AKUREYRAR

Förum um land allt

Óseyri 18 • 603 Akureyri • S: 896 5332 • malbikun@malbikun.is

# HARDOX SLITSTÁL

-FYRIR ERFIDAR AÐSTÆÐUR



≡ HÉÐINN ≡  
1922 — 2022

**HARDOX**<sup>®</sup>  
WEARPARTS





Nýr Toyota Aygo X er blendingsútgáfa smábilsins vinsæla.

## Toyota Aygo X kemur til Íslands í vor

njall@frettabladid.is

Blendingsútgáfa Aygo-smábilsins er væntanleg til Íslands í vor en verið er að kynna bilinn á Spáni um þessar mundir. Mun bíllinn kosta frá 3.090.000 kr. og sjálfskiptur frá 3.590.000 kr. Hann verður bæði bodinn beinskíptur og með CVT-sjálfskiptingu en um lípran borgarbíl er að ræða.

Aukið hefur verið við hljóðeinangrun og önnur þægindi í bílnum og sætisstaðan er 5,5 cm hærri en í fyrri kynslóð. Fá má Aygo X í fjórum útfærslum og með ýmsum þægindum og aukabúnaði eins og JBL-hljóðkerfi og allir Aygo X koma með Toyota Safety Sense 2+ öryggiskerfinu. ■

» Kynning á Toyota Aygo X fer fram á Spáni um þessar mundir en sala á honum hefst hér bráðlega. Mun bíllinn kosta frá 3.090.000 kr. og sjálfskiptur frá 3.590.000 kr.



Fyrsta myndin af nýjum DeLorean sýnir afturljós hans og axlarlinu.

## DeLorean-rafbíllinn frumsýndur í sumar á sýningunni í Pebble Beach

njall@frettabladid.is

Staðfest hefur verið að DeLorean-rafbíllinn verði frumsýndur á Pebble Beach-bílasýningunni í ágúst næstkomandi. Óhætt er að segja að bíllinn verður nokkuð frábrugðinn sportbílum sem við þekkjum frá áttunda áratug síðustu aldar. Sjálf frumsýning bílsins verður 18. ágúst sem er þremur dögum fyrir sýninguna sjálfa. Fyrsta myndin af bílnum hefur verið birt og sýnir hún vinstri afturhluta bílsins sem greinilega er með breiða axlarlinu og með mikla áherslu á loftflæði. Greina má innfellanlega vindskeið sem opnast á hraða og framúrsteftuleg afturljós sem teygja sig út á afturbrettið. DeLorean Motor Company hefur enn ekki gefið út hvað bíllinn muni heita né neinar tækniupp-

» Nýleg tvít virðast staðfesta að bíllinn verði með meiri áherslu á lúxus frekar en sportlega eiginleika.

lýsingar um bíllinn. Áður hefur verið sagt að bíllinn verði með vængjahurðum og V-laga framenda. DeLorean-nafnið var keypt árið 1995 af breska hönnuðinum Stephen Wynne en fyrirtækið er staðsett í Texas. Nýleg tvít virðast staðfesta að bíllinn verði með meiri áherslu á lúxus frekar en sportlega eiginleika. ■



Fyrstu Polestar 2 bílarnir verða afhentir í vor. MYND/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON

## Hertz kaupir allt að 65.000 Polestar á næstu árum

njall@frettabladid.is

Hertz og Polestar tilkynntu í vikunni um nýtt alþjóðlegt samstarf sem felur í sér kaup á allt að 65.000 rafknúnum ökutækjum á næstu fimm árum. Gert er ráð fyrir að afhendingar hefjist verið 2022 í Evrópu og seint á árinu 2022 í Norður-Ameríku og Ástralíu.

Fyrir Hertz er samstarfið hluti af stefnu fyrirtækisins um að vera leiðandi í rafvæðingu, deilihagkerfinu og í stafrænni upplifun viðskiptavina. Samstarfið við Polestar byggir á tilkynningu Hertz í október síðastliðnum um að bjóða viðskiptavinum sínum stærsta rafbílaflotu í Norður-Ameríku og einn þann stærsta í heiminum. Auk þess að gera flotann aðgengilegan fyrirtækjaviðskiptavinum og ferðamönnum, er Hertz að útfæra rafbíla til deilibilanotkunar sem leið til að flýta enn frekar fyrir rafvæðingu. Hertz mun upphaflega panta Polestar 2, fyrsta fjöldaframleidda bíl merkisins. ■

Shell  
**RIMULA**



# LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ!



### SHELL RIMULA ER VAL ÞEIRRA SEM GERA MIKLAR KRÖFUR

- HÁMARKSVÖRN GEGN SLITI OG TÆRINGU
- ÞOLIR MIKIÐ ÁLAG
- MEIRA REKSTRARÖRYGGI

Ráðgjöf og pöntun í síma 444-3000  
eða pantanir@skeljungur.is



Skeljungur



Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

Reynsluakstur

# Mercedes-Benz EQS

## KOSTIR

- Afl
- Drægi
- Hljóðlátur

## GALLAR

- Miðjustokkur
- Lágt undir hann

Grunnverð: 22.590.000 kr.  
Hestöfl: 520  
Tog: 855 Nm  
Hröðun 0-100 km: 4,3 sek.

Hámarkshraði: 210 km  
Rafhlaða: 107,8 kWst  
Eigin þyngd: 2.480 kg  
Drægi: 669 km

Hleðslugeta AC/DC: 22/200 kW  
L/B/H: 5.216/1.926/1.512 mm  
Hjólhaf: 3.210 mm  
Farangursrymi: 610 lítrar

## Hreint mögnuð upplifun

Mercedes-Benz EQS kom hingað til lands seint síðastliðið haust en okkur þótti réttara að bíða eftir auðum götum áður en við prófuðum þennan stóra og aflmikla bíl.

Reyndar kom hingað eintak síðastliðið vor, áður en bíllinn fór á markað, en það var í kringum Mid-Season Invitational tölvuleikjakeppnina. Segja má að þessi bíll sé ekki á færi allra með verðmiða að lágmarki 14.290.000 kr. og dýrustu eintökin slaga í 30 milljónir. Hann er hins vegar forspil fyrir EQE-bíllinn sem kominn er í forsölu og byggir á sömu tækni og botnplötu fyrir viðráðanlegri upphæðir.

Mercedes EQS er í raun og veru fyrsti rafbíll merkisins sem kemur á sérhönnuðum rafbílaundirvagni. Rafhlaðan er sú stærsta sem í boði er í fjöldaframleiddum bíl enda drægið eftir því eða allt að 669 km. Yfirbygging bílsins er ein bogadregin lína sem þýðir að hann er með minnstu loftmótstöðu fjöldaframleiddra bíla í heiminum, eða 0,20 Cd. Fyrir vikid er vindhljóð nánast ekki til staðar og sama má segja um veghljóð. Í raun og veru er þetta hljóðlátasti bíll sem undirritaður hefur prófað.

EQS-bíllinn er með svokölluðum Hyperscreen-mælaborði sem er skjár sem nær yfir alla káetuna og er 141 sm á breidd. Í raun og veru er um þrjá skjái að ræða sem settir eru á sama flötinn til að gefa tilfinningu fyrir einum skjá. Ef eitthvert farartæki lætur þér líða eins og þú sért við stjórnvölinn á Enterprice-geimferjunni þá er það EQS. Þó að búnaður sé flókinn með stillingum fyrir nánast allt í bílnum, er hann samt þægilegur í notkun. Það er helst hvernig flýtitakkar auðvelda aðgang í það sem ökumaður er mest að nota sem hjálpar til í þeim efnum. Þriðji skjárin er fyrir farþega í framsæti sem getur gert hann að sínum með blátannartengingu. Sætin í bílnum eru kapituli út af fyrir sig. Hvenær hefur þú séð höfuðpúða sem búinn er aukakodda? Sama á við í aftursætum sem eru jafn þægileg en þar er höfuðrymi aðeins minna. Fótarými er hins vegar yfirdrifið enda hjólhafið 3.210 mm og gólfíð rennislétt.

Eina sem að kom á óvart í annars flottum frágangi innréttingar var plástáferð í bogadregnum miðjustokkinum. Er hann í stíl við innréttinguna með hvítri áferð og það sem lítur út fyrir að vera ísaumað leður, en er í raun og veru plaststykki sem steypt er í einu lagi.

Það er ekki hægt að segja að bíllinn láti neitt illa þegar lagt er á hann í beygjum þar sem hann liggur vel þrátt fyrir stærð sína og þyngd. Byggingarlag hans hefur hins vegar áhrif á þann hátt að lengd hans leggur hann aðeins niður á hornin þótt loftpúðafjöðrunin geri sitt til að reyna að koma í veg fyrir það. Það er kannski einna helst á hraðahindrunum að maður finnur fyrir lengd hans og í raun og veru þarf að passa hann á sumum þeirra svo að hann reki sig ekki upp undir. Myndavélakerfi bílsins gerir þó sitt til að undirbúa hann og stífir af fjöðrunina, eða mýkir eftir þörfum. Ein stilling sem er



Myndavélakerfi sér um að lesa veginn fram undan og stilla fjöðrunina samkvæmt því.



Það er ennþá gott fótapláss þótt framsæti sé komið í öftustu stöðu en höfuðrymi er á mörkunum fyrir meðalmanninn.

» Fótarými í aftursætum er yfirdrifið enda hjólhafið 3.210 mm.

þægilegt að nota í akstri bílsins er sjálfvirk endurhleðsluhemlun. Með henni notar bíllinn meðal annars myndavélarsíla til að stjórna áttakinu á mótörinn og hægir á bílnum fyrir hringtorg eða vegamót, og jafnar hraðann við bíllinn sem á undan er.

En við hvaða bíla keppir bíllinn og EQS sem kostar frá 14.290.000



krónum? Það er ekki neinn beinn keppinautur um lúxus en hann verður helst borinn saman við vel búnar útgáfur Tesla Model S og Porsche Taycan. Þýski keppinauturinn kostar frá 11.990.000 kr. en verð fyrir Model S kemur

ekki upp á íslenskri síðu Tesla og aðeins er sagt að gengið sé frá verði þegar nær dregur afhendingu. Hefðbundin útgáfa Model S kostar 99.990 dollara í Bandaríkjunum sem gerir 12.900.000 íslenskar krónur. ■

Það eru flæðandi línur í EQS með lágum framenda og bogadregnu þaki.  
MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Það er mjög gott pláss í 610 lítra farangursrymi og með aftursætin niðri mætti nota bíllinn sem líkbíl, slík er lengdin.

Stærð upplýsingaskjárs er samtals 55 tommur horn í horn en þeir eru samt þægilegir í notkun.

Það er ekki hátt undir bíllinn eða 134 mm svo að sumar hraðahindranir verða varhugaverðar.

# Ertu með eitthvað grænt í gangi?

Með Grænu láni frá Ergo getur þú fjármagnað rafbíl, rafhjól eða hleðslustöð á hagstæðum kjörum.

Kynntu þér málið á [ergo.is](http://ergo.is)

ergo  GRÆN LÁN



Þessi Honda HR-V er fyrir Ameríkumarkað og má ekki rugla saman við bílinn á Evrópumarkaði.

## Honda HR-V frumsýndur í Bandaríkjunum

njall@frettabladid.is

Honda hefur frumsýnt HR-V fyrir Ameríkumarkað sem er alls óskyldur þeim bíl sem frumsýndur var á síðasta ári fyrir Evrópumarkað og nýlega hér á Íslandi. Hann verður þó seldur í Evrópu frá og með næsta ári en mun þá fá nýtt nafn þar. Um bíl svipaðan CR-V í stærð er að ræða sem bendir til þess að næsta kynslóð CR-V muni stækka nokkuð.

» Um bíl svipaðan að stærð og CR-V er að ræða sem mun stækka nokkuð.

Ekki hefur verið gefið upp hvaða vél bíllinn mun nota þótt mjög líklegt sé að notast verði við tveggja lítra vélina sem er í Honda Civic. Sú skilar 181 hestafli með hjálp rafmótors í tvíinnútgáfu. ■



Smart#1 í dulbúningi við prófanir í Kína þar sem hann verður smíðaður.

## Frumskýna smart#1-rafbíllinn á morgun

njall@frettabladid.is

Smart-bílamerkið sem bílaumbóðið Askja verður með umboð fyrir mun frumsýna fyrsta bíl sinn í nýrri rafbíllínu á morgun, fimmtudag. Um fjórhjóladrifinn bíl er að ræða sem fengið hefur nafnið smart#1. Bíllinn fer á markað í Evrópu á þessu ári en að sögn Jónasar Kára Eiríkssonar hjá Óskju hefst sala á smart á Íslandi á næsta ári.

» Á þessu ári fer smart#1 í sölu í Evrópu en forsala á bílnum á Íslandi hefst í lok sumars.

„Húsnæði fyrir smart verður að Krókhálsi 11 en þó á sérstöku svæði. Við stefnum að því að forsala hefjist fyrir lok sumars 2022 og verðin verði þá kynnt samhlíða,“ segir Jónas í stuttu samtali við Fréttablaðið. ■

## Bílasýningin í Genf snýr aftur 2023

njall@frettabladid.is

Skipuleggjendur Bílasýningarinnar í Genf hafa tilkynnt að sýningin muni snúa aftur á næsta ári. Sýningunni var frestað þrjú ár í röð en hún verður opnuð aftur þann 14. febrúar 2023.

Um eina stærstu bílasýningu ársins verður að ræða en hún mun einnig verða haldin í Katar, í haust eða haustið 2023, en ekki hefur enn verið tilkynnt um hvenær hún verður nákvæmlega haldin. ■



Bílasýningin í Genf markar upphaf ársins á bílamarkaði í Evrópu enda margir nýir bílar kynntir þar árlega.



[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

## Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



**KRÓKUR**

á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær



# Náttúruleg lausn gegn tíðum þvaglátum

Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson byrjaði að finna fyrir ein-kennum tíðra þvagláta fyrir um þremur árum og hafði títt næturbróltið vegna þess neikvæð áhrif á svefngæðin. Í stað sjö tíma svefns náði hann alla jafna ekki nema mest fjórum tímum á nóttu.

„Það er um ár síðan ég byrjaði að taka inn Hvannarrót frá ICEHERBS. Fyrir það hafði ég fundið fyrir miklum svefntruflunum sökum næturbróltis í áttunda ár. Tíðar klósettferðir eru viðkvæmt mál fyrir marga að ræða en ég fann að klósettferðunum fjölgaði eins og algengt er um karlmenn upp úr fimmtingu. Ég má þó teljast heppinn að þetta byrjaði ekki hjá mér fyrr en upp úr sextugu. Ég var farinn að vakna þrisvar til fjórum sinnum á nóttu og svefninn fór til fandan. Inni á milli klósettferða var maður dormandi og það var erfitt að festa aftur svefn. Oftast var ég ekki að ná nema þremur til fjórum svefnstundum. Fyrir vikið var ég rosalega þreyttur og illa fyrir-kallaður þegar líða tók á daginn, spottinn var stuttur í mér og ég átti það til að detta í óhollustu og óhöflega kaffidrykkju og var geispandi yfir kvöldmatnum,“ segir Sigurvaldi Rafn.

**Óttaðist blóðruhálskirtillinn**  
Sigurvaldi fór til læknis til að athuga með orsakir næturbróltisins. „Ég óttaðist helst að þetta gæti tengst blóðruhálskirtlinum en sem betur fór reyndist það ekki vera. Læknirinn benti mér á að gott væri að forðast sitrusdrykki, minnka kaffidrykkju og vökvainntöku seinnipartinn, eða eftir klukkan sex.“

Ég prófaði það í smá tíma og það hafði alveg einhver áhrif. En það er nú samt frekar súrt að fá hvorki vott



Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson segir Hvannarrót frá ICEHERBS hafa minnkað næturbróltið og stuðli þannig að bættum samfelldum svefni.

né þurrt í sex tíma fyrir svefninn og ég tala nú ekki um að geta ekki fengið sér eitt eða tvö björglós yfir sjónvarpinu. Þá var maður bara aftur reglulega á klósettinu á níutíu mínútna fresti alla nóttina,“ segir Sigurvaldi Rafn.

## Kyntist undramætti hvannarrótarinnar

„Ég byrjaði að lesa mér til um þetta vandamál, rakst á hvannarrótina og ákvað því að prófa. Það tók mig ekki nema tvær vikur að finna mun á mér. Ég þurfti sjaldnar að vakna til að fara á klósettið og ég svaf mun betur og lengri samfelldum svefni. Í dag sleppi ég ekki skammti. Ef ég gleymi að taka hvannarrótina inn fyrir nóttina þá finn ég það samtundis á svefngæðunum.“

Fólkið í kringum mig og þá sérstaklega konan mín, hefur tekið eftir miklum breytingum á mér eftir að ég fór að sofa betur og hætti þessum sífelldu klósettferðum.

Ég hef ekki gert neina aðra lífs-



FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

stílsbreytingu aðra en að bæta við hvannarrótinni og huga að vökvainntöku seinnipartinn.

Ef ég er samt þyrstur eftir klukkan sex þá neita ég mér ekki lengur um vatnsglas eða gott öl ef því er að skipta. Þetta fyrirkomulag virkar fyrir mig og alla jafna er ég ekki að vakna oftar en einu sinni á nóttu og stundum ekkert.“

**”Ég var farinn að vakna þrisvar til fjórum sinnum á nóttu og svefninn fór til fandan.“**

## Enginn veit hvað átt hefur

„Ég er mun geðbetri almennt og hressari á morgnana eftir að ég byrjaði að taka inn Hvannarrót frá ICEHERBS. Bara það að ná samfelldum sex eða sjö tíma svefni á nóttu í stað þriggja eða fjögurra hefur gefurleg áhrif á lífsgæðin. Maður áttar sig í raun ekki fyrr en eftir á, hvað átt hefur fyrr en misst hefur, og í mínu tilfalli var það í jákvæðum skilningi. Það fyrsta sem ég hugsa á morgnana er ekki lengur hvað ég sé þreyttur. Ég held það sé mjög vanmetið hvað góður nætur-svefn hefur að segja fyrir heilsuna og hve margþætt áhrif hans eru á það hvornig manni líður.“

Ég tek hvannarrót tvisvar til þrisvar á dag, alla daga, ásamt D-vítamíni og öðrum bætiefnum. Þetta er hluti af því að hugsa um heilsuna. Ég er nú kominn á eftirlaun. Við hjónin erum með níu hesta og það er í raun 50% starfshlutfall að sinna félagsstarfi og tómstundum. Það er mér því dýrmætt að geta eytt eftirlaunarárumum útsofnum og heilsuhraustur.

Ég hef trú á náttúrulegum vörum og kann að meta að þetta sé náttúrulegt og innihaldi engin skaðleg aukaeftir. Svo er ég sáttur við að vita að þetta sé íslensk framleiðsla en í seinni tíð hefur maður lagt meiri áherslu á að versla íslenskt frekar en erlent, sé það í boði.“

**Hvannarrótin frá ICEHERBS**  
Hvannarrót er úr íslenskrum æti-

hvönn, sem heitir á latínu Angelica archangelica. Ætíhvönn hefur sterkar rætur sem búa yfir miklum krafti og rótin á plöntunni virðist vera virkari og hafa mun meiri örvandi áhrif en aðrir hlutar plöntunnar. Hvannarrótin frá ICEHERBS er þurrkuð og möluð hvannarrót í hylkjum úr jurtabeðmi, sem gerir vöruna 100% náttúrulega.

Ætíhvönn er ein þekktasta nytja- og lækningajurtin sem notuð var á Íslandi og víðar í norðurálfu til forna, en hún vex aðallega á norðlögum slóðum eða hátt til fjalla í Evrópu. Allir hlutar plöntunnar hafa verið nýttir í gegnum tíðina en rótin var einna mest notuð til lækninga þar sem styrkleikar hennar hafa alltaf verið vel þekktir.

Jurtin er þekkt fyrir að vinna gegn einkennum óvirkir þvagblöðru og getur viðhaldið heilbrigðri þvagblöðru og þvagrás. Sýnt hefur verið fram á að notkun hvannar geti fækkað salernisferðum og þar með haft jákvæð áhrif á svefn og um leið bætt daglegt líf. Áhrif hvannarrótar eru margvísleg og fyrir utan jákvæð áhrif hennar á þvagblöðru hefur hún lengi verið notuð við hvers kyns meltingarvandamálum, til að örva meltingu og draga úr uppþembu og lofti í maga. Dagleg inntaka hefur mikil jákvæð áhrif á líðan fólks.

Á seinni árum hafa svo verið gerðar miklar vísindalegar rannsóknir á virkni og efnainnihaldi ætíhvannar sem hafa leitt í ljós að sú virkni sem kennd hefur verið við hvönnina í þúsundir ára er sannanleg og að ætíhvönn sé einkar virk og öflug jurt.

Hvannarrótin frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvörverslunum, Hagkaupum, Nettó og Fjarðarkaupum. ■

Fæst í Bónus og á iceherbs.is.

# Eðlilegasti hlutur í heimi að biðja um hjálp

Gleðilestin heimsækir alla grunnskóla landsins í vetur en þar er rætt við ungt fólk um geðheilsu og hvernig best sé að rækta hana og vernda.

starri@frettabladid.is

Gleðilestin er átak í geðfræðslu ætlað unglíngastigi grunnskóla hér á landi. Átakið hófst í nóvember á síðasta ári og klárast í maí en allir grunnskólar landsins verða heimsóttir, að sögn Gríms Atlasonar, framkvæmdastjóra Geðhjálp, sem hefur unnið að skipulagningu átakins síðastliðin tvö ár í samstarfi við Hjálparsíma Rauða krossins 1717. „Helsta markmið okkar með Gleðilestinni er að ræða við ungt fólk um geðheilsu og hvernig best sé að rækta hana og vernda, sérstaklega á þessum viðkvæma tíma í lífi ungmenna. Það er mikilvægt að skilja að lífið býður upp á alls kyns erfiðleika og áskoranir og stundum er nauðsynlegt að leita aðstoðar. Það á að vera eðlilegasti hlutur í heimi að biðja aðra um hjálp.“

Frá því átakið hófst í nóvember er búið að heimsækja um helming grunnskóla landsins, að sögn Gríms. „Við erum nú þegar búin að heimsækja um 60-70 grunnskóla og stefnum á að klára í maí. Allir grunnskólar, þar sem nemendur á unglíngastigi eru að minnsta kosti 4-5 talsins, verða heimsóttir og við reynum að sameina fámennari deildar skóla þar sem við á svo að



Grimur Atlason er framkvæmdastjóri Geðhjálp. MYND/VÍÐIR BJÖRNSSON

allir nemendur fái að hitta okkur. Upphaflega ætluðum við líka að heimsækja framhaldsskóla en Covid truflaði þau áform í vetur. Vonandi verður hægt að bæta úr því í haust.“

## Stutt og hnitmiðað

Áður en Geðlestin mætir í hvern skóla fá kennarar og aðstandendur barna í áttunda til tíunda bekk leiðbeiningar þannig að báðir hópar, auk barnanna, séu undirbúin. „Það skiptir miklu að svona viðburður sé stuttur og hnitmiðaður en við reiknum með um 45 mínútum. Fyrst er rætt um geðrækt og mikilvægi hennar út lífið. Næst sýnum við myndband og svo segir ung manneskja sína sögu. Það er annað hvort Ingólfur Sigurðsson

eða Katla Ómarsdóttir og tala þau út frá eigin reynslu og þeim áskorunum sem þau þurftu að takast á við þegar þau voru á sama aldri og krakkarnir sem við erum að hitta.“

Síðan taka við umræður þar sem unglíngarnir taka þátt og í lokin eru örtónleikar með Emmsjú Gauta þannig að þetta endar í mikilli gleði, dansi og almennu stuði, stundum klukkan 8.30 á morgnana.“

## Góðar móttökur

Hann segir viðtökur hafa verið tekið þeim afar vel. „Krakkarnir tala um þetta í skólanum næstu daga og starfsfólk skóla og foreldrar hafa haft samband við okkur og lýst yfir mikilli ánægju með Gleði-



Emmsjú Gauti tekur nokkur hressandi lög í lokin. MYND/VÍÐIR BJÖRNSSON

lestina þannig að við erum himinlifandi með þessari góðu viðbrögð.“

Aukin geðrækt er að sögn Gríms eitthvað sem skólar, aðstandendur og börnin sjálf þurfa fyrst og fremst að hugsa vel um. „Fyrir átta árum síðan sagði 81% unglínginga að andleg heilsa þeirra væri góð eða mjög góð. Í dag er þessi tala komin niður í 57% sem er auðvitað afleið þróun því samhliða henni hefur geðlyfjanotkun í þessum aldursflokki aukist. Í geðheilbrigðis- stefnu stjórnvalda frá árinu 2016 var stefnt að því að ná tölunni úr 81% í 90% þannig að við sjáum að hér er eitthvað ekki að ganga upp. Við þurfum að setjast niður, skoða hvað hefur klikkað hjá okkur og finna lausnir.“

**”Það skiptir miklu að svona viðburður sé stuttur og hnitmiðaður en við reiknum með um 45 mínútum.“**

Grimur Atlason

## Vonast eftir framhaldi

Grimur vonast til þess að Geðlestin rúlli áfram næstu árin enda verkefnið frábært. „Geðlestin er er styrkt af félags- og heilbrigðisráðuneytunum og erum við afar þakklát fyrir það. Sá stuðningur dugir þó bara fyrir þennan vetur þannig að það er ekki ljóst hvernig þróunin verður á næstu árum. Skólarnir geta auðvitað nýtt efnið frá okkur en sjálfum finnst mér þó nauðsynlegt að Geðlestin mæti að minnsta kosti á þriggja ára fresti í grunnskólana svo allir árgangar fái að kynna okkur. Auk þess hefði verið gaman að bæta framhaldsskólum inn líka en við verðum að sjá til hvernig málin þróast á árinu.“ ■

Hægt er að kynna sér Geðlestina og fræðast nánar um geðrækt á gedlestin.is.

## Þjónusta

### Málarar

#### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málaramestari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. [www.regnbogalitur.is](http://www.regnbogalitur.is) [malarar@simnet.is](mailto:malarar@simnet.is). Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miikaels. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is) [flytja@flytja.is](mailto:flytja@flytja.is)

### Rafvirkjun

#### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. [straumblik@gmail.com](mailto:straumblik@gmail.com)

## Keypt & Selt

### Til sölu

Notað United TV 20" flatskjár verð 3.000,-kr. Tala einungis ensku. Uppl. síma: 776 3667, Tómas.



Fallegur sófi úr Tekk til sölu með höfuðpúðum og skammel, grár. St. 90X220 og skammel 70X85. Tilboð óskast S. 663 3313

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut



## Óskast keypt

### STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

[www.kaupumgull.is](http://www.kaupumgull.is)

Opið mán - fös 11-15,  
Skiptótt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

#### GEYMSLUR.IS

#### SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## Tilkynningar

### Fundir

Landsfélagið Rösin aðalfundur föstudaginn 8. apríl kl. 17:15 að Gjáhellu 5, Hfj. Venjuleg aðalfundarstörf. Stjórn Félagsins

Ábendingahappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



## Tilkynningar



Rangárbing eystra

## Aðalskipulag Rangárbings eystra 2020-2032 Heildarendurskoðun

Sveitarstjórn Rangárbings samþykki á fundi sínum þann 20.12.2021 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Rangárbings eystra skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er auglýst ásamt forsenduhefti og umhverfismatsskýrslu sbr. 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Tillagan inniheldur greinargerð, umhverfismatsskýrslu, sveitarfélags- og þéttbýlisupprætti fyrir Hvolsvöllum og Ytri-Skóga ásamt séruppráttum. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Tillögunni er ætlað að leysa af hólmi gildandi aðalskipulag Rangárbings eystra 2012-2024. Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Rangárbings eystra að Austurvegi 4 á Hvolsvelli og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b, 105 Reykjavík frá og með 6. apríl 2022. Einnig má nálgast öll gögn tillögunnar rafrænt á heimasíðu Rangárbings eystra [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is).

Tillagan er auglýst frá og með frá 6. apríl með athugasemdafresti til 18. maí 2022. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu berast skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur eða á netfangið [bygg@hvolsvollur.is](mailto:bygg@hvolsvollur.is).

F.h. Rangárbings eystra  
Guðmundur Úlfar Gíslason  
Skipulags- og byggingarfulltrúi

# GÓÐIR UM PÁSKANA



**SKODA Octavia combi style plug in hybrid.** Árgærd 2021, ekinn 5 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Gott Verð 5.980.000.** Rnr.215369.



**KIA Ceed x.** Árgærd 2018, ekinn 107 P.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. **Gott Verð 2.490.000.** Rnr.214247.



**KIA Niro luxury plug in hybrid.** Árgærd 2021, ekinn 2 P.KM, bensín, sjálfskiptur 6 gírar. **Gott Verð 5.490.000.** Rnr.118196.



**TOYOTA Corolla active hybrid.** Árgærd 2019, ekinn 48 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.690.000.** Rnr.215543.



**VOLVO V90 t8 twin engine inscription awd.** Árgærd 2019, ekinn 54 P.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. **Gott Verð 6.890.000.** Rnr.118297.



**SUBARU Forester premium.** Árgærd 2019, ekinn 81 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.990.000.** Rnr.215514.



**KIA Sportage urban.** Árgærd 2019, ekinn 133 P.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. **Verð 3.980.000.** Rnr.215591.



**TOYOTA Rav4 gx.** Árgærd 2019, ekinn 93 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 4.780.000.** Rnr.215533.



**NISSAN X-trail tekna awd.** Árgærd 2019, ekinn 103 P.KM, dísel, sjálfskiptur. 7 manna **Verð 4.590.000.** Rnr.215557.



**VOLVO Xc90 t8 twin engine 7 manna.** Árgærd 2018, ekinn 79 P.KM, bensín, sjálfskiptur. **Gott Verð 7.430.000.** Rnr.118254.

567 2277 **NÝJA** WWW.NYJA.IS

## BÍLAHÖLLIN

KLETTHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

Opnunartími: Mán-föst kl. 10-17 • Lau kl. 12-15 • Lokað sunnudaga.

**REYNSLA OG TRAUST Í 34 ÁR**



**KIA Sorento ex 7manna.** Árgærd 2018, ekinn 117 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 5.480.000.** Rnr.215475.



**LAND ROVER Range rover sport p400 plugin hybrid.** Árgærd 2019, ekinn 33 P.KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. **Gott Verð 12.750.000.** Rnr.117967.



**JEEP Grand cherokee summit.** Árgærd 2017, ekinn 113 P.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. **Verð 7.890.000.** Rnr.371217

# Vantar allar gerðir bíla á staðinn

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

### 1. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2019; Íbúðarsvæði; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting – 2110027

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. mars 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeiganda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði.

### 2. Laugarás; Aðalskipulagsbreyting – 2110095

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin tekur til þéttbýlisins í Laugarási og frístundabyggðar sem liggur að þéttbýlinu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

### 3. Skálholt L167166; Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2104083

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst breytt landnotkun á landbúnaðarlandi í skógrækt innan Skálholtsjarðar.

### 4. Hlíð spilda 1 L221538; Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis; Aðalskipulagsbreyting – 2109065

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til landsins Hlíðar, spildu 1. Á landinu er um 13 ha frístundabyggð F1, það svæði verður stækkað og verður eftir stækkun um 23 ha. Einnig verður afmarkað allt að 65 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Í gildandi aðalskipulagi er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og telst ekki til úrvals ræktunarlands.

### 5. Eyvindartunga L167632; Stækkun Lönguhlíðarnámu E19; Aðalskipulagsbreyting – 2103067

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að náman stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m<sup>3</sup> í 149.500 m<sup>3</sup>.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

### 6. Arnarstaðakot; Búgarðabyggð; Deiliskipulag – 2201058

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar í landi Arnarstaðakots. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bilageymslu og eitt útihús, sem getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps.

### 7. Kringla 9 L232038; Árvegsbotnar 42-56; Stofnun lóða; Deiliskipulag – 2202091

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til lands Kringlu 9. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 7 lóðum fyrir frístundabyggð.

### 8. Austurey 1 og 3; Eyrargata 9 og Illósvegur 6; Deiliskipulagsbreyting – 2202048

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Austureyjar 1 og 3. Í breytingunni felst að lóð Eyrargötu 9 er skilgreind sem lóð fyrir gistihús í stað frístundahúss auk þess sem breyting er gerð á legu lóðar og byggingarreitar Illósvegar 6 og skilgreindar byggingarheimildir. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar.

### 9. Laugarás; Frístundabyggð vestan þéttbýlis; Deiliskipulag – 2203003

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar vestan þéttbýlisins að Laugarási. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að yfirfara og uppfæra byggingarskilmála frístundasvæðisins í samræmi við gildandi aðalskipulag. Frístundabyggðin er afmörkuð þannig að hún haldist samfelld, gert verður grein fyrir uppbyggingu á lóðum innan svæðisins og settir skilmálar um landnotkun, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja. Hugað er sérstaklega að yfirbragði byggðar svo nýjar byggingar falli vel og snyrtilega inn í umhverfið og að byggðinni sem nú þegar er til staðar.

### 10. Laugarás; Endurskoðun deiliskipulags – 2108094

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til endurskoðunar á deiliskipulagi Laugaráss. Stefna eldra deiliskipulags er yfirfarin og uppfærð. Fyrirkomulag nýrrar íbúðarbyggðar er endurskoðað og leitast er við að setja fram stefnu sem styrkir atvinnu og ný atvinnutækifæri. Byggð er þétt á nokkrum stöðum þar sem því verður við komið. Skilmálar fyrir lóðir eru yfirfarnir og eftir atvikum breytt. Götur eru í einhverjum tilfellum breikkaðar og breytt til að bæta umferðaröryggi og tekið frá svæði fyrir gangstéttar meðfram götum. Tekið er frá svæði fyrir nýja brú yfir Hvítá og veg að henni. Skipulagssvæðið er um 169 ha að stærð. Samhliða gerð deiliskipulagsins er gerð breyting á aðalskipulagi Laugaráss í Bláskógabyggð 2015-2027. Deiliskipulagið er í samræmi við breytt aðalskipulag. Einnig er unnið nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggðina F51 sem er vestan Laugaráss.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

### 11. Hvítuborgir L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag – 2203020

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til lóðar Hvítuborgar L218057. Í Hvítuborgum verður byggt upp svæði fyrir verslunar- og þjónustu. Meginstarfsemi verður útleiga á gistirými fyrir ferðamenn og þjónusta þar að lútandi.

### 12. Vaðnes; Nesvegur 1-8; Deiliskipulagsbreyting – 2203024

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Nesvegar 1-8 í landi Vaðness. Í breytingunni felast breyttir deiliskipulagsskilmálar innan svæðisins auk þess sem kvaðir eru settar á lágmarks hæðarkóta vegna flóðahættu.

### 13. Útey 2; Frístundasvæði í Mýrarskógi; Deiliskipulag – 2201011

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til frístundabyggðar í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð. Í tillögunni felst skipulagning 8 ha frístundahússvæðis í Mýrarskógi. Innan svæðisins hafa nú þegar verið byggð 6 frístundahús og nær deiliskipulagið yfir þær lóðir auk þess sem bætt er við 4 lóðum innan reitsins svo lóðirnar verða 10 samtals. Lóðamörk mót suðri hafa verið aðlöguð að lóðarmörkum lóða í landi Úteyjar 1, lóða L168174 og L220202.

### 14. Eyvindartunga L167632; Langahlíð E19; Efnisnáma; Deiliskipulag – 2103066

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Lönguhlíðarnámu merkt E19 á aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Innan deiliskipulags eru skilgreindar heimildir vegna efnistöku á svæðinu auk þess sem gert er grein fyrir mótvægisáðgerðum og frágangi.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](http://www.utu.is). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: [www.blaskogabyggd.is](http://www.blaskogabyggd.is), [www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is), [www.gogg.is](http://www.gogg.is), og [www.fludir.is](http://www.fludir.is).

Mál nr. 1-2 og 6-10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 6. apríl 2022 til og með 27. apríl 2022.

Mál nr. 3-5 og 11-14 innan auglýsingar eru auglýst frá 6. apríl 2022 til og með 20. maí 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [vigfus@utu.is](mailto:vigfus@utu.is)

Vigfús Þór Hróbjartsson  
Skipulagsfulltrúi UTU



## Spá Fréttablaðsins

- |           |                   |                   |
|-----------|-------------------|-------------------|
| 1. sæti ? | 5. sæti KR        | 9. sæti KA        |
| 2. sæti ? | 6. sæti Stjarnan  | 10. sæti ÍBV      |
| 3. sæti ? | 7. sæti ÍA        | 11. sæti Keflavík |
| 4. sæti ? | 8. sæti Leiknir R | 12. sæti Fram     |

### KR hafnar í 5. sæti

Baráttan á toppnum verður hörð og ljóst má vera að það væru mikil vonbrigði fyrir KR að enda í fimmta sæti deildarinnar. Liðið varð fyrir blóðtöku á dögnum

þegar Kristján Flóki Finnbogason meiddist og verður lengi frá. Rúnar Kristinsson þjálfari liðsins kann þá list að búa til sigurlið og gæti tekist það í ár.

## Lykilmaðurinn



Kjartan Henry Finnbogason

Kjartan Henry Finnbogason hefur glímt við meiðsli í vetur og byrjar tímabilið í tveggja leikja banni. Það verður hins vegar á ábyrgð Kjartans að sjá um markaskorun í Vesturbænum í sumar. Kjartan er 35 ára gamall og kom til KR fyrir síðustu leiktið, hann lék 17 deildarleiki í fyrra og skoraði í þeim sjö mörk. Kjartan þarf að ná flugi í sumar til að KR geti barist

um sigur í Bestu deildinni. Framherjinn er öflugur leiðtogi sem gefur aldrei tomму eftir. Þá hefur hann gríðarlegan líkamlegan styrk og gott auga fyrir marki. Meiðsli í nára hafa hrjád Kjartan í vetur en vegna leikbannsins hefur hann meiri tíma en aðrir til þess að koma sér á lappir. Hann þarf að fylla í skarðið sem Óskar Örn skildi eftir sig þegar hann yfirgaf KR.



**Kjartan Henry er leiðtogi KR sem aldrei gefur tomму eftir.**

## Vörn

Vörn vinnur titla og það er líklega það sem KR-ingar treysta á í sumar. Vel skipulagt lið Rúnars með sterka og öflugum varnarmenn mun vafalítið gera andstæðingum KR erfitt fyrir.

Beitir Ólafsson er sem klettur í markinu og þarf að eiga gott sumar. Kennie Chopart heldur áfram að vera eins og vindur upp hægri kantinn. Einn besti sóknarmaður KR, Kristinn Jónsson, verður vinstra megin. Kristinn er lykilmaður í varnar- og sóknarleik KR. Í hjarta varnarinnar er svo viðbúið að Arnór Sveinn Aðalsteinsson og Finnur Tómas Pálmason standi vaktina.

## Miðja

Þarna eru líklega mestu styrkleikar KR-inga. Theodór Elmar Bjarnason snéri heim á síðasta tímabili og fann ekki alveg taktinn. Hann hefur æft af miklum krafti í vetur og ætlar sér að verða besti leikmaður deildarinnar.

Hallur Hansson kom til KR en landsliðsmaðurinn frá Færeyjum hefur átt farsælan feril í Danmörku. Margir áttu erfitt með að trúa því að leikmaður í gæðaflokki Halls væri á leið til Íslands. KR-ingar borga honum forstjóraun og því er pressa á Halli að standa sig.

KR er svo fyrir með Pálma Rafn Pálmason sem er leiðtogi liðsins. Auk þess getur Ægir Jarl Jónsson komið inn með kraft og hlaupagetu.

Það er hins vegar talið að Rúnar vilji bæta við einum miðjumanni í hóp sinn sem má illa við meiðslum eða leikbönum.



## Sókn

Stefán Árni Geirsson og Atli Sigurjónsson hafa leikið kantstöðurnar í vetur og eiga þær stóður líklega í sumar nú þegar ljóst er að Kristján Flóki Finnbogason verður lítið með. Kristján Flóki fótbrotnaði í æfingaleik á dögnum og óvist er hversu mikið hann tekur þátt í mótinu í sumar. KR-ingar treysta á að Stefán Árni haldi áfram að bæta leik sinn og þá hefur Atli verið besti leikmaður KR í vetur. Kjartan Henry þarf svo að koma með mörkin á diskinn. Kjartan á að geta ógnað markameti efstu deildar í sumar þegar leikjum er fjölgað í 27. KR hefur svo sótt Sigurð Bjart Hallsson og Stefán Ljubicic í vetur sem auka breiddina en óvist er hvort þeir séu nógu góðir til þess að spila fyrir KR. Það verður svo ódrúvísi að sjá sóknarliðu KR án þess að síðir lokkar Óskars Arnars Haukssonar verði á sveimi.

## Þjálfari

Rúnar Kristinsson þarf varla að kynna fyrir þjóðinni, hann tók aftur við liðinu árið 2017 en hann hafði árin þar á undan þjálfað í atvinnumennsku.

Rúnar hefur gert KR í þriggja að Íslandsmeisturum, síðast árið 2019. Rúnar er iðulega með leikmannahópin á sínu bandi og það er erfitt að sækja sigur gegn KR. Rúnar kann þá list að sækja úrslitin sem skipta máli án þess að spila alltaf falletasta fótboltann.

Lið Rúnars eru iðulega vel skipulögð og leikmenn eru vel meðvitaðir um þau hlutverk sem þeim er ætlað. Spurning er hins vegar hvort Rúnar sé með nægilega sterkt lið í ár til að berjast um titilinn.

### Gengi síðustu sex tímabil

- 2016 3. sæti | 2017 4. sæti (B) | 2018 4. sæti (B) | 2019 1. sæti | 2020 5. sæti | 2021 3. sæti
- Íslandsmeistarar 1912, 1919, 1926, 1927, 1928, 1929, 1931, 1932, 1934, 1941, 1948, 1949, 1950, 1952, 1955, 1959, 1961, 1963, 1965, 1968, 1999, 2000, 2002, 2003, 2011, 2013, 2019
  - Bikarmeistarar 1960, 1961, 1962, 1963, 1964, 1966, 1967, 1994, 1995, 1999, 2008, 2011, 2012, 2014

## Fylgstu með

Sigurður Bjartur Hallsson er kröftugur framherji sem KR fékk frá Grindavík í vetur. Sigurður raðaði inn mörkum með slöku Grindavíkurliði í sumar og vonast til þess að geta haldið sama dampi í Vesturbænum. Það er hins vegar öllum ljóst að það er eitt að skora fyrir lið sem hefur að engu að keppa en

annað að skora fyrir KR, stórveldið sjálft. Pressan er slík að Sigurður þarf að skora reglulega í upphafi móts svo að harðkjarna KR-ingar sannfærast um að hann hafi getu til að spila fyrir KR. Fær ábyrgð í upphafi móts þegar Kjartan Henry verður í banni og Kristján Flóki frá vegna meiðsla.

## ▲ Komnir/farnir ▼

- ▲ Hallur Hansson
- ▲ Stefán Bjartur Hallsson
- ▲ Stefán Alexander Ljubicic
- ▲ Aron Kristófer Lárusson
- ▲ Aron Snær Friðriksson
- ▼ Óskar Örn Hauksson
- ▼ Aron Bjarki Jósepson
- ▼ Alex Freyr Hilmarsson
- ▼ Arnþór Ingi Kristinsson
- ▼ Guðjón Baldvinsson
- ▼ Guðjón Orri Sigurjónsson

# Ef ekki væri fyrir Rúnar hefði maður haft áhyggjur af KR

## Albert segir



Albert Brynjar Ingason

KR-liðið hefur lítið virkilega vel út í vetur, þeir unnu sinn riðil í Lengjubikarnum og skoruðu 20 mörk. Liðið féll úr leik í undanúrslitum gegn Víkingi en spilaði ágætlega. Styrkleikar KR liggja í gríðarlega sterkum hrygg í gegnum allt liðið. Liðið fékk á sig fæst mörk allra í fyrra og byggir upp á mjög sterkum varnarleik. Þeir þurfa hins vegar á því að halda að Kjartan Henry Finnbogason haldist heill í sumar og skili inn mörkum.

Það er rosaleg reynsla á miðsvæðinu. Theodór Elmar Bjarnason ætlar sér stóra hluti og hefur lítið frábæra út í vetur.

Ég hef mikla trú á að Elmar finni taktinn og svo er Hallur Hansson mættur. Það er pressa á Halli en ég held að hann standi undir henni.



Rúnar Kristinsson er með mikla reynslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Áfall fyrir KR-inga að Kristján Flóki hafi fótbrotnað.

Mig grunar að Rúnar væri til í að bæta við miðjumanni því breiddin er ekki mikil ef það koma upp meiðsli og leikbönum.

Það er hins vegar áfall fyrir KR-inga að Kristján Flóki hafi fótbrotnað á dögnum, hann hafði verið frábær í vetur. Sigurður Bjartur fær pressuna á sig þegar Kjartan byrjar í banni. Eflaust var plan KR-inga að koma Sigurði hægt og rólega inn í hlutina en hann þarf að fara vel af stað. Ekki má gleyma að minnast á Atla Sigurjónsson sem verið hefur frábær í vetur.

Styrkleikar KR-inga liggja svo í þjálfaranum, það er aldrei hægt að vanmeta KR á meðan Rúnar þjálfar liðið. Rætt hefur verið um að styrkingar vetrarins hafi ekki verið góðar en Rúnar hefur sannað ágæti sitt á markaðnum. Ef það væri nýr þjálfari ofan á allar breytingar þá hefði maður meiri áhyggjur af KR. ■

# HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU

**AKU**  
trekking & outdoor footwear

AKU skórnir  
eru framleiddir  
á Ítalíu úr 100%  
evrópskum íhlutum  
og efnum

**Superalp GTX**

**42.990 kr.**

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,  
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði  
(grjótvörn) sem hentar  
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur  
aukna mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton,  
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða  
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sitthvor  
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur  
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt  
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

**Stingum af...**



**AKU Alterra GTX** ♂  
Gönguskór með góðan stuðning  
**35.990 kr.**



**AKU Alterra GTX** ♀  
Gönguskór með góðan stuðning  
**35.990 kr.**



**AKU Tribute II GTX** ♂♀  
Léttir og liprir gönguskór  
**28.990 kr.**

# GG SPORT



Í vefverslun okkar á [ggsport.is](http://ggsport.is) má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is  @gg\_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • [ggsport.is](http://ggsport.is)  
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Guðný Björnsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Skjöli við Kleppsveg föstudaginn 25. mars. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 12. apríl kl. 13.

Björn Kristjánsson

Svanhildur Guðmundsdóttir

Sveinlaugur Kristjánsson

Málfríður Jónsdóttir

Kristján Kristjánsson

Jóhanna Erla Pálmadóttir

Guðrún Rebekka Kristjánsd. Ómar Örn Ragnarsson

María Ingibjörg Kristjánsd.

barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Hulda Guðrún Filippusdóttir

Hlaðbæ 18, 110 Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 29. mars.

Útförin verður frá Árbæjarkirkju

fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Landsbjörg.

Guðrún Björnsdóttir

Kristín Björnsdóttir

Guðbjörg Árnadóttir

Árni Þór Árnason

Magni Jónsson

Þráinn Örn Ásmundsson

Agneta Lindberg

barnabörn og barnabarnabörn.



Hjartkær systir mín,

### Maria A. Sigmundsdóttir

sem lést á sjúkrahúsi á Spáni í desember 2021, verður jarðsungen frá Kirkju Óháða safnaðarins, mánudaginn 11. apríl kl. 15.00.

Þeim sem vilja minnst hennar er bent á baráttu UNICEF.

Sigfríður Ásbjörnsdóttir og fjölskylda.



Elsku mamma mín, amma okkar og langamma,

### Sólveig Jónsdóttir

hjúkrunarfræðingur, til heimilis að Birkimel 6 í Reykjavík,

lést á Landakotspítala föstudaginn 25. mars.

Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Örninn, minningar- og styrktarsjóð.

Lilja Ósk Úlfarsdóttir, Benjamin Mark Stacey, Camilla Ann Stacey, Þórir Fannar Þórisson og barnabarnabörn.



Eiginkona mín, móðir okkar, amma og systir,

### Aurelia Solovej

Ási, 301 Akranesi,

lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, sunnudaginn 3. apríl.

Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 8. apríl kl. 13.

Ernestas Nikulinas

Alina Chiperi

Alexander Solovej

Angelica Zmeu

Iurii Cenusa

Alice Cenusa



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

### Sigurbjört Vigdís Björnsdóttir

frá Breiðabólssstöðum á Álftanesi,

lést mánudaginn 28. mars á Hrafnistu Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Lindakirkju,

Kópavogi, föstudaginn 8. apríl kl. 11.00.

Ingibjörg Þórisdóttir

Helgi Þórisson

Dagbjartur Björnsson

tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

# Skátarnir skerpa á áherslum

Nýr skátahöfðingi segist vilja gera skátastarfið aðgengilegra fyrir öll börn.

arnartomas@frettabladid.is

Skátaþing fór fram á Bifröst um síðastliðna helgi og var vel sótt. Þar tók Harpa Ósk Valgeirsdóttir við stöðu skátahöfðingja en hún segir ýmsar breytingar í vændum í skátastarfinu.

„Þetta leggst rosalega vel í mig,“ segir Harpa Ósk. „Það er stór ákvörðun að bjóða sig fram í svona embætti en ég er búin að sitja í þessari stjórn í fimm ár svo að verkefnið eru ekki ókunnug.“

Einn af stóru punktum sem kom fram á þinginu var hvernig Skátarnir geti skerpt á áherslum sínum og gert starfið aðgengilegra.

„Við viljum gera skátastarfið aðgengilegra fyrir öll börn,“ segir Harpa Ósk og nefnir sem dæmi börn sem búa á landsbyggðinni. „Þungamiðjan hefur verið svolítið hér á höfuðborgarsvæðinu en okkar langar að tengjast betur út á land og eins rétta fram höndina til annarra hópa á borð við börn sem glíma við erfiðar aðstæður eða skerta getu.“

Þá segist Harpa Ósk einnig vilja opna starfið frekar fyrir börn af erlendum uppruna.

„Okkur langar að finna nýjar leiðir til að bjóða þau velkomin inn í samfélagið í gegnum skátastarfið. Það var mikið rætt um Úkraínu og það flóttafólk sem kemur til landsins og við viljum finna leiðir til að styðja við þau börn og ungmenni sem eru að koma.“

#### Nóg að gera

Á landinu öllu eru alls tuttugu og fjögur skátafélög og segir Harpa Ósk að það sé nóg að gera.

„Það eru tæplega tvö þúsund þátttakendur í starfinu dagsdaglega og til viðbótar við það eru þau ungmenni sem taka þátt í sumarstarfinu okkar,“ segir hún. „Í sumar verða svo fjögur stór mót fyrir hvern aldurshóp. Það er mikið í pípunum á komandi mánuðum.“

Harpa Ósk hefur verið starfandi skáti síðan 1994. Það sem heillar hana mest við starfið er upplendið sem á sér stað innan hreyfingarinnar.



Harpa Ósk Valgeirsdóttir hefur verið starfandi skáti síðan árið 1994.

MYND/ADSEND



Þessi gildi skátahreyfingarinnar, að maður eigi að vera til staðar fyrir aðra, sitja í manni.

„Það er þessi verkefnastjórnun og leiðtogabjálfun í rauninni. Maður byrjar að spreyta sig á að vera leiðtogi

kannski 13 til 14 ára sem er gríðarlega mikill lærdómur og mikið traust sem manni er afhent,“ segir hún og bætir við að fjölbreytileikinn í starfinu sé mikill.

„Einn daginn lærir maður skyndihjálpu, þann næsta stendur maður í pontu og þann þriðja er maður í fjallamennsku.“

Harpa Ósk segir að þessi lærdómur í skátunum hafi kynnt sig fyrir því námi sem hún fór síðar í en hún er lærður hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir.

„Þessi gildi skátahreyfingarinnar, að maður eigi að vera til staðar fyrir aðra, sitja í manni. Maður reynir að skila til baka til samfélagsins,“ segir hún. ■



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,

### Magnús Gissurarson

rafvirkjameistari,

Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 1. apríl.

Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju

mánudaginn 11. apríl klukkan 13.

Jóhanna V. Magnúsdóttir

Ásta Hallsdóttir

Sigurveig Hallsdóttir

Hanna Valdís Hallsdóttir

og barnabarnabörn.

Hallur Steinar Jónsson

Jón Valentínsson

Ingvar Karlsson

Eysteinn Finnsson



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

### Valgeir Sighvatsson

Norðurgarði 3, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,

þriðjudaginn 29. mars. Útförin fer fram

frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 12. apríl klukkan 13.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkuð en þeim sem vildu minnst hans er bent á Hjálparstarf kirkjunnar/

aðstoð við flóttafólk frá Úkraínu.

Banki 0334-26-886, kt. 450670-0499.

Athöfninni verður streymt á:

www.facebook.com/groups/valgeirsighvatsson

#### Ingibjörg Einarsdóttir

Guðrún M. Valgeirsdóttir

Aðalheiður S. Valgeirsdóttir

Stefanía Valgeirsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

Hilmar Guðmundsson

Helgi Bjarnason

Kristmundur Jónsson



Elskulegur vinur minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Kristinn Thomsen Holm

Framnesvegi 17, Keflavík,

lést á Hrafnistu Hlévangi

föstudaginn 1. apríl.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju

mánudaginn 11. apríl klukkan 13.

#### Valgerður Kristinsdóttir

Jóna Fanney Holm

Jón Anton Holm

Kristín Ingunn Holm

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðfönnur Kjartansson

Hanna Vilhjálmssdóttir

Guðbergur Sveinsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

### Stefniir E. Magnússon

Leifsstöðum II, Eyjafjarðarsveit,

lést 2. apríl.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju

mánudaginn 11. apríl kl. 13.00.

Athöfninni verður streymt á Facebooksiðunni:

Jarðarfariir í Akureyrarkirkju - beinar útsendingar.

Aðalsteinn Stefnisson

Jóhanna Stefnisdóttir

Tinna Arngrímsdóttir

Kjartan Ingi Kjartansson

Stella Maren Kjartansdóttir

systkini hins látna.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkygningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.



# Íbúafundur borgarstjóra í Miðborg

**Borgarstjóri býður til opins íbúafundar  
miðvikudaginn 6. apríl kl. 20.00 í  
Tjarnarsal, Ráðhúsi Reykjavíkur.**

Á fundinum kynnir borgarstjóri það sem er  
efst á baugi í hverfinu og mun eiga samtál  
við íbúa um framtíð hverfisins.

Íbúar geta sent fyrirspurnir inn á vef  
Reykjavíkurborgar, á netfangið  
[ibuafundir@reykjavik.is](mailto:ibuafundir@reykjavik.is) eða borið þær  
fram á fundinum.

Heitt verður á könnunni frá kl. 19.30 en  
fundinum verður einnig streymt inn á  
[reykjavik.is/ibuafundir](http://reykjavik.is/ibuafundir)



Reykjavíkurborg

## Dagskrá íbúafundar

**Dagur B. Eggertsson**  
borgarstjóri  
Miðborg

**Pórey Vilhjálmsdóttir Proppé**  
íbúi í Miðborginni  
Hverfið mitt - Miðborg


**Karl Kvaran**  
arkitekt  
Verðlaunatilaga um Lækjartorg

**Dagný Bjarnadóttir**  
landslagsarkitekt  
Endurgerð Hlemmtorgs

Spurningar og svör

**Margrét M. Norðdahl**  
formaður íbúaráðs Miðborgar  
Fundarstjóri

# Ódýrustu páskaegginn í Bónus



**2.898**  
kr./stk.

**RISA**  
**1 kg**



**698**  
kr./stk.

**nr. 3**  
**170 g**



**1.259**  
kr./stk.

**nr. 4**  
**315 g**



**1.598**  
kr./stk.

**nr. 5**  
**420 g**



**1.898**  
kr./stk.

**nr. 6**  
**520 g**



# Gulu páskakertin eru komin

**98**

kr./stk.



8x5  
cm

**279**

kr./stk.



12x7  
cm

**398**

kr./stk.



18x7  
cm

**459**

kr./24 stk.



8 klst.  
brunatími

**598**

kr./pk.



Smash style hamborgarar  
2x 120 g

**459**

kr./pk.



Hamborgarasósa  
300 ml

Með  
íslensku  
flögusalti

**598**

kr./pk.



SPG krydd  
130 g



**598**

kr./pk.



Hamborgarakrydd  
120 g

**1.998**

kr./kg

6 sneiðar  
í pk.

Íslandslamb  
lambagrillpakki



Sama verð  
og í fyrra

## Dagskrá

### Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag** Málefni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknunum fræðimanna.
- 20.00 Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin**
- 21.00 Markaðurinn (e)**

### RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Kastljós**
- 13.35 Útsvar 2010-2011** Vestmannaeyjar - Reykjavík
- 14.25 Joanna Lumley og Silkileiðin**
- 15.10 Mamma mín**
- 15.25 Líkamstjáning - Farsímapræll**
- 16.00 Okkar á milli**
- 16.30 Basl er búskapur**
- 17.00 Í garðinum með Gurry** Sáning matjurta
- 17.30 Á meðan ég man**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hróturinn Hreinn**
- 18.08 Millý spyr**
- 18.15 Hvolpasveitin - Hvolpar bjarga mörgæsum**
- 18.37 Eldhugar - Betty Davis - tónlistarkona**
- 18.40 Krakkafréttir**
- 18.45 Lag dagsins** Snorri Helgason - Ingileif
- 18.52 Vikinglottó**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.35 Kastljós**
- 20.05 Kiljan**
- 20.45 Hádegisspjall Lunsj**
- 21.00 Framúrskarandi vinkona My Brilliant Friend**
- 22.00 Tíufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Draugaborg City of Ghosts** Heimildarmynd um hóp sýrlenskra aðgerðarsinna sem tóku höndum saman eftir að hryðjuverkasamtökin Íslamska ríkið tóku yfir heimaland þeirra árið 2014. Hópurinn hættir lífi sínu við að safna heimildum um það sem hryðjuverkasamtökin aðhafast. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.55 Dagskrárlok**

### Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 Superstore**
- 15.25 MakeUp**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 Celebrity Best Home Cook**
- 20.10 Survivor**
- 21.00 Chicago Med**
- 21.50 Station 19**
- 22.40 The Late Late Show**
- 23.25 Berlin Station**
- 00.20 9-1-1**
- 01.05 NCIS. Hawaii**
- 01.50 In the Dark**
- 02.35 Tónlist**

### Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.25 The O.C.**
- 09.05 Bold and the Beautiful**
- 09.30 NCIS**
- 10.10 Claws**
- 10.55 Masterchef USA**
- 11.35 Margra barna mæður**
- 12.10 Matargleði Evu**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 Um land allt**
- 13.35 Gulli byggir**
- 14.10 Lif dafnar**
- 14.55 Ireland's Got Talent**
- 15.45 Atvinnumennirnir okkar**
- 16.20 Lóa Pind. Snapparar**
- 16.50 Rax Augnablik**
- 17.00 Last Week Tonight**
- 17.25 Bold and the Beautiful**
- 17.50 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakkin**
- 18.55 Ísland í dag**
- 19.10 Bætt um betur** Bætt um betur er heimilis- og lífsstílsþáttur þar sem þeir Kári Sverriss og Ragnar Sigurðsson koma fólki til hjálpar sem er á þeim buxunum að breyta til heima hjá sér og vantar ráðlegginga.
- 19.35 10 Years Younger in 10 Days**
- 20.25 Grey's Anatomy**
- 21.10 Outlander**
- 22.10 Nach**
- 22.30 The Blacklist**
- 23.15 MacGruber**
- 23.50 Grantchester**
- 00.35 The Gloaming**
- 01.30 The O.C.**
- 02.15 NCIS**
- 02.55 Claws**
- 03.40 Masterchef USA**

### Almenningur í Úkraínu og alþjóðarétturinn

Þátturinn Saga & samfélag verður á sínum stað á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í kvöld þar sem Björn Jón Bragason mun ræða við Þórdísi Ingadóttur, prófessor í lögfræði við Háskólann í Reykjavík um alþjóðalög og hvernig þau geta nýst Úkraínunum eftir innrás Rússa í landið sem hefur skilið eftir sig mikið mannfall, eyðileggingu og hörmungar fyrir tugmilljónir manna.



### Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

#### LÁRÉTT

- 1 glettni
- 5 skarð
- 6 óttist
- 8 kvísl
- 10 tveir eins
- 11 að
- 12 gróður
- 13 leysir
- 15 vondur
- 17 froða

#### LÓÐRÉTT

- 1 tröllaldin
- 2 hróss
- 3 stafur
- 4 sunnan
- 7 ódæði
- 9 ávita
- 12 jarðefni
- 14 seinka
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 glett, 5 skarð, 6 óttist, 8 kvísl, 10 tveir eins, 11 að, 12 gróður, 13 leysir, 15 vondur, 17 froða.  
LÓÐRÉTT: 1 tröllaldin, 2 hróss, 3 stafur, 4 sunnan, 7 ódæði, 9 ávita, 12 jarðefni, 14 seinka, 16 tveir eins.

### Sudoku

3	1		5					
	9			4	8	6		
	4	7		8	3	9		
7				9	6		3	
	3		1		2			
8	5			4	7		2	
		4					8	7
			7	1		5		
1								

	2		3				9	
			6					7
			9	2	4			6
				5	3			
9			4	1	8			
7				9			8	2
		4					7	1
	7						8	
3	1							

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

### Pondus



Eftir Frode Øverli



# BIÓBÆRINN

MIÐVIKUDAGA KL. 20.00  
OG AFTUR KL. 22.00

Gunnar Anton og Árni Gestur fara yfir þær kvikmyndir sem eru væntanlegar í bióhús landsmanna og dusta einnig rykið af gömlum gullmolum og fræða áhorfendur um leyndardóma kvikmyndaheimsins.



HRINGBRAUT

BIÓ  
bærinn

# Hugsað út frá heildinni

Loftskurður er sýning á verkum Rósu Gísladóttur og Ásmundar Sveinssonar í Ásmundarsafni, Sigtúni. Sýningin stendur til 7. ágúst.

kolbrunb@frettabladid.is

Á sýningunni sjáum við uppsettar vinnustofur Ásmundar og Rósu ásamt völdum verkum eftir hann og nýjum verkum eftir Rósu sem voru sérstaklega gerð fyrir sýninguna, en þau samanstanda af þremur stórum verkum og fimm minni.

„Verkin mín á sýningunni eru öll úr gífsi. Þegar ég fór að undirbúa sýninguna þá fór ég að velta því fyrir mér hvar væri samhljómur milli mín og Ásmundar,“ segir Rósa.

„Ég skoðaði gífsstytur hans og þær sem eru með svokölluðum loftskurði eru mjög skemmtilegar. Loftskurður hafði ekki sést í fyrri verkum hans eins og Járnsmiðnum og Konu að strokka, en hún heldur höndunum þétt að sér,“ segir Rósa og útskýrir um leið hvað felst í loftskurði: „Ásmundur notað sjálfur orðið loftskurður en það er neikvæða rýmið sem maður horfir ekki endilega á en er mjög víða. Eitt það fyrsta sem maður lærir í móteltkningu er að skoða þetta bil eða holrými sem myndast til dæmis þegar loftar um hendur, þær verða frjálssar og um leið skapast hreyfing. Í loftskurði Ásmundar má víða sjá hringformið. Hann notar einmitt bæði loftskurð og hringform á glæsilegan hátt í verkinu Listhneigð og þar er smá galdur samanborið við eldri verkin hans.“ Það verk er í heiðursseti á sýningunni.

Rósa vinnur hér með Ásmundarsafn sem skúlptúr. „Ég fletti nýlegri bók um Ásmund og datt niður á teikningar af húsinu og vann stóru verkin mín þrjú með hliðsjón af þeim.“ Eitt af stóru verkunum hennar á sýningunni, Niðurbrot, er hár skúlptúr gerður úr nokkrum kubbum sem eiga að sýna Ásmundarsafn. Annar skúlptúr, Upp á gátt, er stór og mikill hringur sem tyllt er á lágan stöpul. Skúlptúrin er unninn út frá grunnmynd af Ásmundarsafni eins og hún birtist undir kúlunni þegar húsið var byggt. Þriðja verkið, Ófug hálfkúluluhvelling, sýnir kúluna sem setur svip sinn á bygginguna í nýju ljósi.

Við undirbúning sýningarinnar gerði Rósa mótél af sýningarólunum tveimur þar sem verk hennar eru sýnd. „Þannig var auðveldara að vinna verkin í réttum skala. Þegar maður býr til sýningu eins og þessa þar sem verk manns eru til sýnis ásamt verkum annars listamanns þá verður maður um leið að skapa heildarmynd. Það er ekki hægt að



Verk Rósu á sýningunni eru úr gífsi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Á sýningunni vinnur Rósa með Ásmundarsafn sem skúlptúr.

”

Þegar ég fór að undirbúa sýninguna þá fór ég að velta því fyrir mér hvar væri samhljómur milli mín og Ásmundar.

hugsa sýninguna út frá hverju verki fyrir sig heldur út frá heildinni.“

Hún segir vinnuna við sýninguna hafa verið mjög skemmtilega: „Þetta var smá strembið í lokin. Verkin voru þung og stór og það þurfti að fá tvo kranabíla til að flytja þau.“

Verk Rósu hafa verið sýnd víða hérlandis og erlendis. Árið 2020 var Rósa fyrsti handhafi Gerðarverðlaunanna sem eru veitt framúrskarandi myndlistarmanni sem vinnur í skúlptúr og rýmisverk. ■

## Músík í Mývatnssveit

kolbrunb@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður haldin í dymbilvíku sem endranær. Fyrri tónleikarnir verða í Skjólbrekku á skírdag 14. apríl og hefjast klukkan 20.00. Á efnisskránni er píanótríó eftir Beethoven og sönglög eftir meðal annars Schubert og íslensk tónskáld.

Seinni tónleikarnir verða haldnir á föstudaginn langa 15. apríl í Reykjahlíðarkirkju klukkan 21.00. Þar verður flutt tónlist eftir meðal annarra J.S. Bach, Pergolesi, Mozart og Haydn.

Flytjendur eru Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran, Kristinn Sigmundsson bassi, Ammiel Bushakevitz píanó, Bryndís Halla Gylfadóttir selló og Laufey Sigurðardóttir fiðla. ■



Kristinn Sigmundsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bach, Schubert og Spohr

kolbrunb@frettabladid.is

Herdís Anna Jónasdóttir sópran, Grímur Helgason klarinettuleikari og Semion Skigin píanóleikari flytja tónlist eftir Bach, Schubert og Spohr á tónleikum. Tónleikarnir eru í tónleikaröðinni Sígildir sunnudagar og verða í Norðurljósum í Hörpu, sunnudaginn 10. apríl, klukkan 16. Þess má geta að Skigin er einn af eftirsóttustu meðleikurum í Evrópu. ■



Herdís Anna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DORMA**  
**FERMING**

**20% AFSLÁTTUR**

**Sealy PORTLAND**  
heilsurúm með classic botni

**Gæði á góðu verði.**  
Portland dýnan frá Sealy er vönduð og góð heilsudýna. Millistíf dýna með svæðaskiptum pokagormum sem gefa fullkominn stuðning út frá þyngd líkamans. Dýnan er byggð upp af náttúrulegu Talalay latex í bland mismunandi tegundir af svampi og trefjum. Talalay latex gefur dýnunni meira loftflæði og heldur þannig hitastigi hennar alltaf réttu. Áklæðið utan um dýnuna andar einstaklega vel og gefur henni auka mykt og þægindi.

Tilboð á: 120/140 x 200 cm.

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum  
Fullt verð: 160.900 kr. **Tilboð: 128.720 kr.**

**Nature's REST LUXURY**  
heilsurúm með Classic botni

Natures Rest heilsudýna er millistíf (til stíf) dýna sem hentar þeim sem vilja mikinn og góðan stuðning. Dýnan er samsett úr 18 cm háum pokagormum umvafið af hitaspengdum svampi. Gormakerfið er gert úr tvíhertu stáli með mikinn og góðan stuðning.

Tilboð á: 120/140 x 200 cm.

Verðdæmi 120 x 200 cm m/Classic botni og löppum  
Fullt verð: 89.900 kr. **Tilboð: 71.920 kr.**



Skannaðu QR kóðann og skoðuðu paskatílbóðin



[www.DORMA.is](http://www.DORMA.is)  
Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

**DORMA**

Láttu drauminn rætast

## Spurning dagsins

Áttu þér uppáhaldsferðamáta?



**Sverrir Norland**  
rithöfundur  
„Mér finnst langskemmtilegast að ganga. Helst mundi ég ganga allan daginn. Ég hlusta aldrei á neitt þegar ég geng – eiginlega

er það þá sem ég vinn, fæ hugmyndir, skrifa í kollinum. Áðan fór ég til dæmis út að hlaupa og þá fór að vanda allt á flug í höfðinu – þegar ég kom inn masaði ég kóf-sveittur stanslaust inn í simann minn í sjö mínútur til að ná öllum hugmyndunum niður á diktafónappið (fljótlegri leið en að vélrita á tölvuna – í augnablikinu er ég með 532 hljóðfæla sem ég þarf að hlusta á við tækifæri). Svo að það er án vafa á tveimur jafnfljótum, gangandi, hlaupandi ...“



**Dagbjört Hákonardóttir**  
þingmaður  
„Rafhjól mitt! Ég er svo lánsöm að geta gengið í vinnuna en það er fátt skemmtilegra en að hjóla.

Svo er ég líka mikill Hopp-ari.“



**Jökull Sólberg**  
forritari  
„Já, rafhjól.“



**Bragi Páll Sigurðarson**  
rithöfundur  
„Það er Kristjáníu-hjól mitt. Að belta krakkana í kassann, henda í þau skvism og skrólta um borgina, hefta bílaumferð á

göngugötum og gefa svo mávunum franskbraud er eitt það skemmtilegasta sem ég geri.“ ■

# Sirkuslistafólk og dansarar á opnun Barnamenningarhátíðar í Hörpu

Barnamenningarhátíð var sett á opunarviðburði í Eldborgarsal Hörpu í gær. Í fyrsta sinn í tvö ár var hægt að opna hátíðina að gestum viðstöddum, sem að þessu sinni voru börn úr 4. bekkjum í Reykjavík. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri setti hátíðina.

urðurýrr@frettabladid.is

Vegna heimsfaraldurs hefur lítið verið hægt að halda stóra viðburði síðastliðin tvö ár. Þá hafa aðstandendur Barnamenningarhátíðar þurft að vinna með breyttu sniði, líkt og aðrir í lista- og menningarsenunni.

Sextán hundruð börnum var boðið á opunarviðburð hátíðarinnar. Þema hátíðarinnar í ár er gleði. „Okkur fannst ekki veita af henni eftir síðastliðin ár,“ segir Harpa Rut Hilmarsdóttir verkefnastjóri.

JóiPé og Króli fluttu lag Barnamenningarhátíðar 2022, sem þeir sömdu með fjórðubekkingum í borginni. Lagið fjallar um hvað veitir börnunum gleði og byggir á svörum barna við spurningum um annars vegar hvað veitir þeim gleði og hins vegar hvernig þau gefa gleði út í heiminn.

### Danskennsla og söngur

Á viðburðinum fengu börnin að dansa og syngja með laginu og fengu til þess danskennslu frá Dansi Brynju Péturs og lærðu textann í skólunum. JóiPé og Króli spiluðu einnig hið sívinsæla BOBA við góðar undirtektir.

Fjöldi flytjenda skemmtilegra og fjölbreyttra atriða stigu á svið. Fíðluleikarinn Sigrún Eðvaldsdóttir flutti verkið Czardas ásamt Ástvaldi Traustasyni harmónikkuleikara, Dans Brynju Péturs sýndi hiphopp, akróbatar frá sirkuslistafélaginu Hringleik sýndu áhættuatríði og systkinin Ída og Emil í Katt-holti tóku lagið.

„Það er rosa gaman að halda svona risastóran viðburð aftur eftir tveggja ára hlé,“ segir Harpa. „Það er dásamlegt að geta boðið öllum þessum krökkum inn í þetta fallega



JóiPé og Króli skemmtu gestum.



Sirkuslistafólk tók sveiflu.



Dansarar frá Dansi Brynju Péturs.



Það er rosa gaman að halda svona risastóran viðburð aftur eftir tveggja ára hlé.

Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri

menningarhús og upp á svona flotta dagskrá.“

**Börnin eiga menningarsenuna**  
Viðburðinum var streymt á RÚV 2 í gærmorgun og hægt er að nálgast

upptöku af honum á vefsíðu RÚV. Út þessa viku má finna alls konar skemmtilega viðburði fyrir börn.

„Börnin eiga bara menningarsenuna í Reykjavík núna næstu viku,“ segir Harpa. Frítt er inn á alla viðburði hátíðarinnar sem stendur yfir fram á næstkomandi sunnudag.

Meðal annars verður UNGI – Sviðslistahátíð ASSITEJ haldin í tengslum við Barnamenningarhátíðina í ár og þar verður fjöldi frírra leiksýninga fyrir börn og unglina á öllum aldri. Sýningarnar verða haldnar í Tjarnarbíói, Norræna húsinu, á Dansverkstæðinu og í Borgarleikhúsinu.

### Fjölskyldujóga og krakkareif

Um helgina, 9. og 10. apríl, verður risaviðburður í Borgarbókasafninu í Úlfarsárdal sem fær nafnið Ævintýrahöllin. „Það er dagskrá alla helgina og frítt í allt,“ segir Harpa og

nefnir að þar verði fjölskyldujóga, smíðjur, upplestrar, krakkareif, krakkakarióki og sundlaugarball-ett, svo eitthvað sé nefnt.

Harpa bendir á að umhverfisvænast sé að taka strætóleið 18 beinustu leið í Ævintýrahöllina og skilja bílinn eftir heima. Hægt sé að mæta snemma og taka þátt í dagskrá allan daginn.

Um allan bæ má finna viðburði, tónleika og sýningar sem listafólk hefur skapað fyrir börn en einnig má sjá sýningar og verk eftir börnin sjálf. Til dæmis verður sýningin LÁN, Listrænt ákall til náttúrunnar, sett upp á sex stöðum í borginni. Í sýningunni verða verk sem börn hafa unnið í skólanum eftir að hafa lært um náttúruna og umhverfismál.

Dagskrána í heild sinni má nálgast á vefsíðu Barnamenningarhátíðar, barnamenningarhatid.is/dagskra. ■

## Aftur til Apaeyjunnar

arnartomas@frettabladid.is

Tölvuleikjaunnendur með sjórán að hliðarnámi gátu tekið gleði sína á ný þegar tilkynnt var um nýtt innslag í Monkey Island (isl. Apaeyjan) seríunni á dögum. Upprunalegur höfundur seríunnar verður við stjórnvölinn á framleiðslu leiksins sem er væntanlegur á árinu.

„Ég er mjög spennit yfir þessum fréttum,“ segir Steingerður Lóa Gunnarsdóttir, leikjahönnuður og hollvinur Apaeyjunnar. „Monkey Island 2 er enn þá einn af mínum uppáhaldsleikjum.“

Monkey Island-leikirnir eru flokkaðir sem svokallaðir bendismellir (e. point-and-click games) þar sem, líkt og nafnið gefur til kynna, leikmenn benda og smella á hluti í umhverfinu til að halda sögunni gangandi. Steingerður Lóa segir bendismelli, og þá Monkey Island sérstaklega, einkennast af góðu handriti og áhugaverðum ráðgátum.



„Það er mikill hómur í þeim en líka mikið af flóknum púslum sem leikmenn þurfa að takast á við. Það er ansi góð blanda,“ segir hún.

Sem dæmi um þetta skemmtilega samspil skops og spilunar má einmitt nefna hinar svokölluðu möðgunarskyldingar þar sem leikmenn þurftu að svara möðgunum andstæðingsins með hnyttum tilsvörum. Til dæmis ef einhver segir: „Öllum andstæðingum mínum kem ég fyrir kattarnef!“ þá væri réttast að svara: „Það kemur ekki á óvart, með þennan líkamsþef.“

Ron Gilbert, höfundur Monkey Island, átti síðast aðkomu að seri-

unni árið 1991 en hann seldi síðar réttinn að leikjunum framleiðandnum LucasArts og hefur verið rígur þar á milli síðan.

„Hann hefur verið að vinna að því lengi að fá réttinn aftur, sérstaklega eftir að LucasArts fóru á hausinn og voru keyptir af Disney,“ segir Steingerður Lóa. „Það sem er eiginlega best við þessar fréttir er að hann er ekki einungis búinn að fá réttinn að leikjunum aftur heldur sé nýr leikur á leiðinni.“

Þá segir Steingerður Lóa að með tilkynningunni hafi Gilbert staðið við loforð sem hann gaf fyrir mörgum árum. ■

Sirkuslistamenn sýna listir sínar á opunarhátíð Barnamenningarhátíðar í Hörpu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



## Landsþing FÍB verður haldið 6. maí 2022

Félag íslenskra bifreiðaeigenda boðar til landsþings föstudaginn 6. maí nk. Þingið verður haldið í Reykjavík (staðsetning kynnt síðar). Landsþing hefur æðsta vald í málefnum FÍB. Rétt til setu á landsþingi sem fulltrúi með atkvæðisrétt eiga allir fullgildir félagar í FÍB sem eru skuldlausir við félagssjóð og hafa verið félagsmenn í a.m.k. 6 mánuði fyrir boðað landsþing. Tilkynna skal þátttöku með a.m.k. 10 daga fyrirvara í samræmi við lög FÍB. Félagsmenn eru hvattir til að tilkynna landsþingsþátttöku sem fyrst eða í síðasta lagi 26. apríl 2022.

Á landsþingi verður farið yfir starf FÍB og reikninga félagssjóðs, einnig verður sérstök áhersla á að kynna 90 ára sögu félagsins og áfangasígru í baráttumálum FÍB.

Nánari upplýsingar og skráning á FIB.is eða með tölvupósti á fib@fib.is

Tilkynningin var ekkert apríl-gabb.

**REXTON**

# DULDIR HÆFILEIKAR AÐ HEYRA ÓSJÁLFRÁTT ÞAÐ MIKILVÆGASTA



Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.





SELTJARNARNESBÆR

## FRÁ YFIRKJÖRSTJÓRN SELTJARNARNESBÆJAR

### Framboðsfrestur

Föstudaginn 8. apríl 2022 kl. 12, rennur út frestur til að skila framboðslistum vegna bæjarstjórnarkosninga í Seltjarnarnesbæ, sem verða þann 14. maí 2022.

Yfirkjörstjórn mun taka við framboðslistum þann 8. apríl 2022 á bæjarstjórnarskrifstofu Seltjarnarnesbæjar, að Austurströnd 2, kl. 11.00-12.00.

Enginn má bjóða sig fram á nema einum lista.

### Hverjum framboðslista skal fylgja:

- ✓ Staðfesting á skráðu heiti og listabókstaf nýrra stjórnmalasamtaka.
- ✓ Yfirlýsing allra frambjóðenda um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann, undirrituð eigin hendi.
- ✓ Nöfn tveggja umboðsmanna.
- ✓ Meðmælendalisti – að lágmarki 40 og að hámarki 80 meðmælenda.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit við forsvarsaðila framboða að afhenda jafnframt meðmælendalista á tölvutæku formi sem excel skrá.

Varðandi nánari skilyrði og fyrirmæli um framboð til sveitarstjórnarkosninga er vísað til VII. kafla kosningalaga nr. 112/2021.

### Yfirkjörstjórn Seltjarnarnesbæjar



Friðgeir Einarsson fór sínar eigin leiðir við að rannsaka ráðgátuna um bókaþjófinn eins og hans er von og vísa.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

# Friðgeir reyndi að góma bókaþjófinn bíræfna

Handritagildran er nýtt hlaðvarp frá Storytel þar sem Friðgeir Einarsson rannsakar eitt dularfyllsta mál bókmenntaheimsins, ráðgátuna um bókaþjófinn bíræfna sem var handtekinn af FBI í byrjun árs.

tsh@frettabladid.is

Í janúar síðastliðnum handtók bandaríska alríkislögreglan 29 ára gamlan ítalskan mann að nafni Filippo Bernardini sem starfaði við réttindaskrifstofu breska forlagsins Simon & Schuster. Bernardini er grunaður um að hafa árum saman rekið umfangsmikla svikamyllu og stolið ótöluþingum handritum frá hundruðum rithöfundum og útgefendum um heim allan, þar á meðal á Íslandi.

Einn þeirra sem komst naumlega undan ránshefndi bókaþjófsins er rithöfundurinn Friðgeir Einarsson sem hyggst nú varpa ljósi á þessa lygilegu sögu með hlaðvarpinu Handritagildrunni sem hóf göngu sína á Storytel í gær.

„Þetta er svolítið mín eigin saga af því að reyna að kanna þetta. Þetta er sjálfsævisögulegt að einhverju leyti, svona eins og mínar rannsóknir eru oft,“ segir Friðgeir.

Áhugi Friðgeirs á málinu kviknaði þegar hann varð sjálfur fyrir barðinu á vélabroddum bókaþjófsins skömmu áður en hann sendi frá sér skáldsöguna Stórfiskur síðasta haust.

„Ég fékk póst frá Guðrúnu Vilmondardóttur hjá Benedikt, útgefandanum mínum, nokkrum dögum eftir að bókin mín Stórfiskur fór í prent. Við höfðum rekið smíðshöggjö á lokapróförk og sent hana frá okkur, að ég hélt. Í póstinum sagðist Guðrún hafa týnt skjölunum og það mig um að senda sér handritið. Þetta fannst mér mjög skrytið og hreinlega ekki boðleg vinnubrögð en ætlaði samt ekki að gera neitt vesen og bara senda henni skjalið. En þá rak ég augun í tölvupóstfangið og þar stóð Benedikt í stað Benedikt. Ef ég hefði verið að flýta mér þá hefði ég sennilega ekki tekið eftir þessu og þannig held ég að hafi farið með marga,“ segir Friðgeir.

### Sendi pósta á íslensku

Friðgeir hefur ekki getað staðfest að aðilinn sem sendi honum umræddan tölvupóst hafi í raun verið Filippo Bernardini en allt bendir



Hlaðvarpið Handritagildran er gefið út vikulega af hljóðbókaveitunni Storytel.

MYND/STORYTEL



## SUMARDEKK OG VIÐHALD BÍLSINS

Blaðið kemur út þriðjudaginn 12. apríl.  
Þetta blað er góð leið til að láta vita af vörum og þjónustu við bílinn.

Tryggðu þér auglýsingapláss  
í mest lesna dagblaði landsins.

### Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, sölu- og markaðsfulltrúi.  
Sími: 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Sagan er kannski sögð af nokkurri léttúð en ég reyni þó að halda mig að mestu við staðreyndir.

Friðgeir Einarsson

þó til þess að Bernardini sé bókaþjófurinn alræmdi. Að sögn Friðgeirs er áður nefnd aðferð; að villa á sér heimildir sem málsmetandi aðilar innan bókmenntaheimsins og falsa tölvupóstföng þeirra, eitt af vinsælustu herbrögðum bókaþjófsins.

„Þessi póstur var á nokkuð góðri íslensku og margir af póstinum sem ég hef séð eru bara á skikkalegri íslensku eða mjög nálægt því. Það koma stundum rangar fallbeygingar, eitthvað eins og „Ertu búinn með sögunni um jarðfræðinginn?“. Eitthvað sem maður getur alveg fyrirgefið fólki að gera. En svona eftir á að hyggja þá stenst það ekkert alltaf skoðun af því að þeir sem hér um ræðir, íslenska er náttúrliga atvinnutækið þeirra, eru rithöfundar og útgáfufólk.“

Hvernig forstu að því að rannsaka þetta dularfulla efni?

„Ég byrjaði á að tala við rithöfunda og fólk sem hafði fengið pósta, sumum hafði orðið á að senda frá sér skjöl, hlustaði á þeirra sögur og kenningar. Það var mjög skemmti-

legt og eitt það skrytnasta er að þeir sem hafa verið rændir skjölum hafa aldrei heyrt af þeim meir og það lítur ekki út fyrir að bókaþjófurinn hafi grætt neitt á þessari starfsemi, né heldur að neinn hafi beinlínis hlotið skaða af.“

### FBI setti strik í reikninginn

Friðgeir var byrjaður að leggja sínar eigin gildir fyrir bókaþjófinn og kominn vel á veg með rannsóknina þegar stórar vendingar urðu í málinu og Filippo Bernardini var handtekinn af FBI á JFK-alþjóðaflugvællinum í New York í janúar síðastliðnum.

„Það setti vissulega strik í reikninginn en það er alls konar spurningum enn ósvarað um hans starfsemi eins og hvernig hann var svona vel að sér í íslenskum bókmenntum og hvernig hann gat komist yfir þetta. Hann var með alla þessa starfsemi á Íslandi og í mörgum öðrum löndum ásamt því að vinna fulla vinnu á skrifstofu. Og af hverju, hvert var markmiðið?“

Friðgeir telur sig hafa náð að varpa ákveðnu ljósi á markmið og aðferðir bókaþjófsins með hlaðvarpinu. Málið er þó enn í rannsókn og Bernardini á að mæta fyrir dómara í New York á næstu dögum. Spurður um við hverju hlustendur megi búast segir Friðgeir:

„Sagan er kannski sögð af nokkurri léttúð en ég reyni þó að halda mig að mestu við staðreyndir og setja skáldskapinn að mestu leyti ofan í tösku í þetta skiptið. Þetta er náttúrliga algjörlega lygileg saga og það er það sem er svo heillandi við hana.“ ■

# Apríl tilboð

## Enjoy Classic

KYNNINGARVERÐ  
**124.900 kr.**

LISTAVERÐ  
**179.900 kr.**

Stóllinn kemur með  
örmum og höfuðpúða



## H1 rafmagnsborð

# 30% afsláttur

Rafmagnsfætur til í gráu og hvítu.  
Borðplötur í hvítu, svörtu, eik og beyki

VERÐ NÚ FRÁ

**61.900 kr.**

LISTAVERÐ ÁÐUR  
**89.500 kr.**

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37  
Sími: 564-5040  
[hirzlan@hirzlan.is](mailto:hirzlan@hirzlan.is)



RAMMASAMNINGUR VIÐ  
**RÍKISKAUP**

**Verzlun opin**  
mán-fim 09:00-18:00,  
föstudaga 09:00-17:00,  
laugardaga 12:00-16:00.

**Lager opin**  
mán-fim 13:00-17:00  
og föstudaga 13:00-16:00.

## Bakþankar



Önnu Sigrúnar  
Baldursdóttir

## Besti vinurinn

Það þekki það blessunarlega margir að eiga tryggan og traustan vin. Þetta er vinurinn sem alltaf er til staðar, lætur ekki önnur verkefni dagsins trufla þá fyrstu skyldu að vera til staðar fyrir þig, besta vin sinn. Það er sama hvað gengur á. Vinurinn góði birtist, hlý nærveran lýsir upp dimman daginn og óveðursskýin hörfa úr huga þér eftir samvistir við þennan einstaka vin. Besti vinurinn leggur allt í sólurnar fyrir þig og hugsar sig aldrei um.

Í huganum veistu að þú munt aldrei getað endurgoldið þessa vináttu að fullu. Væntumþykja þín er sannarlega mikil og elskan sömuleiðis. En það er eitt-hvað við skilyrðislausu blíðuna í augnaráði vinarins sem nánast ómögulegt er að endurgjalda. En besti vinurinn dæmir þig ekki fyrir það frekar en vitleysurnar og heimskupörin sem þú fremur. Besti vinurinn elskar allt, umber allt og fyrirgefur allt. Sérstaklega þér. Alltaf.

Þegar leiðarlokin nálgast horfir besti vinurinn djúpt í augun þín og biður þig að hjálpa sér. Hjálpa sér því nú eru hornfir þessir dagar sem þið spígsporðu kát um náttúruna, hlupuð saman kílómetrana tíu þúsund, lékuð ykkur í sjónum, knúsuð-ust á kvöldin. Besti vinurinn veit að það er komin kveðju-stund og það ert bara þú sem getur hjálpað síðasta spólinn yfir regnbogabrúna. Þú veist þetta allt líka. En ákvörðunin er of þung, þú frestar. Og frestar. Og besti vinurinn skilur það vel eins og allt annað, veit að þú þarft tíma – stingur hlýju, votu trýninu í hálsakot og fyrirgefur það líka. ■



pappír  
umhverfið  
prentun



LITRÓF

UMHVERFISVÆN  
PRENTUN

Vatnagördum 14 · 104 Reykjavík  
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Verslaðu á [66north.is](http://66north.is)  
Fylgdu okkur á Instagram [@66north](https://www.instagram.com/66north)